VIKTOR JÓHANNSSON FERMINGARBARN

*Trommur eða PSP í fermingargjöf*

Ferming allt

Í MIÐJU BLAÐSINS




FJÖLNIR ÞORGEIRSSON

*Með blússandi hestadellu frá barnæsku*

Opnar nýjan hestavef

FÓLK 38







OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!

FRÁ 199,-

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28

(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)

...GERÐU BESTU KAUPIN ▶ sena



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

21. mars 2006 — 79. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


# Björgunarmál rædd við norsk stjórnvöld

**Geir H. Haarde utanríkisráðherra ræddi nýja stöðu í varnarmálum við norska utanríkisráðherrann í gær, meðal annars um gagnkvæma hagsmuni í björgunarmálum. Hann ræðir stöðuna við franska utanríkisráðherrann í París í dag.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde utanríkisráðherra ræddi í gær við Jonas Gahr Störe, utanríkisráðherra Noregs, um þá stöðu sem komin er upp í vörnum Íslendinga eftir að Bandaríkjamenn kynntu þá ákvörðun sína í síðustu viku að hverfa að mestu leyti af landi brott með varnarliðið á Keflavíkurflugvelli.

„Ég setti norska utanríkisráðherrann inn í málið og við ræddum almennt um breytta stöðu. Ég veit að við eigum mikinn og góðan stuðning Norðmanna, að því er varðar hagsmuni okkar innan Atlantshafsbandalagsins. Við ræddum einnig tvíhliða hagsmuni okkar í þessum efnum. Ef á reynir gætu þeir meðal annars tengst björgunarmálum og sameiginlegum hagsmunum Noregs og Íslands í þeim efnum. Þetta er allt á byrjunarstigi en við áttum vinsamlegt og gott samtal um þessa nýju stöðu,“ segir Geir.

Norskir fjölmiðlar hafa talsvert fjallað um brotthvarf varnarliðsins frá Keflavík í haust. Í Aftenposten er ákvörðuninni lýst sem áfalli fyrir Íslendinga en þeir teldu sig bandamenn Bandaríkjanna, meðal annars í Íraksstríðinu, þótt sá stuðningur sætti einnig gagnrýni. Nú hafi Bandaríkjamenn sýnt þakklæti sitt með áðurgreindum hætti.

Geir segir að stefnt sé að áframhaldandi viðræðum við sendinefnd Bandaríkjamanna innan tíu daga.

„Ég átti fund með um 30 íslenskum starfsmönnum Varnarliðsins í gær áður en ég fór af landi brott. Þetta eru erfiðir tímar hjá þeim en menn ætla að takast á við þetta af fullri einurð.“

Geir hittir Philippe Douste-Blazy, utanríkisráðherra Frakklands, í París í dag. „Þetta er vinnufundur og við ræðum gagnkvæm hagsmunamál en einnig alþjóðamál. Þar mun ég gera honum grein fyrir þessari nýju stöðu í varnarmálum okkar,“ segir Geir H. Haarde utanríkisráðherra.

- jh / sjá síðu 4 og 6



NORDICPHOTOS/GETTY

**TASKA Í ÓSKILUM** Þessi taska er ein fjölmargra sem ekki rötuðu rétta leið.

Flugfarangur í óskilum:

## Þrjátíu milljón töskur týnast

**GENF, AP** Á síðasta ári rötuðu þrjátíu milljón ferðatöskur ekki rétta leið á áfangastað með farþegaflugi. Farþegarnir fundu þær ekki á áfangastað að flugi loknu.

Flestar þeirra komust þó á endanum í hendur réttra eigenda, en meira en 200 þúsund töskur fundust þó aldrei.

Frá þessu er skýrt í skýrslu frá SITA, fyrirtæki í Genf sem er í eigu alþjóðlegra flugfélaga.

Hinar týndu töskur eru þó ekki nema 1 prósent af þremur milljörðum farþegataskna sem á hverju ári eru fluttar með flugvélum. -gb

### Framsókn gæti dáið

Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi óttast um framtíð Framsóknarflokksins og hefur stofnað nýtt framsóknarfélag til að efla flokksstarfið.



TILVERAN 16

### Mýrin komin á fullt



Tökur á kvikmyndinni Mýrin hófust í gær en hennar er beðið með mikilli eftirvæntingu.

FÓLK 30

### Lýðheilsa og skógrækt

„Margt bendir til að útivist á grónum svæðum eða í óræktaðri náttúru hafi bein áhrif á lýðheilsu. Með öðrum orðum skiptir það máli fyrir andlega og líkamlega heilsu okkar að við höfum aðgang að gróðri og náttúru,“ segir Inga Rósa Þórðardóttir.

Í DAG 20

### Hörður slær í gegn

Keflvíkingurinn Hörður Sveinsson hefur slegið í gegn hjá danska félaginu Silkeborg. Herði er lýst sem skærustu stjörnunni í Danmörku um þessar mundir.




ÍÞRÓTTIR 34

### VEÐRIÐ Í DAG




**FROST UM ALLT** - Í dag verður yfirleitt norðaustan 8-13 m/s. Éljagangur á landinu norðan- og austan til, annars bjartviðri. Frost 3-10 stig í dag, mildast syðst. Talsvert næturfrost.

VEÐUR 4



**GUÐJÓN HJÖRLEIFSSON, KJARTAN ÓLAFSSON OG HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Guðjón og Kjartan, þingmenn kjördæmisins, tóku vel á móti forsætisráðherra í Stapanum í gærkvöldi. Um 350 manns voru á fundinum þar sem Halldór gerði íbúum grein fyrir stöðu mála.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fundur forsætisráðherra:

## Gæslan til Keflavíkur

**VARNARMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sagði það liggja í augum uppi að starfsemi Landhelgisgæslunnar yrði flutt til Keflavíkur, að minnsta kosti að hluta. Þetta kom fram á fundi í Stapanum í gærkvöld.

Búið er að ákveða að kaupa nýtt varðskip og flugvél en nú sagði Halldór að fyrir lægi að kaupa þyrlu og efla starfsemi gæslunnar verulega.

Hann sagði enn fremur að Flugstöð Leifs Eiríkssonar ehf. fengi mörg þeirra hlutverka sem Varnarliðið hefur farið með, þar á meðal rekstur flugbrauta. Einnig stendur til að lögregluembættið á Keflavíkurflugvelli verði eflt enda bíða þess mörg ný hlutverk.

Um 350 manns sátu fundinn í Stapanum í gærkvöld.

- jse / sjá síðu 6

Þjófur hafði á brott með sér peningaskáp íslenska sendiráðsins í Brussel:

# Innbrot í íslenskt sendiráð

**ÞJÓFNAÐUR** Peningaskáp var rænt úr sendiráði Íslands í Brussel í Belgíu fyrir skömmu, en í skápnum var meðal annars lítilræði af peningum og vegabréf.

Lögreglan í Brussel staðfesti við Fréttablaðið í gær að innbrot hefði verið framið í sendiráðinu, en neitaði að tjá sig um málið að öðru leyti, þar sem það væri trúnaðarmál. Útlit er fyrir að einhver sem þekkir til staðhátta hafi komist inn í sendiráðið, sem er á sjöundu hæð í skrifstofubyggingu, og haft lítinn peningaskáp á brott með sér.

Mikil öryggisgæsla er í kringum húsið en svo virðist sem ræninginn hafi þekkt til skipulags öryggismála og tókst honum að komast á brott með peningaskápinn, án teljandi vandræða.

Starfsmenn íslenska sendiráðsins í Brussel vildu ekki staðfesta við blaðamann að brotist hefði verið inn í sendiráðið. Sendiráðunautur sem þar starfar neitaði því og sagðist „örugglega hafa verið búinn að heyra af því ef rán hefði verið framið,“ eins og hann sagði orðrétt.

Eftir að lögreglan í Brussel hafði staðfest innbrotið, beindu starfsmenn sendiráðsins fyrirspurnum blaðamannsins til utanríkisráðuneytisins.

Ragnheiður Árnadóttir, aðstoðarmaður Geirs Haarde, staðfesti síðdegis í gær að brotist hefði verið inn í sendiráðið.

Hún vildi ekki upplýsa nákvæmlega hvaða gögn hefðu verið í skápnum en ljóst þykir að ekki voru í honum veruleg verðmæti. „Það voru vegabréf í skápnum, en það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir sem tryggja það að eigendur vegabréfanna lenda ekki í vandræðum vegna þjófnaðarins.“

Alþjóðalögreglan Interpol hefur þegar fengið númer bréfanna. - mh









## SPURNING DAGSINS

*Ellert, eru þetta ekki menn með mönnum í íþróttahreyfingunni?*

Jú, eru hommar ekki einmitt menn með mönnum?

Í erindi Kláru Bjartmarz á dögunum kom fram að staða samkynhneigðra og þá sérstaklega homma í íslensku íþróttalífi væri slök sökum fordóma í þeirra garð. Hvatti hún ÍSÍ til að taka á málinu en Ellert B. Schram er forseti þess.

Deilt um úrslit og framkvæmd kosninganna í Hvíta-Rússlandi:

# Refsiaðgerðir taldar líklegar

**HVÍTA-RÚSSLAND, AP** Fulltrúar ýmissa Evrópusambandsríkja lýstu því yfir í gær að líklegt væri að til einhverra refsiaðgerða yrði gripið vegna forsetakosninganna í Hvíta-Rússlandi á sunnudag. Jafnframt tilkynntu fulltrúar Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu, sem eftirlit hafði með kosningum, að framkvæmd kosninganna hefði ekki fullnægt viðurkenndum kröfum alþjóðasamfélagsins, og að kosningarnar hefðu hvorki verið frjálsar né óvilhallar.

Forseti landsins, Alexander Lúkasjenkó, sem stýrt hefur landinu í 12 ár og sem lýst hefur verið sem síðasta einræðisherra Evrópu, vann mikinn yfirburðasigur samkvæmt opinberum tölum og hlaut 82,6 prósent atkvæða á meðan helsti mótframbjóðandinn hlaut einungis sex prósent. Andstæðingar Lúkasjenkó hafa kallað eftir nýjum kosningum og hvetja til friðsamlegra götumótmæla.

Rússneska utanríkisráðuneytið lýsti hins vegar stuðningi sínum yfir við framkvæmd kosninganna. Lúkasjenkó fullyrðir að farið hefði verið eftir hvítrússneskum lögum, og sagði niðurstöðurnar standa. Jafnframt sagði hann byltingartilraunina gegn sér hafa mistekist. **- smk / sjá síðu 18**



**ALEXANDER LÚKASJENKÓ** Forseti Hvíta-Rússlands á fréttamannafundi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fíkniefnarassía í Hafnarfirði:

## Búið að sleppa öllum fimm

**LÖGREGLUMÁL** Fimm einstaklingar sem teknir voru í sex húsleitum lögreglu í Hafnarfirði og Kópavogi í síðustu viku hafa verið látnir lausir. Þeir höfðu verið úrskurðaðir í gæsluvarðhald til dagsins í gær. Ekki var talin ástæða til að hafa þá lengur í haldi.

Samtals voru 12 einstaklingar handteknir í aðgerðunum. Sjö þeirra var sleppt að yfirheyrslum loknum.

Lögreglan gerði upptæk fjögur grömm af kannabisefnum og tæpt hálft kíló af amfetamíni. Þá lagði hún hald á tvö skotvopn í húsleitunum. **-jss**

Jón Helgi kaupir í KB banka:

## Fjárfestir fyrir 1,1 milljarð

**VIÐSKIPTI** Eignarhaldsfélagið Norvest, sem er í eigu Jóns Helga Guðmundssonar í BYKO, hefur keypt hlutabréf í KB banka fyrir rúman 1,1 milljarð króna.



**JÓN HELGI GUÐMUNDSSON**

Eignarhlutur Norvest og fjárhagslegra tengdra aðila nemur um tveimur prósentum af hlutafé KB banka.

Brynja Halldórsdóttir, fjármálastjóri BYKO, er stjórnarmaður í bankanum. **- eþa**

Óhugnanlegur glæpur:

## Tekinn með höfuð í poka

**ÞÝSKALAND, AP** Fertugur Þjóðverji kom á bensínstöð í Hamborg aðfaranótt mánudags með höfuð eiginkonu sinnar í poka og bað starfsmann um að hringja á lögreglu, að sögn þýsku lögreglunnar.

Maðurinn var handtekinn og fundu lögreglumenn líkið í blóði sínu á heimili hjónanna. Þar voru jafnframt tveir ungar dætur þeirra, en samkvæmt fréttum breska ríkisútvarpsins höfðu þær hvorki séð líkið né orðið vitni að láti móður sinnar.

Að sögn lögreglu virtist maðurinn í mjög annarlegu ástandi þegar hann var handtekinn. Hann virtist þó hvorki vera undir áhrifum lyfja né áfengis. **- smk**

## BANDARÍKIN

**Réttarhöld halda áfram** Réttarhöldin yfir hryðjuverkamanninum Zacharias Moussaoui héldu áfram í Virginíu í Bandaríkjunum í gær eftir viku hlé, þar sem dómari málsins sættist á endanum, að hluta, á kröfur sækjenda um að mega draga fyrir dóminn vitni, sem fjalla um flugöryggismál.

# Tekinn með meira en þrjú kíló af hassi

**Rúmlega þrjú kíló af hassi og lítilræði af kókaíni fundust við hefðbundið eftirlit hjá lögreglunni á Seyðisfirði fyrir rúmum tveimur vikum. Fíkniefnahundur tollgæslunnar fann efnin í bifreið. Aðstöðuleysi hrjáir tollgæsluna á Seyðisfirði.**

**FÍKNIEFNAMÁL** Þrjú kíló af hassi og 45 grömm af kókaíni fundust við leit í bifreið pólsks karlmanns sem var að koma hingað til lands með ferjunni Norrænu, sjöunda mars síðastliðinn.

Fíkniefnahundur sem notaður er við tollgæslu á Seyðisfirði komst á snoðir um efnið í bifreiðinni. Í framhaldi af því var gerð ítarleg leit og fundust hólkar í bifreiðinni sem innihéldu fíkniefnin.

Lögreglan á Seyðisfirði hefur til þessa ekkert gefið upp um málið vegna rannsóknarhagsmuna, en rannsókn málsins er nú að mestu lokið.

Þetta er mesta magn fíkniefna sem tekið hefur verið á Austurlandi á þessu ári.

Pólverjinn, sem er á tuttugasta og fjórða aldursári, hefur neitað allri aðild að málinu en maðurinn ætlaði sér að stoppa hér á landi í vikutíma áður en hann héldi aftur til síns heima. Pólverjinn hefur áður komið hingað til lands en talið er líklegt að hann hafi verið í samstarfi við menn hér á landi, sem ætluðu fíkniefnin til sölu.

Jens Hilmarsson, rannsóknarlögreglumaður á Egilsstöðum, segir fíkniefnahund lögreglunnar hafa reynst vel í þessu tilfelli. Lögreglan hefur einn hund sér til aðstoðar við eftirlitið á Seyðisfirði. „Við erum með einn hund á svæðinu og hann hefur reynst okkur afar vel. Í þessu tilfelli skipti hann sköpum um það að efnin hafi fundist. Við unnum saman að rannsókn málsins með tollgæslunni og sú samvinna hraðaði rannsókn málsins.“



**AÐSTAÐA TOLLGÆSLUNNAR Á SEYÐISFIRÐI** Farþegar Norrænu ganga til lands um landganginn sem sést hægra megin á myndinni. Ekkert gegnumlýsingartæki er hjá tollgæslunni á Seyðisfirði og telur sýslumaðurinn á staðnum bráðnauðsynlegt að úr því verði bætt. FRÉTTABLAÐIÐ/ÁSTRÍÐUR

Ástríður Grímsdóttir, sýslumaður á Seyðisfirði og yfirmaður tollgæslunnar á staðnum, segir eftirlit á Seyðisfirði ganga vel en tekur þó fram að aðstöðuleysi sé viðvarandi hjá gæslunni og úr því verði að bæta. „Tollurinn býr við aðstöðuleysi. Við höfum reynt að sinna eftirlitinu eins vel og hægt er og það hefur gengið framar vonum. Plássleysi og tækjaskortur hrjáir gæsluna. Það er ekkert gegnumlýsingartæki á Seyðisfirði og það er bráðnauðsynlegt að hafa það tæki á staðnum. Við teljum að mikið magn fíkniefna geti komist inn í landið með Norrænu, meðal annars vegna þess að við höfum ekki nein tæki til þess að aðstoða okkur við eftirlitið.“

Pólverjinn verður í gæsluvarðhaldi til morguns en ekki er víst hvort óskað verði eftir lengra varðhaldi yfir honum.



**FÍKNIEFNIN SEM FUNDUST** Töluvert magn fíkniefna fannst eftir að fíkniefnahundur komst á snoðir um efnin í bíl pólsks manns. FRÉTTABLAÐIÐ/JENS

magnush@frettabladid.is



**Í HVÍTA HÚSINU** Framkvæmdastjóri NATO og forseti Bandaríkjanna hittust í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush hitti Scheffer:

## NATO lofar aðstoð í Súdan

**WASHINGTON, AP** Jaap De Hoop Scheffer, framkvæmdastjóri NATO, sagði á fundi með George W. Bush í gær að Atlantshafsbandalagið væri reiðubúið að senda sveitir til Súdans til þess að aðstoða sveitir Sameinuðu þjóðanna við friðargæslu.

Bandaríkin vilja að Sameinuðu þjóðirnar taki við af bandaríska hernum í Súdan og hefur Bush lagt áherslu á að NATO aðstoði Sameinuðu þjóðirnar þar.

Meira en 180 þúsund manns hafa farist í borgarastyrjöld í Darfurhéraði í Súdan og tvær milljónir manna eru þar á vergangi. **- gb**

Mótmæli í San Francisco:

## Pyntingum mótmælt

**SAN FRANCISCO, AP** Lögreglan í San Francisco handtók í gær sautján manns og dró nokkra aðra út úr eftirlíkingu af fangaklefa, sem settur hafði verið upp í miðbænum þar sem verið var að mótmæla athæfi Bandaríkjamanna í Guantanamo á Kúbu og í Abu Graib í Írak.

Mótmælin beindust gegn pyntingum, sem mótmælendurnir fullyrtu að Bandaríkjastjórn hefðu heimilað í fangelsi bandaríska hersins í Guantanamo á Kúbu og í Abu Graib í Írak. **- gb**




Varnarmálin rædd á fundi Félags stjórnmálafræðinga:

# Ekki unað við landvarnaleysi

**VARNARMÁL** Við brottför varnarliðsins verður Ísland eina NATO-ríkið án eiginlegra landvarna og við þá stöðu verður ekki unað, þrátt fyrir að friðvænlegt sé í okkar heimshluta eins og sakir standa. Þetta mat kom fram í máli framsögumanna á málfundi um varnarmál sem Félag stjórnmálafræðinga stóð fyrir í gær.

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra, Magnea Marínósdóttir alþjóðastjórnmálafræðingur og Jón Hákon Magnússon, formaður Samtaka um vestræna samvinnu, voru sammála um að landvarnahagsmunum Íslands væri eftir sem áður best borgið með aðildinni að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamstarfinu við Bandaríkin. Hins vegar sé ljóst að grannþjóðir okkar í Evrópu, sem einnig hafi beinna öryggishagsmuna að gæta á Norður-Atlantshafi, eigi eftir að koma í ríkari mæli að því að tryggja þá.

Jón Hákon sagði það persónulega skoðun sína að hin einhliða tilkynning um brotthvarf varnarliðsins væri dæmi um það hve litla virðingu ríkisstjórn Texasbúans George W. Bush bæri fyrir bandamönnum Bandaríkjanna í öðrum löndum. Magnea benti á að í alla þá áratugi sem varnarsamstarfið hafi verið í gildi hafi Bandaríkjamenn verið í þeirri stöðu að segja Íslendingum fyrir um hvaða viðbúnaðar væri þörf hér. Hún mælti með því að íslensk stjórnvöld fengju óháða hermálasérfræðinga til að gera úttekt á varnarþörfum Íslands og gera tillögur að viðbúnaði í samræmi við niðurstöður hennar. **- aa**



**STAÐAN METIN** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra meðal meðframsögumanna sinna á málfundinum í Öskju í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# VELGENGNI ER AÐ ÖÐLAST ÞAÐ SEM ÞÚ ÓSKAR ÞÉR




**Með fjárhaginn í góðum farvegi gefst ráðrúm til að njóta sín á öðrum sviðum og láta óskirnar rætast.**

**Þar er gott að eiga samstarf við banka eins og Glitni. Banka sem lítur á það sem hlutverk sitt að skapa viðskiptavinum sínum traustan fjárhag.**

**FJÁRHAGSLEG VELGENGNI ÞÍN ER OKKAR VERKEFNI**

*Íslandsbanki og 7 dótturfyrirtæki og starfsstöðvar heima og erlendis hafa sameinast undir einu nafni – Glitnir. Nýtt nafn og samræmd ásýnd mun auðvelda okkur að skapa fleiri tækifæri fyrir viðskiptavini okkar.*

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 20.3.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 69,31 | 69,65 |
| Sterlingspund | 121,77 | 122,37 |
| Evra | 84,41 | 84,89 |
| Dönsk króna | 11,31 | 11,376 |
| Norsk króna | 10,607 | 10,669 |
| Sænsk króna | 9,046 | 9,098 |
| Japanskt jen | 0,5969 | 0,6003 |
| SDR | 98,86 | 99,44 |

*Gengisvísitala krónunnar*

117,8671

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Össur sakar ráðherra um að hanna atburðarás um fréttaflutning af ákvörðun um brotthvarf hersins:

# Ekkert pukur með ákvörðunina

**STJÓRNMÁL** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra neitar því að hann og Geir H. Haarde utanríkisráðherra hafi pukrast á nokkurn hátt með að láta þjóðina vita um þá ákvörðun Bandaríkjamanna að hverfa af landi brott með herlið sitt og búnað á Keflavíkurflugvelli. Undir þetta tók Geir í samtali við Fréttablaðið í gær, en hann er staddur erlendis. Hann kvaðst hafa fengið boð um að samband yrði haft við sig síðastliðinn miðvikudag án þess að efni þess hefði verið fyrirfram ljóst.

Í svari við fyrirspurn Össurar Skarphéðinssonar, Samfylkingunni, kvaðst Halldór ekkert hafa vitað um málið fyrr en síðastliðinn miðvikudag þegar upphringing barst frá Bandaríkjunum og sendiherra Bandaríkjanna gekk á fund þeirra Geirs Haarde. „Við vorum ekki látin vita um þessa ákvörðun fyrr en þennan dag eins og háttvirtur þingmaður rakti hér,“ sagði Halldór.

„Það virðist sem um hannaða atburðarás sé að ræða vegna þess að hæstvirtur utanríkisráðherra, formaður Sjálfstæðisflokksins, treysti sér ekki til að koma heim með það sem niðurstöðu í samningum að herinn væri að fara. Og það var þess vegna sem hann var með í ráðum með það hvaða hætti þetta ætti að bera að íslensku þjóðinni,“ sagði Össur.

Ögmundur Jónasson, Vinstri grænum, spurði um þverpólitísk vettvang til aðgerða vegna brotthvarf hersins. Forsætisráðherra svaraði að það yrði viðhaft meðal annars innan utanríkismálanefndar enda teldist brotthvarf varnarliðsins meiriháttar utanríkismál. **- jh**



**GEIR H. HAARDE OG HALLDÓR ÁSGRÍMSSON** Segja ekkert hafa verið fast í hendi um niðurstöðu Bandaríkjamanna fyrr en síðastliðinn miðvikudag.

Skoðanakönnun í Bretlandi:

# Helmingur vill að Blair hætti

**LONDON, AP** Helmingur Breta vill að Tony Blair forsætisráðherra hætti innan eins árs, samkvæmt skoðanakönnun sem gerð var fyrir bresku útvarpsstöðina BBC. Samkvæmt könnuninni vilja 29 prósent að hann hætti strax, en 21 prósent að hann hætti innan árs. Þá vilja 23 prósent að hann hætti fyrir næstu kosningar, sem haldnar verða 2009 eða 2010, en einungis 21 prósent telur að hann eigi að bjóða sig fram í þeim kosningum.

Sjálfur hefur Blair sagt að hann ætli að sitja út kjörtímabilið, sem er hið þriðja sem hann situr í embætti forsætisráðherra, en bjóði sig ekki fram aftur eftir það. **-gb**



**TONY BLAIR**

## BRETLAND

**Brennuvargur handtekinn** Tæplega fertugur maður var handtekinn í Bretlandi í gær grunaður um að hafa komið af stað bruna sem geisaði á heiði við suðurströnd landsins. Um það bil 100 manns þurftu að yfirgefa heimili sín meðan slökkvistarf stóð yfir.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Tekinn á ofsahraða** Lögreglan á Húsavík stöðvaði ökumann um tvítugt á ofsahraða aðfaranótt laugardags. Mældist hraði bílsins um 180 kílómetrar á klukkustund þar sem hámarkshraði er 90. Ökumaður var allsgáður en eitthvað að flýta sér heim á leið. Hann var sviptur ökuréttindum á staðnum og bíður hans talsverð sekt.

## LEIÐRÉTTING

Í gær var ranglega farið með upphaf tímatals Bahá'ía sem að sjálfsögðu hófst með komu Bábsins. Beðist er velvirðingar á því.



**VERÐANDI FORSÆTISRÁÐHERRA** Ismail Haniyeh hefur kynnt ráðherralista ríkisstjórnar sinnar. Á bak við hann eru myndir af Mahmoud Abbas, forseta Palestínu, og Jasser Arafat. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Nýja stjórnin kynnt

**Verðandi efnahagsráðherra nýrrar ríkisstjórnar Palestínumanna segir Ísraelsmenn ekkert þurfa að óttast. Ísraelsmenn segjast ætla að breyta landamærum sínum verulega á næstu árum.**

**PALESTÍNA, AP** Evrópusambandið afhenti Sameinuðu þjóðunum í gær ávísun upp á 64 milljónir evra. Peningarnir eiga að renna beint í hjálparstarf fyrir nauðstadda Palestínumenn á Gazaströnd og Vesturbakkanum, en ávísuninni fylgdi sú viðvörun að framtíðaraðstoð frá Evrópusambandinu verði algerlega undir því komin að ný ríkisstjórn Palestínumanna lýsi yfir ótvíræðum friðarvilja.

Fjárveitingin barst daginn eftir að Ismail Haniyeh, verðandi forsætisráðherra, kynnti nýja ríkisstjórn sína. Ein kona og einn kristinn Palestínumaður eiga sæti í ríkisstjórninni, sem skipuð er 24 ráðherrum. Mahmoud Zahar, leiðtogi Hamashreyfingarinnar, verður utanríkisráðherra og Saíd Siam, leiðtogi Hamas á Gazasvæðinu, verður innanríkisráðherra.

Þótt stjórnarmyndunarviðræður hafi byrjað fljótlega eftir að Hamas vann stórsigur í þingkosningum 25. janúar tókst Hamas ekki að fá neinn annan flokk á þinginu til þess að taka þátt í stjórninni. Haldi Hamas fast í harðlínuafstöðu sína gegn Ísrael má búast við því að fjárhagsaðstoð frá Vesturlöndum, sem Palestínumenn þurfa nauðsynlega á að halda, leggist að verulegu leyti af.

Omar Abdel Razek, verðandi fjármálaráðherra í nýju stjórninni, sagði þó í gær að Ísraelsmenn þyrftu vart að óttast nýju stjórnina. Helsta verkefni hennar verði að berjast gegn spillingu meðal Palestínumanna sjálfra og finna leiðir til að starfa með bæði vestrænum ríkjum og Ísraelsríki.

„Þegar þeir átta sig á því hvað Hamas er að gera, þá held ég að þeir skipti um skoðun,“ segir hann um Ísraelsmenn. „Þeir ættu að gefa þessari stjórn tækifæri til að sýna fram á að við erum ekki hingað komnir til þess að lýsa yfir stríði. Við ætlum okkur að hjálpa og þjóna þjóð okkar eins og við best getum.“

Í gær sagðist Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, sannfærður um að landamæri Ísraels muni breytast verulega á næstu árum. Hann nefndi engin áþreifanleg dæmi, en sagði þó að Ísrael myndi halda þremur stærstu landnemabyggðum sínum.

„Það er almenn sátt um þessa þrjá staði, og það endurspeglar vissulega mína skoðun og félaga minna,“ sagði Olmert.

gudsteinn@frettabladid.is

Úrbætur í stað skattalækkana:

# Aldraðir í neyð

**ALDRAÐIR** Kristinn H. Gunnarsson, Framsóknarflokki, spyr fjármálaráðherra hvort hann vilji beita sér fyrir því að einu prósentustigi af fyrirhugaðri tekjuskattslækkun um næstu áramót verði varið til þess að kosta úrbætur við hjúkrun aldraðra. Kristinn segir að um 1.300 manns þarfnist úrbóta, þar af sé þörfin brýn hjá 350 manns. Kostnaður geti numið um þremur milljörðum árlega en hvert tekjuskattprósentustig gefi 5-6 milljarða króna.

Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir nefnd að störfum og telur rangt af sér að tilkynna hverju hann vilji beita sér fyrir að svo komnu máli. **- jh**



**LAUGAVEGUR 4-6** Húsin eru bæði frá 19. öld og og ber að varðveita vegna byggingarsögulegs gildis samkvæmt F-lista í borgarstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Borgarstjórnarflokkur F-listans:

# Menningarslys í uppsiglingu

**HÚSAVERND** Borgarstjórnarflokkur F-listans vill varðveita götumynd húsaraðarinnar 2-6 við Laugaveg. Í því skyni skora þeir á borgaryfirvöld að kaupa húseignirnar 4-6 svo forða megi þeim frá niðurrifi og endurreisa í upphaflegri mynd. Þetta kemur fram í tillögu Ólafs F. Magnússonar sem lögð verður fram á borgarstjórnarfundi í dag.

Áætlað er að reisa fjögurra hæða steinsteypt hús á reitnum en í tilkynningunni segir að háir steinkumbaldar muni eyðileggja götumyndina og varpa skugga og ljótleika á umhverfið. **- shá**


**Svandís**
**UM ALLA BORG**

Svandís Svavarsdóttir skipar 1. sæti á lista Vinstri - grænna í borgarstjórnarkosningunum í Reykjavík í vor. Hún hittir borgarbúa á fundum í öllum hverfum borgarinnar á næstu dögum

**Kjalarnes**
**21. mars - þriðjudagur**
**20:15** Fólkvangur



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**HÖRKUFROST** Nú geisa vetrarhörkur hjá okkur. Norðangarri með hörkufrosti til landsins og á næturnar. Auk þess er nokkur vindur í þessu sem gerir íllt verra. Því er rétt að minna á að vindkæling er talsverð og hlýr klæðnaður því mikilvægari sem aldrei fyrr!!

**HVENÆR HLÝNAR?** Hitinn mjakast upp á við og upp fyrir núllið er dregur að helginni. En hægt gerist það!!

**HÖFUÐBORGIN Í DAG** Fremur stíf norðaustanátt. Bjartviðri. Frost 3-6 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



8-13 m/s norðvestan til og allra austast, annars hægari.

*» fimmtudagur*



8-13 m/s norðaustan til, annars hægari.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C skýjað | París | 13°C léttskýjað | Alicante | 22°C hálfskýjað |
| Osló | -2°C hálfskýjað | Berlín | 5°C léttskýjað | Mílano | 8°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 0°C léttskýjað | Frankfurt | 6°C skýjað | New York | 5°C skúrir/slydda |
| Helsinki | 1°C léttskýjað | Madríd | 13°C rigning | San Francisco | 16°C léttskýjað |
| London | 7°C skýjað | Barcelona | 16°C hálfskýjað | Orlando/Flórída | 28°C léttskýjað |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.


„Þessir
aumingjar
fylgdust
með okkur
daglega.“
Þú getur búið við betra öryggi heima hjá þér með Heimavörn.
Hafðu samband við öryggisráðgjafa Securitas í síma
580 7000. Við metum þörfina í samráði við þig og gerum
þér tilboð í Heimavörn frá 4.900 krónum á mánuði sem er
beintengd stjórnstöð Securitas á Neyðarlínunni 112.
SECURITAS
HEIMAVÖRN
GOTT FÓLK McCANN



## KJÖRKASSINN

*Fylgistu með Formúlu 1 kappakstrinum?*

| | |
|---|---|
| Já | 39% |
| Nei | 61% |

SPURNING DAGSINS Í DAG

*Á að reisa álver á Suðurnesjum?*

vísir

Ekkert lát á átökum stríðandi fylkinga í Írak:

# Sprengingar á innrásarafmæli

**ÍRAK, AP** Uppreisnarmenn minntust þriggja ára afmælis innrásarinnar í Írak með sprengingum hér og hvar í landinu í gær. Að minnsta kosti sjö lögreglumenn biðu bana í slíkum sprengingum. Tíu lík af fólki sem uppreisnarmenn skutu, þar á meðal 13 ára stúlka, fundust í Bagdad í gær.

Þetta eru nýjustu fórnarlömbin í blóðugum átökum milli stríðandi fylkinga súnní- og sjía-múslima í höfuðborginni.

Allt að 700 manns hafa fallið í valinn í átökum milli trúarhópa frá því að hryðjuverkamenn sprengdu einn mesta helgidóm sjía-múslima í borginni Samarra þann 22. febrúar, en ódæðið hrinti af stað hrinu hefndarárása.

Ibrahim al-Jaafari, bráðabirgðaforsætisráðherra Íraks, sagði í grein í Washington Post í gær að forgangsverkefni ríkisstjórnarinnar væru að vinna bug á hryðjuverkastarfsemi og að koma hjólum efnahagslífsins í gang.

Þremur mánuðum eftir að þingkosningar fóru fram í landinu hefur enn ekki tekist að mynda fyrstu varanlegu ríkisstjórnina eftir innrásina. Leiðtogar helstu fylkinga hafa þó sammælst um að koma á fót þjóðaröryggisráði sem á að reyna að samhæfa aðgerðir gegn ööldinni. **- aa**



**SÓPAR GÓLF Í HÖLLINNI** Þessi bandaríski hermaður var í gær önnum kafinn við hreingerningar í einni af höllum Saddams Hussein í Bagdad, þar sem herlögreglan hefur nú höfuðstöðvar sínar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ásakanir um kosningasvindl:

# Allt of margir heita Gonzalez

**VENESÚELA, AP** Andstæðingar Hugo Chavez, forseta í Venesúela, telja það býsna grunsamlegt að í einu héraði landsins heiti 1.921 maður Gonzalez og allir hafi þeir orðið 32 ára þann 15. mars síðastliðinn. Þótt Gonzalez sé vinsælt nafn í Venesúela þá þykir þetta með ólíkindum.

Forsetakosningar verða í desember og þessar upplýsingar komu í ljós þegar skoðaðar voru kjörskrár í landinu.

Kjörstjórnin, sem er óháð en hefur þó sætt ásökunum um að draga taum stjórnvalda, segir þarna ekkert óeðlilegt á ferðinni, þótt vissulega sé þetta undarleg tilviljun. **- gb**


# Er búið að ræna víkingunum?

Ferðamálaþing Hafnarfjarðar haldið í Fjörukránni, Strandgötu 50 þriðjudaginn 21. mars 2006

**Fundarstjóri: Símon Jón Jóhannsson formaður Menningar- og ferðamálanefndar**

**Dagskrá:**

**14.00 Setning og undirritun samnings Hafnarfjarðarbæjar og Víkingahringsins**

**14.15 Ávarp Lúðvíks Geirssonar, bæjarstjóra**

**14.30 Fjöldi ferðamanna til Hafnarfjarðar á árunum 1998, 2001 og 2005.** Rögnvaldur Guðmundsson, ferðamálafræðingur fer yfir niðurstöður úr nýrri könnun á fjölda ferðamanna til Hafnarfjarðar sumarið 2005 og ber saman við fyrri kannanir frá árunum 1998 og 2001. Einnig gerir hann grein fyrir ferðamannafjölda til Hafnarfjarðar veturinn 2004-2005.

**14.45 Er búið að ræna víkingunum?** Haukur Halldórsson, forsvarsmaður Víkingahringsins í Straumi: Um víkinga í Hafnarfirði og uppbygginguna í Straumi. Hugmyndin um Víkinga- og þjóðsögugarð Hafnarfjarðar reifuð.

**15.10 Kaffiveitingar**

**15.35 Pallborðsumræður: Hvað gerir Hafnarfjörð að ferðamannabæ?** Bergur Ólafsson, Hörður Þorsteinsson, Sigurbjörg Karlsdóttir, Jóhannes Viðar Bjarnason, Einar Bollason, Haukur Halldórsson og Rögnvaldur Guðmundsson

**16:20 Hvatningarverðlaun ferðaþjónustunnar.** Hvatningarverðlaun ferðaþjónustunnar veitt í ellefta skiptið. Verðlaunin hafa áður hlotið; Fjörukráin, Súfistinn, Íshestar, Hraunbúar, Hafnarfjarðarleikhúsið, Húni II, Byggðasafnið, Golfklúbburinn Keilir, Jólaþorpið og Hópbílar.

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is


# Reiðarslag fyrir alla

**Íslendingar, sem vinna hjá Varnarliðinu, eru óttaslegnir, kvíðnir og áhyggjufullir yfir framtíðinni þó að flestir beri sig vel og tali um líf eftir þetta líf. . Á annað hundrað manns sóttu fund með bæjarstjóra Reykjanesbæjar síðdegis í gær.**

**VARNARLIÐIÐ** Íslenskir starfsmenn Varnarliðsins búa við óvissu og hafa þungar áhyggjur af þróun atvinnumála á Keflavíkurflugvelli. Sérstaklega er ástandið slæmt hjá tugum manna, sem eru komnir yfir sextugt. Sumir ætla á eftirlaun. Aðrir leita sér að vinnu þrátt fyrir að fá ár séu eftir í eftirlaun.

Ágúst Ísfjörð, svæðisstjóri fyrir Teit Jónasson, stýrir skólaakstri og starfsmannaakstri á vegum Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Hjá honum starfa níu karlar og þrjár konur, öll íbúar á Suðurnesjum. „Þetta er reiðarslag fyrir alla. Það eru allir mjög óttaslegnir, sérstaklega fólk sem er komið á efri ár, það er hrætt um að fá ekki vinnu," segir hann.

Ágúst er hissa á því hversu fáir hafi mætt á borgarafund Árna Sigfússonar, sem haldinn var í íþróttahúsinu við Sunnubraut síðdegis í gær, og telur að doði og deyfð sé í fólki. Árni Sigfússon kynnti á fundinum tillögur til atvinnusköpunar í bænum og taldi að störfum myndi fjölga um vel á annað hundrað ef þær yrðu að veruleika.

Hjónin Gunnar Jóhannesson, verkstjóri á trésmíðaverkstæði, og Helga Eiríksdóttir, starfsmaður í mötuneyti barnaskólans, eru að verða 66 og 65 ára gömul og missa að öllum líkindum bæði vinnuna þegar bandaríski herinn yfirgefur Keflavík.

Gunnar hefur unnið hjá Varnarliðinu í 18 ár og Helga í sex ár. Þau eru bæði slegin yfir því að vera að missa vinnuna. Gunnar segir að níu af þrettán starfsmönnum á trésmíðaverkstæðinu séu fæddir 1939-1941 og þeir hafi allir ætlað að ljúka sinni starfsævi hjá hernum.

„Það er líf eftir þetta líf. Það vantar iðnaðarmenn alls staðar en maður veit ekki hvernig það verður. Stjórnmálamenn gera ekki neitt fyrir aðra en sjálfa sig. Að vissu leyti eru þeir að nýta sér ástandið núna en ég hef trú á því að þeir fari nú að snúa bökum saman án þess að blanda pólitík í það," segir Gunnar.

Gunnar Guðbjörnsson hefur starfað við verklegar framkvæmdir hjá hernum í tæp 40 ár. Hann segir að fólki líði almennt ekki vel og telur að það sé ekki búið að átta sig enn þá.

Gunnar spyr hvort herinn fari alveg og hvað verði þá gert við mannvirkin. Það kosti mikið að viðhalda þeim og það kosti líka mikið að slétta þær við jörðu. Hann telur vænlegast að fá háskólastofnun inn á þetta svæði til að geta nýtt mannvirkin til fulls. **ghs@frettabladid.is**



**BORGARAFUNDUR Í ÍÞRÓTTAHÚSINU** Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, kynnti tillögur til atvinnusköpunar á borgarafundi í Íþróttahúsinu við Sunnubraut. Um 150 manns mættu á fundinn og hlýddu á tillögur bæjarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GUNNAR GUÐBJÖRNSSON** Sumir starfsmannanna hjá hernum hafa starfað þar í áratugi, Gunnar Guðbjörnsson í 40 ár í haust. Hann segir að fólki líði almennt ekki vel núna.



**GUNNAR JÓHANNESSON** Hjónin Gunnar Jóhannesson og Helga Eiríksdóttir vinna bæði hjá Bandaríkjaher og eiga von á því að missa vinnuna. „Það er líf eftir þetta líf," segir Gunnar.



**ÁGÚST ÍSFJÖRÐ** „Það eru allir mjög óttaslegnir, sérstaklega fólk sem er komið á efri ár, það er hrætt um að fá ekki vinnu," segir Ágúst Ísfjörð, svæðisstjóri hjá Teiti Jónassyni.

Halldór Ásgrímsson ræddi varnarmál á fundi í Stapanum í gærkvöld:

# Bush forseti vill nútímavæða varnir Íslands

**VARNARMÁL** George W. Bush Bandaríkjaforseti hefur í hyggju að nútímavæða varnir Íslands og ítrekar að stjórn hans hyggist standa við varnarsáttmálann. Þetta kom fram á fundi sem Bandaríkjaforseti átti með Jaap de Hoop Schaeffer, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, í gær.

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra greindi frá þessu á fundi með íbúum á Suðurnesjum í gærkvöld. Blaðamannafulltrúi Atlantshafsbandalagsins sagði einnig í samtali við Fréttablaðið að Hoop Schaeffer hefði ítrekað að Atlantshafsbandalagið gæti einnig lagt sitt af mörkum við varnir Íslands.

Halldór sagði á fundinum með Suðurnesjamönnum að nú yrði að bíða og sjá hvaða tillögur Bandaríkjastjórn kæmi með. Hann lýsti yfir vonbrigðum með það að hún skyldi ákveða brotthvarf Varnarliðsins á sama tíma og íslensk stjórnvöld áttu von á tillögum þeirra um það hvað gæti komið í stað núverandi varna. Hann sagði jafnframt að til greina kæmi að segja varnarsamningnum upp ef þær tillögur yrðu ekki álitlegar fyrir Íslendinga.

Von er á Hoop Schaeffer hingað til lands fyrir haustið til að fara yfir þessi mál en fram kom í máli Halldórs að framkvæmdastjórinn hefði verið sannfærður um það að þær varnir sem nú eru í Keflavík væru nauðsynlegar. **- jse**

# Allt
## í einu korti

e² Vildarkort – Nýtt VISA kreditkort sem sameinar alla kosti Vildarkorts Icelandair og e-kortsins.

- Vildarpunktar og endurgreiðsla – allt í sömu færslunni
- Viðbótarvildarpunktar hjá yfir 100 samstarfsaðilum
- Viðbótarendurgreiðsla hjá yfir 200 samstarfsaðilum ásamt veglegum sértilboðum

**Sæktu um e² Vildarkortið á www.e2.is**



ENDURGREIÐSLA VILDARPUNKTAR




spron

SPRON / Sími: 550 1400 / thjonusta@e2.is / www.e2.is

e² Vildarkort



## VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvað heitir skíðasvæði Akureyringa?*

2 *Hvar stendur til að reisa álver á Suðurnesjum?*

3 *Með hvaða liði leikur knattspyrnumaðurinn Grétar Rafn Steinsson?*

SVÖR Á BLS. 38

Sýslumaður og bæjaryfirvöld á Seyðisfirði í deilum um leyfisveitingar:

# Vínið innsiglað í fangaklefa

**LÖGREGLUMÁL** Vínbirgðir veitingahússins Kaffi Láru á Seyðisfirði voru gerðar upptækar fyrir helgi þrátt fyrir að veitingahúsið hefði bráðabirgðaleyfi frá bæjarráði. Sýslumaður ákvað að taka ekki leyfið gilt. Vínið var flutt í fangageymslur lögreglunnar á staðnum og klefinn innsiglaður.

Ástríður Grímsdóttir, sýslumaður Norður-Múlasýslu, segir að í stuttu máli sé um lögleysu að ræða. Bæjaryfirvöld gefi út leyfi sem ýmist gilda í nokkra daga eða vikur og slíkt sé ekki leyfilegt. Hún segist hafa gert veitingamanninum og bæjaryfirvöldum grein fyrir því að það sé ólöglegt að reka veitingahús með leyfum sem gefin eru út eftir hentugleika en bæjarstjórinn hafi ekki viljað hlusta á þau rök. Hún segir jafnframt að það bitni á veitingamanninum að bærinn skuli ekki veita leyfi samkvæmt reglum.

Tryggvi Harðarson, bæjarstjóri á Seyðisfirði, segir sýslumann fara offari með því að neita að taka leyfi bæjaryfirvalda gild. „Við erum að endurskoða hér lögreglusamþykkt og meðan við erum að klára það höfum við veitt leyfi til skemmri tíma.“ Eyþór Þórisson, veitingamaður á Kaffi Láru, segir það öruggt að hann muni kæra atvikið og lögmaður hans sé að undirbúa málið fyrir hans hönd.

**- shá**



**FRÁ SEYÐISFIRÐI** Sýslumaður Norður-Múlasýslu gerði áfengi upptækt þrátt fyrir að leyfi frá bæjarstjórn hefði verið til staðar. Veitingamaðurinn ætlar að kæra.
FRÉTTABLAÐIÐ/SMK

Kolmunnaveiðarnar:

# Mestu landað fyrir austan

**SJÁVARÚTVEGUR** Það sem af er árinu hefur tæplega 50 þúsund tonnum af kolmunna verið landað í íslenskum höfnum. Þar af er meirihluti aflans, eða tæplega 29 þúsund tonn, frá erlendum skipum. Fiskifréttir sögðu frá.

Mestu magni hefur verið landað á Fáskrúðsfirði en erlend skip hafa streymt þangað með kolmunnann upp á síðkastið. Loðnuvinnslan á Fáskrúðsfirði hefur tekið á móti 17.100 tonnum, Síldarvinnslan í Neskaupstað 8.600 tonnum, Eskja á Eskifirði 7.400 tonnum og 6.700 tonnum hefur verið landað á Akranesi.

**- shá**


Að tilhlutan Ferðaklúbbs HEIMSKRINGLU

NÁMSSKEIÐ



INGÓLFS GUÐBRANDSSONAR

Ferðafrömuðar, víðförlasta manns Íslandssögunnar um ferðaval og fegurstu staði heimsins:

**GRAND HÓTEL REYKJAVIK.** lau. 25 mars og 1. apr. Kl. 15 – 17.30.
**ÓKEYPIS** fyrir þátttakendur í **HNATTREISUNNI** 2. – 30. okt. 2006

Námsskeiðið öllum opið meðan pláss leyfir gegn greiðslu lágmarks þátttökugjalds.

**SKRÁNING: HEIMSKRINGLA s. 893 3400**


## FRAKKLAND

### Sakaðir um að hjálpa Téténum

Í Frakklandi hófust í gær réttarhöld yfir 27 manns, sem sakaðir eru um að hafa veitt téténskum uppreisnarmönnum aðstoð og að hafa skipulagt hryðjuverk í París. Fólkið var handtekið árið 2002, en það á yfir höfði sér allt að tíu ára fangelsi.

## RÚSSLAND

**Myrti liðþjálfa sinn** Rússneskur hermaður, Ruslan Bulatov að nafni, myrti á sunnudag liðþjálfa sinn í bænum Tryokhgorny við Úralfjöll og flúði frá herdeild sinni, en var fljótlega handtekinn.

## KÝPUR

### Forn líkkista með skreytingum

Fornleifafræðingar skýrðu frá því í gær að fundist hefði á eyjunni Kýpur forn líkkista með litskreyttum myndum þar sem sýndir eru atburðir úr kviðum Hómers. Talið er að kistan sé 2.500 ára gömul.



**NEMENDUR Í VÍGAHUG** Margir framhaldsskólar í Frakklandi eru ýmist lokaðir eða á valdi nemenda, sem mótmæla nýrri vinnulöggjöf frönsku stjórnarinnar. Þessir nemendur hafa hertekið skóla sinn í borginni Marseille við Miðjarðarhafsströnd Frakklands. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Úrslitafrestur rennur út

**Verkalýðsfélög í Frakklandi boða allsherjar verkfall hætti ríkisstjórnin ekki við umdeildar breytingar á vinnulöggjöfinni.**

**PARÍS, AP** Dominique de Villepin, forsætisráðherra Frakklands, virtist ekki ætla að gefa í neinu eftir í deilum sínum við verkalýðsfélög og stúdenta. Verkalýðsfélög settu honum frest þangað til í gærkvöld og hafa nú boðað allsherjar verkfall þann 28. mars ef hann hættir ekki við breytingar á vinnulöggjöf, sem sætt hafa mikilli gagnrýni.

Löggjöfinni, sem var samþykkt á þingi í þessum mánuði, er ætlað að draga úr atvinnuleysi meðal ungs fólks með því að gera fyrirtækjum auðveldara að ráða og reka starfsfólk. Þeir sem gagnrýna frumvarpið, einkum stúdentar og verkalýðsfélög, óttast hins vegar að lögin grafi mjög undan atvinnuöryggi.

Jacques Chirac forseti og franskir viðskiptaleiðtogar styðja de Villepin heils hugar í þessum deilum. Chirac viðurkennir reyndar að „spurningar og áhyggjur“ vegna laganna eigi fullan rétt á sér, en segir samt nauðsynlegt að bregðast með einhverjum hætti við miklu atvinnuleysi ungs fólks í Frakklandi og hvetur til viðræðna milli stjórnarinnar og andstæðinga hennar í þessu máli.

Deilurnar virðast ætla að vega þungt í aðdraganda kosninganna, sem haldnar verða í Frakklandi á næsta ári. Kosið verður bæði til þings og forseta. Samkvæmt skoðanakönnunum hefur dregið mjög úr vinsældum de Villepins forsætisráðherra, en andstæðingar hans í Sósíalistaflokknum hafa heitið því að nema hin umdeildu vinnulög úr gildi komist þeir til valda á ný.

Fjölmennir mótmælafundir hafa verið haldnir víða í Frakklandi gegn lögunum umdeildu. Á laugardaginn er talið að hálf til ein og hálf milljón manna hafi tekið þátt í mótmælaaðgerðum, sem í París snerust upp í ofbeldi og átök milli ungmenna og lögreglu. Lögreglan sagði á sunnudag að 52 manns hefðu særst, þar af átján mótmælendur. Alls voru 167 manns handteknir.

Órói ríkir áfram víða í landinu. Í gær köstuðu um 300 stúdentar grjóti og kveiktu í ruslatunnum við framhaldsskóla í sunnanverðri Parísarborg.

Sextán háskólar eru nú þegar komnir í verkfall út af lögunum og kennsla í tugum annarra háskóla hefur verið trufluð með mótmælaaðgerðum.

**gudsteinn@frettabladid.is**


# Elliðaárvogur og nágrenni

## Rammaskipulag - fundarboð



**Skipulagsráð og Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur boða til almenns fundar þar sem kynnt verður staða vinnunnar og leiðarljós í áframhaldandi vinnu.**

**Rammaskipulagssvæðið afmarkast af Sæbraut, Kleppsmýrarvegi, strönd og fyrirhuguðum landfyllingum, Gullinbrú og Vesturlandsvegi.**

**Auk formanns skipulagsráðs Dags B. Eggertssonar, og embættismanna munu skipulagsráðgjafar mæta á fundinn og kynna verkefnið.**

**Hagsmunaðilar á svæðinu eru hvattir til að mæta og kynna sér verkefnið og ræða það.**

**Fundurinn verður haldinn í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur þriðjudaginn 21.mars kl 17:00.**

**Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur • Borgartún 3 • 105 Reykjavík • Sími 411 3000**


Vélsleðaslys á Langjökli um helgina:

# Kona meiddist á baki

**SLYS** Þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út síðdegis á laugardag vegna vélsleðaslyss á Langjökli. Kona á fimmtugsaldri var farþegi á vélsleða þegar högg kom á sleðann og fékk konan hnykk í bakið. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni í Borgarnesi voru áverkarnir minni háttar en eðli þeirra þannig að ferðalag í bíl í slæmu skyggni hefði verið erfitt.

Þyrlan var því kölluð út klukkan 17.08 og var komin í loftið hálftíma síðar. Var konan komin til Reykjavíkur á slysadeild laust fyrir klukkan átta.

**- sgi**



**ÞYRLA SÆKIR SLASAÐA** Kona með bakáverka var flutt af Langjökli á slysadeild.



Ljósmynd tekin skammt fyrir utan Kirkuk í Írak.

HHS er grunnnám til BA gráðu sem fléttar saman heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Markmið námsins er að nemendur útskrifist með góðan skilning á alþjóðakerfinu, stjórnsýslu, hagfræði og vænan skammt af gagnrýninni hugsun.

Námið er góður undirbúningur fyrir störf í fjölmiðlum, við stjórnsýslu, ráðgjöf og við stjórnun fyrirtækja, heima og erlendis.

Frekari upplýsingar:
**www.bifrost.is** 311 Borgarnes | Sími 433 3000

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN
BIFRÖST

**Stjórnenda- og leiðtogaskóli í 88 ár**



**HVÍLDARSTUND** Hann er tígulegur, þessi aldraði Afgani sem ljósmyndari festi á filmu í gær, þar sem hann hvíldi lúin bein eftir að hafa sett upp sölubúð sína fyrir vorhátíðina sem haldin er þar í landi í dag. Jafnframt er fyrsti dagur nýs árs í Afganistan í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Félagsmenn Eflingar hjá Orkuveitunni samningslausir mánuðum saman:

# Starfsmenn krefjast aðgerða

**KJARAMÁL** Félagsmenn í verkalýðsfélaginu Eflingu sem vinna hjá Orkuveitu Reykjavíkur hafa verið samningslausir síðan í október. Í ályktun starfsmannafundar sem haldinn var 15. mars síðastliðinn segir að þrátt fyrir að liðnir séu þrír mánuðir síðan gengið var frá kjarasamningi við önnur fyrirtæki sem tengjast Orkuveitunni beint eða óbeint þá hafi „engar alvöru viðræður“ átt sér stað um þeirra mál. Fundurinn lýsti fullri ábyrgð á sambandsleysinu á hendur Orkuveitunni.

Sigurður Bessason, formaður Eflingar, segist ekki vita hvar samninganefnd Orkuveitunnar sé stödd í málinu. Enginn almennilegur fundur hafi verið haldinn til að fara efnislega í samninginn. Hann vonast til að málið skýrist á næsta fundi sem verður á fimmtudag.

Skúli Waldorff, starfsmannastjóri Orkuveitunnar, segir að samningaferlið sé í gangi og menn hittist annað slagið. Hann telur að samningaviðræðurnar séu í eðlilegum farvegi. Í viðtali við Fréttablaðið nýlega sagði Skúli „að tvo þurfi til þess að ná samningum“ en vildi aðspurður ekki skýra þau ummæli sín frekar.

Óskar Björgvinsson, trúnaðarmaður starfsmanna, segir að hann hafi enga trú á því að til verkfalla komi og samið verði innan tíðar.



**FRÁ STARFSMANNAFUNDI** Félagsmenn Eflingar hjá Orkuveitu Reykjavíkur eru mjög óánægðir með hversu lítið miðast í viðræðum um nýjan samning. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Faðir allra Túrkmena:

# Heitir lesendum himnavist

**TÚRKMENISTAN, AP** Saparmurat Niyazov, forseti Túrkmenistans sem lætur landsmenn sína kalla sig „Föður allra Túrkmena“, hefur sagt æskulýð þjóðarinnar að hverjum þeim opnist bein leið til himna sem lesi bók hans, Rukhmana.

„Manneskja sem les Rukhmana verður vís ... og fer síðan beint til himna,“ sagði Niyazov í ræðu á vorhátíðartónleikum í Ashgabat. „Ég hef beðið Allah um að manneskja sem les Rukhmana þrisvar, heima, við sólarlag og sólarupprás, fari beint til himna.“ Bókin, sem inniheldur ljóð og spakmæli forsetans, er skyldulesning í skólum landsins. ■

# Fjöldi barna alvarlega sjúkur

**Eitt barn er látið og tólf eru alvarlega veik vegna E.coli sýkingar í Noregi. Fimm þeirra hafa hlotið varanlegar nýrnaskemmdir. Sóttvarnalæknir segir þessar sýkingar óalgengar hér en bakterían finnst í náttúrunni.**

**NOREGUR** Þrettán börn í Noregi hafa veikst alvarlega af völdum E.coli bakteríu og fjögurra ára drengur lést af þeim völdum nýlega. Hin börnin tólf eru misveik en fimm hafa nú þegar hlotið varanlegar nýrnaskemmdir. Nýrnaveiki þessi er fylgikvilli E.coli smits og leggst nær eingöngu á börn.

Haraldur Briem, sóttvarnalæknir hjá Landlæknisembættinu, segir að svona sýkingar hafi komið upp hér á Íslandi endrum og eins og vitað sé að þessi baktería sé í náttúrunni hér á Íslandi. Hann segir að stór mál hafi komið upp til dæmis í Bandaríkjunum en hér sé hættan ekki mikil. „Þetta snýst allt um hreinlæti og að vatnsöryggi sé gott.“

Sýkingin í Noregi er rakin til unninnar kjötvöru frá stærsta kjötvinnslufyrirtæki Noregs. Fyrirtækið, Gilde, er með um 45 prósenta markaðshlutdeild á norska kjötmarkaðnum og er sameignarfélag bænda. Norska matvælaeftirlitið hefur engu að síður innkallað kjötvörur allra norskra kjötframleiðenda sem framleidd voru frá 1. janúar að telja og til 24. febrúar. Þessi ákvörðun matvælaeftirlitsins olli miklum deilum og Rolf Aass, yfirmaður matvælasviðs Félags norskra kjötframleiðenda, segir í viðtali við Aftenposten að vel komi til greina að kæra yfirvöld og krefjast skaðabóta. Hann segir að tilskipunin valdi miklum skaða hjá einstökum fyrirtækjum og jafnvel gjaldþroti þeirra í framhaldinu.

Svona alvarlegt tilfelli E.coli smits hefur ekki komið upp í Noregi áður. „Fólk hér í Noregi er mjög órólegt sem kemur best fram í vikulegum fyrirspurnartímum á vegum yfirvalda. Hundruðir fyrirspurna berast og þá aðallega frá barnafólki, óléttum konum og þeim sem þekkja til ættingja með einkenni og óttast smit. Það er óvissan sem er svo mikil og fólk er að spyrja um hvort kjötvara frá Svíþjóð sé öruggari og hvernig skuli matreiða kjötvöru,“ segir Björgólfur Hávarðsson fiskeldisfræðingur sem býr í Björgvin ásamt eiginkonu sinni og tveim ungum dætrum.

Umræðan um E.coli smit og fuglaflensu hefur haft mikil áhrif á kjötneyslu og söluaukning á fiskmeti er talin 20-25 prósent í Suður-Noregi. **svavar@frettabladid.is**



**BÖRN AÐ LEIK** Nýrnabilun er fylgikvilli E.coli sýkingar og leggst aðallega á ung börn. Eitt barn er látið úr sýkingunni í Noregi og fimm önnur hafa hlotið varanlegan nýrnaskaða. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Veitingastaðir í Helsinki:

# Selja matinn undir borðið

**FINNLAND** Þriggja ára samstarfsrannsóknir finnskra yfirvalda sýna að neðanjarðarstarfsemi er algeng á veitingastöðum í Finnlandi, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, og neðanjarðarhagkerfið þar er útbreitt.

Í finnska dagblaðinu Helsingin Sanomat kemur fram að alvanalegt virðist að selja mat og drykk undir borðið, gefa falskar kvittanir og nota ólöglegan vinnukraft svo að eitthvað sé nefnt. **- ghs**

Myglusveppir hættulegir:

# Valda ofnæmi

**HEILSA** Myglusveppir sem sprottið geta upp innanhúss geta verið hættulegir heilsu manna og valdið ofnæmi, ertingu eða eitrunum.

Myndast þeir helst þar sem raki er viðvarandi og er fúkkalykt einn fylgifiskur þeirra. Ber fólki að bregðast hart við og fjarlægja sveppina hið fyrsta og reyna að þurrka viðkomandi hluta hússins. **aöe**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Fíkniefni á Litla-Hrauni** Gestur á Litla-Hrauni reyndi að smygla um áttatíu grömmum af hassi og nokkrum grömmum af amfetamíni inn í fangelsið á laugardag. Fíkniefnaleitarhundur varð var við lyktina og í framhaldi af því var leitað á viðkomandi. Málið telst upplýst.








**FRÁ UNDIRRITUN SAMNINGSINS** Hannes Smárason og Þröstur Ólafsson við undirritun samkomulags í Þjóðmenningarhúsinu í gær.

FL Group styrkir Sinfóníuhljómsveit Íslands:

# Sveitin fær tíu milljónir á fjórum árum

**FJÁRSTYRKUR** FL Group mun styrkja Sinfóníuhljómsveit Íslands um tíu milljónir á ári næstu fjögur árin. Samkomulag þess efnis var undirritað á blaðamannafundi í Þjóðmenningarhúsinu í gær. Hannes Smárason, forstjóri FL Group, segir að fyrirtækið hafi markað sér þá stefnu að styðja verkefni á sviði mannúðar og menningar. Það sé stefna fyrirtækisins að gefa til baka þegar vel gangi og því sé verið að gera samning við Sinfóníuna, sem sé einn af helstu merkisberum íslenskrar menningar.

„Þetta er gleðiefni og við óskum allri þjóðinni til hamingju. Þetta er þjóðarhljómsveit og því er þetta gjöf til allrar þjóðarinnar“, sagði Sváfnir Sigurðarson, kynningarfulltrúi Sinfóníuhljómsveitarinnar, í samtali við Fréttablaðið. Hann sagði að peningunum yrði varið í að efla fræðslustarf Sinfóníunnar.

„Fyrir skömmu var ákveðið að auka fræðslustarf Sinfóníuhljómsveitarinnar þó nokkuð. Það hefur hins vegar strandað á því að þeir fjármunir sem við höfum úr að spila hafa ekki hrokkið til. Nú er það mögulegt“. **- sbb**



**FARFUGLATÍÐ** Helsingjar fljúga í hóp framhjá Westerhever-vita við strönd Þýskalands í gær, á vorjafndægri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þingsályktun Ágústs Ólafs Ágústssonar alþingismanns:

# Líffæragjöf í ökuskírteinum

**ALÞINGI** Lögð hefur verið fram á Alþingi þingsályktun um að upplýsingar um vilja til líffæragjafa komi fram í ökuskírteinum einstaklinga. Fyrsti flutningsmaðurinn er Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar.

Ágúst Ólafur bendir á að á Íslandi séu líffæragjafir fátíðari en annars staðar á Norðurlöndunum. Hér á landi fari helmingi fleiri einstaklingar árlega á biðlista eftir líffærum en þeir sem fái líffæri.

Fram til ársins 1991 gátu Íslendingar einungis þegið líffæri frá öðrum þjóðum en ekki lagt þau til sjálfir samkvæmt lögum.



**ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON** Vill yfirlýsingu um vilja til líffæragjafar í ökuskírteini.

„Því er nauðsynlegt að upplýsingar um vilja til líffæragjafa verði sem aðgengilegastar. Vandfundin er betri leið en að notast við upplýsingar á ökuskírteini viðkomandi og er það til dæmis gert í Bandaríkjunum. Skráning þessara upplýsinga á ökuskírteinum er einnig heppileg þar sem það eru oft látnir ökumenn sem koma til greina sem líffæragjafar,“ segir í greinargerð með þingsályktuninni.

„Með því að áskilja slíka skráningu á ökuskírteini þarf fólk að ákveða hvort það kærir sig um að gefa líffæri. Hér á landi hafna ættingjar líffæragjöf ættmenna sinna í um 40 prósentum tilvika en á Spáni er þetta hlutfall helmingi lægra.“ - jss

Lánshæfi Kaupþings banka:

# Moody's staðfestir mat sitt

**VIÐSKIPTI** Alþjóðlega matsfyrirtækið Moody's Investors Service birti uppfært álit fyrirtækisins á lánshæfi Kaupþings banka.

Fyrir helgi staðfesti fyrirtækið lánshæfiseinkunnir Kaupþings banka, en þær eru líkt og áður A1 til langs tíma og P-1 til skamms tíma. Moody's segir horfur stöðugar í lánshæfismatinu. Bankinn er sagður hafa góða eignastjórn og getu til að auka fjárfestingarbankastarfsemi, um leið og hann haldi styrkri áhættustýringu.

Kaupþing banki hefur haldið sömu einkunn á lánshæfi, bæði til lengri og skemmri tíma, síðan í nóvember 2004. - óká


VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




HREINN SPARNAÐUR

Ef þú kaupir Miele þvottavél færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum þínum

Allt að 30% afsláttur

Á Miele þvottavélum

1 **Miele þvottavélar** eru með nýrri tromlu með vaxkökumynstri sem fer betur með þvottinn. *Einkaleyfi Miele.*

2 **Miele þvottavélar** eru byggðar á stálgrind og eru með ytri þvottabelg úr ryðfríu stáli ólíkt flestum öðrum þvottavélum.

3 **Miele þvottavélar** endast lengur en aðrar þvottavélar.

Miele

Íslenskt stjórnborð




vilborga@centrum.is

Neytendastofnanir prófa þvottavélar í 3.800 klst.
Samkeppninsaðilar 1 prófa sínar vélar í 4.500 klst.
Samkeppnisaðilar 2 prófa sínar vélar í 6.000 klst.
**Miele prófar sínar þvottavélar í 10.000 klst.**



MIELE ÞVOTTAVÉL- *fjárfesting sem borgar sig*

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W405 *1200sn/mín/5 kg.* | kr. 138.428 | **kr. 96.900** |
| Þvottavél W3241 *1400sn/mín/6 kg.* | kr. 160.056 | **kr. 128.045** |
| Þvottavél W3245 *1600sn/mín/6 kg.* | kr. 182.196 | **kr. 145.757** |
| Þurrkari T223 *útblástur/5 kg.* | kr. 106.800 | **kr. 74.760** |
| Þurrkari T233C *rakaþéttir/5 kg.* | kr. 124.000 | **kr. 86.800** |

*Í upphafi skal endirinn skoða - Miele borgar sig*

EIRVÍK

*– hágæðaheimilistæki*

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is




**ÓNÝTT HÚS** Hvirfilbylurinn Larry reif þök af húsum er hann reið yfir austurhluta Ástralíu aðfaranótt mánudags. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kröftugur hvirfilbylur reið yfir Ástralíu:

# Tjónið metið á milljarða króna

**ÁSTRALÍA, AP** Mikil mildi þykir að enginn hafi farist og að eingöngu 30 manns slösuðust lítillega þegar hvirfilbylurinn Larry reið yfir norðausturströnd Ástralíu aðfaranótt mánudagsins. Hvirfilbylurinn var einn sá magnaðasti sem riðið hefur yfir landið áratugum saman, en vindhviðurnar náðu allt að 290 kílómetra hraða á klukkustund. Þök fuku af steinhúsum, timburhús flísuðust í sundur og hvorki tré né bananar voru eftir á bananaplantekrum.

Talið er að kosta muni milljarða króna að gera við skemmdirnar.

„Það er engu líkara en að kjarnorkusprengja hafi sprungið hér,“ sagði Neil Clarke, bæjarstjóri Innisfail sem varð einna verst úti.

Óvíst var síðdegis í gær hversu margir höfðu misst heimili sín, en líklegt var að þúsundir manna væru heimilislausir eftir hvirfilbylinn. Þó var fólk vel undirbúið undir storminn vegna góðs almannavarnakerfis, að sögn yfirmanns almannavarna í Queensland. - smk

Fjarðalistinn í Fjarðabyggð:

# Nýtt fólk skipar efstu sæti listans

**KOSNINGAR** Norðfirðingurinn Guðmundur R. Gíslason skipar efsta sæti Fjarðalistans í Fjarðabyggð vegna sveitarstjórnarkosninganna í vor. Smári Geirsson, sem leitt hefur listann í tvennum undangengnum kosningum, er í fjórða sæti en hann gaf ekki kost á sér í oddvitasætið. Þær Sigrún Birna Björnsdóttir, kennari, Reyðarfirði og Díana Mjöll Sveinsdóttir, sölustjóri á Eskifirði skipa annað og þriðja sæti listans. Þau Ásbjörn Guðjónsson og Guðný Björg Hauksdóttir, núverandi bæjarfulltrúar Fjarðalistans og Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri eru síðan í þremur síðustu sætum listans.



**SMÁRI GEIRSSON** Oddviti Fjarðalistans frá stofnun skipar nú fjórða sæti listans.

Fjarðalistinn fékk fjóra af níu bæjarfulltrúum í Fjarðabyggð í síðustu kosningum og er listinn í meirihluta með Framsóknarflokknum. - kk

Sjávarútvegsráðherra:

## Heimsækir Humberside

**SJÁVARÚTVEGUR** Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra fer í tveggja daga heimsókn til Bretlands í dag þar sem hann kynnir sér starfsemi íslenskra fyrirtækja, fiskmarkaði og hittir kaupendur íslenskra sjávarafurða. Hann á einnig fund við borgarstjórana í Grimsby og Hull.

Bretland er langstærsti einstaki markaður íslenskra sjávarafurða segir í tilkynningu frá ráðuneytinu og að Grimsby og Hull hafi löngum skipað veigamikinn sess í útflutningsviðskiptum Íslendinga. Umsvif íslenskra fyrirtækja fara þar vaxandi. **- shá**

Aðstandendur sýninganna Matur 2006 og Ferðatorg 2006 sameina krafta sína:

# Búist við tugum þúsunda gesta

**SÝNING** Aðstandendur sýninganna Matur 2006 og Ferðatorg 2006 hafa ákveðið að sameina krafta sína og halda sameiginlega sýningu í Fífunni og Smáranum í Kópavogi dagana 30. mars til 2. apríl. Yfirskrift sýningarinnar verður Sælkeraferð um Ísland. Er búist við að meira en þrjátíu þúsund gestir sæki sýninguna.

Vel á þriðja hundrað fyrirtækja taka með einum eða öðrum hætti þátt í matarsýningunni, sem verður í Fífunni, en á henni verður sérstök áhersla lögð á hollustufæði. Á sýningunni að þessu sinni ber hæst álfukeppni í matreiðslu þar sem mæta til leiks keppendur frá Ástralíu, Brasilíu, Eistlandi, Rúmeníu og Suður-Afríku. Einnig verður keppt í uppvaski og mun sú keppni fara fram í hnefaleikahring í Fífunni.

Í Smáranum, sem er sambyggður Fífunni, verður ferðasýningin haldin. Á henni kynna öll ferðamálasamtök landshlutanna átta sinn landshluta og þá ferðaþjónustu sem þar er boðið upp á. Fjölmörg fyrirtæki og þjónustuaðilar taka einnig þátt í sýningunni.

Fyrstu tvo dagana, 30. og 31. mars, verða sýningarnar aðeins opnar fagaðilum. Laugardaginn 1. apríl og sunnudaginn 2. apríl verða sýningarnar opnar almenningi. **- th**



**MATUR 2006, FERÐATORG 2006** Á þriðja hundrað fyrirtækja taka þátt í sýningunum.

Finnar og formennskan í ESB:

## Vilja halda leiðtogafund

**FINNLAND** Ríkisstjórn Finnlands kannar nú möguleikann á því að halda óformlegan leiðtogafund ESB í október, að sögn finnska dagblaðsins Hufvudstadsbladet. Til athugunar eru öryggismál á flugvöllum, vinnurými fyrir túlka sem og mögulegir fundarstaðir.

Hufvudstadsbladet hefur eftir Matti Vanhanen forsætisráðherra að sá fyrri af tveimur leiðtogafundum á ESB-formennskumissseri Finna, síðari helming þessa árs, gæti átt sér stað í Finnlandi í staðinn fyrir Brussel. Hugmyndin kviknaði eftir leiðtogafundinn í Hampton Court í Bretlandi í haust. **- ghs**

Framkvæmdastjóri ASÍ:

## Grafalvarlegt atvinnuástand

**VARNARLIÐSMÁL** Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, segir að með brottflutningi hersins í haust sé verið að kippa fótunum undan heilu samfélagi sem hafi mótast af því að þjónusta Bandaríkjaher. Verkalýðshreyfingin bíður eftir nánari upplýsingum, meðal annars um það með hvaða hætti hermálayfirvöld hyggjast mæta þessu.



**GYLFI ARNBJÖRNSSON**

„Við lítum þetta auðvitað grafalvarlegum augum. Þarna er verið að kippa stoðunum undan þessu samfélagi og það er ekki hægt að gera eins og það sé verið að segja upp fimm eða tíu starfsmönnum. Stjórnvöld og Bandaríkjastjórn bera talsvert mikil ábyrgð á því hvað gerist þarna í framhaldinu,“ segir hann. **- ghs**

Brot á olíulögum:

## Þrír með litaða olíu á tanknum

**LÖGREGLUMÁL** Þrjár bifreiðar reyndust hafa litaða olíu í tönkum við sérstakt eftirlit lögreglu og Vegagerðar á dögunum en slíka olíu er ólöglegt að dæla á önnur tæki en vinnuvélar.

Teknar voru stikkprufur á 118 bifreiðum alls og fannst lituð olía í þremur bifreiðum, þar af tveimur á Akranesi í eigu verktaka þar á bæ. Könnun á 27 leigubílum leiddi í ljós að enginn þeirra var brotlegur. **- aöe**



**HERSKIP** Hermenn þessa herskips Bandaríkjahers handtóku menn grunaða um sjórán við strendur Sómalíu á laugarag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sómalskir varaliðar:

## Segjast ekki hafa hleypt fyrst af

**SÓMALÍA, AP** Sómalskir varaliðar sem lentu í skotbardaga við tvö bandarísk herskip á laugardag segjast ekki hafa hleypt fyrsta skotinu af í bardaganum, líkt og talsmenn bandaríska hersins hafa sagt. Enn fremur segjast mennirnir hafa verið í eftirlitsferð á alþjóðlegu hafsvæði undan ströndum Sómalíu í leit að bátum á ólöglegum veiðum.

Í átökunum fórst einn Sómali og fimm særðust, en bandarísku hermennirnir handtóku alla tólf eftirlifandi áhafnarmeðlimi.

Enginn sjóher eða landhelgisgæsla er starfandi í Sómalíu. **- smk**


www.toyota.is




**Prius** – Framtíðin hefst í dag

Prius sameinast frábæra aksturseiginleika og umhverfisvernd. Samspil rafmagns- og bensínvélar gerir að verkum að útblástur sem bifreiðin gefur frá sér er í lágmarki án þess að nokkuð sé slegið af kröfum um gæði og akstursæfni. Þetta setur Prius í fyrsta sæti á meðal allra sem hafa sterka meðvitund um umhverfisvernd. Í þeim flokki eru margar af frægustu stjörnum Hollywood, Cameron Diaz, Leonardo Di Caprio, John Travolta og fleiri. Við bjóðum hann hins vegar á þannig verði að þú þarft ekki að vera nein stjarna til að eignast, aka og njóta Prius.

Verð **2.440.000 kr.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480 8000



**VOR Í EVRÓPU** Það léttist brúnin og klæðnaðurinn á Mið-Evrópubúum í gær, er vorsólin skein og vermdi meðal annars leggi þessarar konu á útikaffihúsi í fjármálahverfinu í Frankfurt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningaúrslit borgar- og þingkosninga í El Salvador:

# Fyrsta borgarstýran kjörin

**EL SALVADOR** Violeta Menjivar var kosin borgarstýra í San Salvador höfuðborg El Salvador í borgar- og þingkosningum fyrr í mánuðinum. Verður hún fyrsta konan til að gegna þessu embætti.

Afar mjótt var á munum og lágu endanleg úrslit ekki fyrir fyrr en undir lok síðustu viku. Flokkur hennar, vinstriflokkurinn FMLN, náði 32 þingsætum af 84, en hægriflokkurinn ARENA 34. Hin þingsætin skiptast til þriggja annarra flokka.

„Eitt mikilvægasta verkefnið sem bíður nýs borgarstjóra er að tryggja öryggi borgarbúa,“ segir hún í samtali við Fréttablaðið. „Þar vil ég nefna þrjár leiðir til úrbóta. Í fyrsta lagi þarf að fá ungmennin til að taka frekari þátt í samfélaginu. Þau þurfa að fá tækifæri til menntunar, atvinnuþátttöku, tómstunda og menningarstarfsemi.

Í öðru lagi verður að styrkja lögregluna með því að tryggja lögreglumönnum mannsæmandi laun, tækifæri til viðbótarmenntunar og auka fjárveitingar til rannsóknardeildarinnar. Í þriðja lagi verður að styrkja dómskerfið og þá fyrst með því að stemma stigu við spillingunni sem þar þrífst.“ - jse



**VIOLETA MENJÍVAR** Menjívar verður fyrsta konan til að gegna embætti borgarstjóra í San Salvador, en afar mjótt var á mununum.

Fuglaflensuáhugi:

# Vinsæl vefsíða hjá landlækni

**FUGLAFLENSA** Upplýsingar um fuglaflensu á vef Landlæknisembættisins hafa orðið til þess að fjölga notendum vefsins svo um munar. Frá áramótum hefur heimsóknum á vefinn fjölgað mjög og má lesa úr mælingum að fjölgunin stafar að stærstum hluta af heimsóknum þeirra sem eru að leita sér upplýsinga um fuglaflensu.

Fjöldi notenda hefur frá áramótum mælst að meðaltali rúmlega 2.000 notendur á viku. Árið 2005 voru vikulegir notendur rúmlega 1.400 að meðaltali og 2004 voru þeir um 1.240. Hæst komst þessi tala í ríflega 2.500 notendur vikuna 12.-19. febrúar 2006. - jss

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Hraðakstur og ölvun** Sjö voru teknir fyrir of hraðan akstur í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudags. Sá sem fastast steig á bensíngjöfina var á 112 kílómetra hraða á Hafnarfjarðarvegi þar sem hámarkshraði er 80 kílómetrar. Þá voru tveir teknir fyrir ölvunarakstur inni í bænum, annar á Hvammabraut og hinn í Lækjargötu.

**Tveir réttindalausir** Tveir sextán ára drengir voru stöðvaðir undir stýri við venjulegt eftirlit lögreglunnar á Akureyri aðfaranótt sunnudags. Voru þeir vitaskuld réttindalausir en atvikin eru með öllu óskyld. Annar piltanna var á bíl foreldra sinna en hinn fór á rúntinn á bifreið kunningja síns. Verða þeir báðir að öllum líkindum sektaðir fyrir uppátækið.

## DÓMSMÁL

**Ríkið tapaði máli** Íslenska ríkinu hefur verið gert að greiða útgerðinni Hólmsteini Helgasyni ehf. frá Kópaskeri 485 þúsund krónur með dráttarvöxtum og 220 þúsund krónur í málskostnað. Ríkið hafði skuldajafnað ógreidd skipagjöld af báti sem útgerðin hafði nýlega keypt á hana en fyrri eigendur urðu gjaldþrota.

Unnið að stofnun orkuháskóla á Akureyri:

# Líklega einstakur á heimsvísu

**NÁM** Háskólinn á Akureyri og einkahlutafélagið Þekkingarvörður stefna á að kennsla í nýjum einkareknum orkuháskóla hefjist á Akureyri haustið 2007. Unnið hefur verið að stofnun skólans undanfarin tvö ár en gert er ráð fyrir að rekstur hans verði fjármagnaður með skólagjöldum. Þorri nemendanna mun koma frá Mið- og Austur-Evrópu en líklega einnig frá Bandaríkjunum.

Þorleifur Stefán Björnsson, forstöðumaður rannsókna- og alþjóðasviðs Háskólans á Akureyri, segir að nemendur orkuháskólans muni leggja stund á meistara- og doktorsnám í fræðum sem tengjast endurnýtanlegri orku. Kennarar verða bæði innlendir og erlendir en nemendafjöldinn verður á bilinu 50 til 100.

„Það er mikil þekking til á Íslandi á nýtingu jarðvarma og vatnsfalla en við munum leita eftir erlendum sérfræðingum varðandi kennslu sem tengist til dæmis vind- og sólarorku og virkjun sjávarfalla. Við höfum leitað að sambærilegum háskólum en ekki fundið og því verður þessi skóli líklega einstakur á heimsvísu,“ segir Þorleifur. - kk



**HÁSKÓLINN Á AKUREYRI** Gert er ráð fyrir að hluti námsins fari fram í húsnæði Háskólans á Akureyri en skólinn þarf líklega einnig að leigja húsnæði á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Íranskur blaðamaður:

# Laus eftir sex ára fangavist

**ÍRAN, AP** Einum umdeildasta blaðamanni Írans, Akbar Ganji, var sleppt úr írönsku fangelsi á föstudag eftir sex ára vist, en hann var dæmdur fyrir greinaskrif þar sem hann sagði klerkastjórnina bera ábyrgð á morðum á fimm andófsmönnum.



**AKBAR GANJI** FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ganji, sem vegur aðeins 49 kíló eftir fangavistina, tók glaðbeittur á móti vinum og ættingjum á heimili sínu í Teheran um helgina og tilkynnti gestum sínum að fangavistin hefði í engu breytt skoðunum hans og að hann myndi áfram upplýsa fólk um harðræði klerkastjórnarinnar. - smk


Salatbarinn er 10 ára í dag!

Aðeins í dag: 10 ára gamalt verð
**kr. 690 og allt innifalið.**
(kr. 300 fyrir börn)
Opið frá kl. 11.30 til 20.30.

Landsþekktir listamenn skemmta s.s. Greifarnir, Páll Óskar, Davíð Smári, Spútnik, Kung Fu, Skítamórall og Palindrome.



salat barinn

Faxafeni 9 • Sími 588 0222 • www.salatbarinn.is

pipar / SÍA

Knorr · KJARNAFÆÐI · RANA · Skyr · Coca-Cola light · Síminn · Toppur · STÓRKAUP · Kjúlli


Fartölva
sem kaupauki með tölvutilboði BTnet!
Til: Þín
Frá: BTnet
...taktu fleiri bita!
Til: Þín
Frá: BTnet
4Mb/s
Tölvutilboð
V16
ADSL
V16 Tölvutilboð
•• Kaupauki : Fartölva
•• Hraði: 4Mb/s .
•• Ótakmarkað niðurhal
•• Gjafabréf frá Tónlist.is
•• Logitech Vefmyndavél fylgir með
•• 256MB USB Minnislykill fylgir með!
•• 5 póstföng innifalin
•• Frítt í bíó á BTnet.is
•• Afnot af þráðlausum beinir án endurgjalds
5.990 kr.* á mánuði
*M.v. 36.mánaðar samning
Kíktu í næstu BT verslun og taktu áskrift
...og fáðu tölvu sem kaupauka!
Gríptu tölvuna meðan hún gefst ;)
BT
TONLIST.IS
BTNET
nánar á www.btnet.is.
...taktu fleiri bita!

## „ORÐRÉTT“

### *Jónbi bjargar málunum*

**„Við höfum því tekið ákvörðun um það sjálf að freista þess að setja þessa vinnu af stað og höfum fengið Jón Baldvin Hannibalsson til að leiða þessa vinnu.“**

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR UM MÓTUN TILLAGNA SAMFYLKINGARINNAR Í VARNARMÁLUM. FRÉTTABLAÐIÐ.

### *Ísland, best í heimi*

**„...það er enn verið að þakka mér fyrir að hafa haft lambakjötið sem aðalrétt, enda er íslenska lambakjötið það besta í heimi.“**

HILMAR B. JÓNSSON MATREIÐSLUMEISTARI Í GREIN UM SKAÐSEMI ÞORRAMATS FYRIR ÍMYND MATARLANDSINS ÍSLANDS. MORGUNBLAÐIÐ.

*nær og fjær*
**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** JÓHANN ÁSMUNDSSON BASSALEIKARI

# *Íslenskt tónlistarlíf í miklum blóma*

Jóhann Ásmundsson bassaleikari er tiltölulega nýkominn frá Indónesíu þar sem hann lék með hljómsveitinni Mezzoforte á tónlistarhátíð. Hann sagði ferðina hafa heppnast vel en ferðalagið var þó helst til langt. „Ferðin til Indónesíu var ævintýraleg. Spilamennskan gekk vel en ferðalagið var erfitt. Þegar við vorum loksins komnir þá fengum við góðar móttökur frá fólkinu sem kom og horfði á okkur.“

Mezzoforte er þekkt á heimsvísu hjá þeim hópi fólks sem hlustar á bræðingsdjass. Eftir góða frammistöðu í Indónesíu mun Mezzoforte vafalítið fá aukin tækifæri til að koma fram á erlendri grundu. „Við erum nokkuð þekkt band erlendis innan þess hóps sem hlustar á bræðingsdjass. Að stærstum hluta eru það bandarískar hljómsveitir sem spila bræðingsdjass. Við höfum alltaf valið úr þeim verkefnum sem komið hafa inn á borð til okkar. Við reynum að anna þeirri eftirspurn sem við finnum fyrir, en sökum anna hjá okkur er það nú nokkuð erfitt.“

Jóhann kennir á bassa í tónlistarskóla FÍH í Hafnarfirði og finnur vel fyrir þeim mikla krafti sem einkennir íslenskt tónlistarlíf um þessar mundir. „Það er ótrúlega mikill sköpunarkraftur í íslensku tónlistarlífi. Erlendir tónlistarmenn sem ég hef rætt við, eru orðlausir yfir því hversu margir góðir tónlistarmenn er hér á Íslandi. Það eru fjölmargir framúrskarandi góðir tónlistarmenn í okkar litla samfélagi, og mér er til efs að það sé hægt finna sambærilegt tónlistarlíf í jafn litlu samfélagi annars staðar í heiminum.“

Mezzoforte mun að öllum líkindum leika á íslenskri djasshátíð sem fer fram í lok apríl. „Við höfum áhuga á því að leika á tónleikum hér á landi og stefnum að því að spila í lok apríl á tónlistarhátíð sem verður í Reykjavík. Það verður auðvitað virkilega gaman en hátíðin verður betur auglýst síðar.“





**GRÓÐURSETT** Elísabet II Englandsdrottning gróðursetti kastaníuhnetutré í heimsókn sinni til Singapúr á dögunum. Bar hún sig fagmannlega að við verkið og engu líkara en hún að hefði fengist við garðyrkju alla sína tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Framsóknarflokkurinn gæti dáið

**Anna Kristinsdóttir, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins, hefur stofnað nýtt félag innan flokksins. Hún segir það gert til að halda lífi í flokknum sem ella gæti dáið.**

„Ég er þannig gerð að ég tel mig eiga Framsóknarflokkinn alveg eins og forysta hans,“ segir Anna Kristinsdóttir sem gekk í flokkinn á sautjánda ári og hefur lengst af unað hag sínum vel. Nú líst henni svo illa á ástandið að hún hefur stofnað þjóðmálafélagið Akur sem ætlað er að vera vettvangur þjóðmálaumræðu, skoðanaskipta og stefnumörkunar um þjóðfélagsskipan samkvæmt markmiðum stefnuskrár Framsóknarflokksins.

Anna segir að smátt og smátt hafi dregið úr öllu flokksstarfi og minnist þeirra tíma þegar framsóknarvist, laugardagsspjall og pólitískir fundir voru fastur liður í flokksstarfinu. „Þennan grundvöll vantar í dag og það virðist enginn áhugi á að halda úti slíku starfi.“

Anna segir að nú um stundir sé ekki rúm fyrir ólíkar skoðanir innan Framsóknarflokksins og að gagnrýni á störf forystunnar sé talin óæskileg. „Ef skilaboðin eru: haltu kjafti og vertu sæt, þá er til lítils að starfa innan stjórnmálaflokks,“ segir hún en neitar að hvarflað hafi að sér að segja skilið við Framsóknarflokkinn.

Ofan á ástandið í flokknum bætist dræmt gengi í skoðanakönnunum sem Anna segir ótvírætt sýna mikilvægi þess að málin séu rædd opinskátt. Hún segir enn fremur að gróskumikið innra starf sé forsenda þess að fámennur og fylgislítill flokkur getið lifað af og óttast um framtíð Framsóknarflokksins. „Við mælumst mánuð eftir mánuð undir tíu prósentum og þó við hölum inn nokkur atkvæði á síðustu metrunum verðum við að átta okkur á að það er ekki hægt að minnka endalaust,“ segir Anna og bætir við að flokkurinn geti hreinlega dáið. „Við eigum ekkert öruggt sæti í samfélaginu.“

Anna settist á skólabekk fyrir nokkrum og nam stjórnmálafræði. Eftir það lítur hún flokksstarfið gagnrýnni augum en áður. „Það er ekkert eilíft í heiminum og það þarf að hrista upp innan flokksins svo hann geti lifað í hundrað ár,“ bætir Anna við en Framsóknarflokkurinn verður níræður síðar á árinu.

Anna fór halloka í prófkjöri Framsóknarflokksins í vetur og ekki ólíklegt að hún sé fúl vegna þess. „Það er auðvelt að segja það og auðvitað var ég ósátt við að vinna ekki. Það þýðir hins vegar ekki að ég eigi að leggjast í híði. Ég er ekki að berjast gegn flokknum heldur er ég að berjast fyrir hann. Ef menn skilja það ekki skilja þeir ekki grundvallarhugmyndafræði stjórnmálanna.“ Anna Kristinsdóttir segist ætla að gera sitt svo að Framsóknarflokkurinn komist á rétt ról á ný en til að svo megi verða segir hún nauðsynlegt að forystan hlusti á almenna flokksmenn. „Við þurfum að geta breitt út boðskapinn og talað fyrir verkum okkar manna. Við getum það hins vegar ekki ef við heyrum bara í forystumönnunum í blöðum. Öflugt innra starf skiptir öllu máli ef halda á úti öflugum flokki.“

**bjorn@frettabladid.is**



**ÓTTAST UM LÍF FRAMSÓKNARFLOKKSINS** Anna Kristinsdóttir borgarfulltrúi hefur áhyggjur af framtíð flokksins sem hún gekk í á sautjánda ári. Hún segir forystuna ekki hlusta á almenna flokksmenn og það sé meðal skýringa á dræmu fylgi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






**LÚÐAN VÆNA** Grétar Þorgeirsson, skipstjóri á Farsælum, tók myndina á farsímann sinn í gær.

# Ég fæ bara stórfiska

Risalúða af stærri gerðinni kom í dragnót Farsæls GK-162 undan Krýsuvíkurbergi í gær. Er hún stærsta lúða sem skipstjórinn, Grétar Þorgeirsson, hefur séð um ævina. „Hún er svaðalega stór og án efa sú stærsta sem ég hef séð,“ segir Grétar sem sótt hefur sjóinn í tæp 30 ár. Grétar og hans menn voru á dragnótaveiðum undan Krýsuvíkurbergi og þykir fengurinn merkilegur því sjaldgæft er að lúður komi í dragnót. Ýsan hefur á hinn bóginn veiðst vel. „Hér eru mjög góð aflabrögð og þetta er stór og fín ýsa. Ég fæ bara stórfiska,“ segir Grétar og hlær.

Þyngd risalúðunnar lá ekki ljós fyrir í gærdag en von var á Farsælum til hafnar í gærkvöldi og átti að vigta hana þegar í land væri komið. Stóð svo til að selja hana á fiskmarkaði í dag.

Grétar skipstjóri tók mynd af risalúðunni á farsímann sinn og sendi bróður sínum í landi sem sendi hana áfram til Fréttablaðsins. Sannaðist því hið fornkveðna: „Fljótt flýgur fiskisagan.“

**- bþs**

# Hlýtt og gott á Kárahnjúkum

Þrátt fyrir að hitamælar hafi sýnt um 12 stiga frost á Kárahnjúkum í gær er veður þar með ágætum og starfsmenn kvarta ekki undan kulda. Oddur Friðriksson yfirtrúnaðarmaður segir hitatölur almennt gefa ranga mynd af ástandinu. „Kuldinn finnst ekki hér, stíflustæðið er á það þurrum stað að hér er ekki sami raki og við sjávarsíðuna.“ Þá er jafnan svo stillt við Kárahnjúka að ekki finnst fyrir frostinu.



**ODDUR FRIÐRIKSSON** Segir bjart allan sólarhinginn á Kárahnjúkum.

Snjór er yfir öllu og nýta sumir starfsmenn hann til útivistar, leika sér á vélsleðum eða ganga á skíðum.

Oddur segir veturinn hafa verið hreint ágætan. „Þessi er þó líklega snjóþyngri en hinir fyrri en það hefur ekki gert nein stórviðri.“

Unnið er 25 stundir sólarhringsins á Kárahnjúkum ef þess þarf með en þeir sem standa næturvaktirnar nú þurfa ekki að krafla sig áfram í myrkri því birtu nýtur við allan sólarhringinn.

**- bþs**


Fender
60
DIAMOND ANNIVERSARY
1946 - 2006
Happy Birthday
Fender
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340
© 2006 FMIC STING photo by Norman Jean Roy

## SVONA ERUM VIÐ

> Gosdrykkjaneysla á mann á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: LANDHELGISGÆSLAN

# *Viðvarandi fjárhagsvandi*



Flestum er í fersku minni hið hörmulega slys sem varð á Hofsjökli í síðasta mánuði þegar jeppabifreið féll ofan í sprungu með þeim afleiðingum að maður lést og annar slasaðist. Í kjölfarið kom í ljós að báðar þyrlur Landhelgisgæslunnar voru ónothæfar til björgunar vegna viðgerða og viðhalds.

**Hvað þarf Gæslan?**
Ljóst er að veru Varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli er að ljúka og þar með höfum við ekki lengur upp á þyrlur hersins til björgunarstarfa að hlaupa í framtíðinni. Því þarf Landhelgisgæslan stóraukið fjármagn til kaupa á vélum og tækjum. Bæta þarf við þremur langdrægum þyrlum auk tveggja langdrægra flugvéla samkvæmt samantekt Gæslunnar auk þess sem bæta þarf við tuttugu starfsmönnum og auka verulega fjármagn til viðhalds og viðgerða. Í gegnum tíðina hafa vélar Gæslunnar þurft að vera lengur í eftirliti og viðhaldi vegna þess að fé hefur skort til kaupa á varahlutum.

**Hvað með skipakostinn?**
Sama gildir um skipakost Landhelgisgæslunnar og flugflotann að hvort tveggja er komið til ára sinna. Skipin hafa ítrekað verið bundin við bryggju svo vikum og mánuðum skiptir undanfarin ár til að spara fé. Talsmenn sjómanna hafa gagnrýnt þetta og segja landhelgina illa varða og öryggi sjófarenda illa gætt. Smíði nýs varðskips hefur verið slegið á frest um langan tíma en aðeins er mánuður síðan tilkynnt var um niðurstöður forvals vegna smíði nýs skips. Öll hönnunarvinna og smíði skipsins sjálfs mun taka langan tíma.

**Hver er framtíðin?**
Gæslan þarf meira en eitt nýtt varðskip. Allur vélakostur hennar er kominn til ára sinna og miklar tækniframfarir hafa orðið í tækjakosti. Gera verður kröfu um að búnaður allur sé fyrsta flokks. Það er í samræmi við það sem Björn Bjarnason dómsmálaráðherra sagði árið 2003, að tryggja þyrfti Gæslunni þá umgjörð og tækjakost sem væri í samræmi við kröfur hvers tíma.

## SPURT & SVARAÐ

**STAÐA SAMKYNHNEIGÐRA INNAN ÍSÍ**

## *Erum á réttri leið*



KLARA BJARTMARZ
SKRIFSTOFUSTJÓRI KSÍ

Klara Bjartmarz hélt nýverið fyrirlestur á hádegisverðarfundi ÍSÍ um stöðu samkynhneigðra í íþróttum á Íslandi. Er meira um fordóma í garð samkynhneigðra innan íþróttahreyfingarinnar en annars staðar?
Nei, það er kannski ekki meira um fordóma, heldur fyrst og fremst skortur á fræðslu. Því hefur ekki verið sinnt sem skyldi innan íþróttahreyfingarinnar.
Er ástandið að batna? Já, umræðan er almennt mun opnari. Við erum á réttri leið.
Á ÍSÍ að vera í fararbroddi í að rétta stöðu samkynhneigðra á Íslandi? Alveg hiklaust. ÍSÍ á að standa fyrir fræðslu, menntun og rannsóknum um stöðu samkynhneigðra og stuðla að bættri umræðu.


# Aðalfundur
## SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu
**haldinn 21. mars 2006 á Grand Hótel Reykjavík**

**Þema fundarins:**
## Nýsköpun í þjónustu
**Á fundinum verður kynnt viðamikil úttekt á stöðu og horfum í íslenskum þjónustugreinum**

## DAGSKRÁ


Hrund Rudolfsdóttir

Valgerður Sverrisd.

Katrín Ólafsdóttir

Per Koch

Guðmundur Arason

Sigurður Jónsson

Vilhjálmur Egilsson

**12:45** **Skráning og afhending gagna**

**13:00** **Ræða formanns**
Hrund Rudolfsdóttir, *formaður stjórnar SVÞ*

**Ávarp**
Valgerður Sverrisdóttir, *viðskiptaráðherra*

**Skýrsla um stöðu og horfur í þjónustugreinum á Íslandi**
Katrín Ólafsdóttir, *aðjúnkt Háskólanum í Reykjavík*

**Innovation in the service sector - characteristics and policy consequences**
Per Koch, *aðstoðarframkvæmdastjóri NIFU STEP, Rannsóknarstofnunar um nýsköpun í Noregi*

**Aðgerðir til að bæta samkeppnishæfni þjónustufyrirtækja**
Guðmundur Arason, *framkvæmdastjóri Securitas hf.*

**Annáll SVÞ 2005**
Sigurður Jónsson, *framkvæmdastjóri SVÞ*

**14:40** **Veitingar - Afhending gagna fyrir aðalfund**

**15:00** **Hefðbundin aðalfundarstörf**

**Fundarstjóri:**
Vilhjálmur Egilsson, *framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins*

**Vinsamlega tilkynnið þátttöku í síma 511 3000 eða með tölvupósti til svth@svth.is**

SVÞ
*Samtök verslunar og þjónustu*


# Lúkasjenkó situr sem fastast

**Alexander Lúkasjenkó vann yfirburðasigur í forsetakosningum í Hvíta-Rússlandi á sunnudag og mun því sitja þriðja kjörtímabil sitt. Mótframbjóðendur hans kalla kosningarnar farsa og hafa hvatt til friðsamlegrar uppreisnar gegn stjórninni.**




**GÖTUMÓTMÆLI** Um 10.000 manns söfnuðust saman á aðaltorginu í Minsk í Hvíta-Rússlandi á sunnudagskvöld til að mótmæla úrslitunum, en forseti landsins, Alexander Lúkasjenkó, vann yfirburðasigur samkvæmt opinberum tölum. Fólk mætti á fundinn með myndir af helsta mótframbjóðandnum, Alexander Milinkevitsj, blóm og bannfærðan fána landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samkvæmt opinberum tölum hlaut Alexander Lúkasjenkó, forseti Hvíta-Rússlands, 82,6 prósent atkvæða í forsetakosningum þar á sunnudag á meðan helsti mótframbjóðandi hans, Alexander Milinkevitsj, hlaut eingöngu sex prósent atkvæða. Lúkasjenkó, sem gegnt hefur forsetaembætti í tólf ár, mun því sitja í fimm ár til viðbótar en hann hefur áður gefið í skyn að hann ætli sér að vera forseti landsins ævilangt.

Utan Hvíta-Rússlands virðast flestir telja niðurstöðurnar hálf ævintýralegar og leggja lítinn trúnað á þær, enda var sjálfstæðum alþjóðlegum kosningavörðum vísað úr landi skömmu fyrir kosningarnar. Hafa talsmenn Evrópusambandsins ýjað að refsiaðgerðum gegn hvítrússneskum stjórnvöldum vegna kosninganna.

**Mögulegar afleiðingar**
Fréttaskýrendur telja úrslitin geta haft tvenns konar áhrif innan Hvíta-Rússlands, sem bæði eru jafn líkleg. Annað hvort sætti Hvít-Rússar sig við orðinn hlut og fagni áframhaldandi setu Lúkasjenkós, eða að til almennra götuuppþota komi líkt og gerðist í Úkraínu, Georgíu og Kirgisistan á undanförnum árum. Þau uppþot komu stjórnarandstæðingum til valda í þessum fyrrverandi Sovétlýðveldum.

Slíkir mótmælafundir eru þó ekki hættulausir. Í fyrra komu hótanir yfirvalda um harðar aðgerðir gegn mótmælendum í veg fyrir sams konar fundi í Aserbaídsjan og Kasakstan, um það leyti sem hundruð manna týndu lífi í blóðugum átökum stjórnvalda við stjórnarandstæðinga í Úsbekistan.

Milinkevitsj hefur hvatt til friðsamlegra götufunda, og sagðist fullviss um að landar sínir myndu einfaldlega hlæja að niðurstöðum kosninganna og sú viðbrögð myndu að lokum leiða til endaloka stjórnarinnar líkt og gerðist með kommúnistastjórnina í Póllandi.

Um 10.000 manns mættu á Oktyabrskaja-torgið í Minsk á sunnudagskvöldið þrátt fyrir hótanir stjórnvalda um að berja öll mótmæli niður með valdi og að ákæra þátttakendur fyrir tilraun til hryðjuverka. Mótmælin fóru friðsamlega fram og hafði lögregla ekki önnur afskipti af fólkinu en þau að standa vörð, en í hliðargötum sat fjöldi óeirðalögreglumanna í ómerktum hvítum rútum og beið. Þó virðast Hvít-Rússar óttast lögregluvaldið mikið, því þegar veðrið versnaði til muna í um 10 mínútur undir lok mótmælanna á sunnudag kenndu margir lögreglunni um og héldu heim á leið.

Tíu þúsund manns voru færri en Milinkevitsj og stuðningsmenn hans höfðu vonast eftir - fylltu eingöngu um þriðjung torgsins - en þó mun fleiri en stuðningsmenn Lúkasjenkós höfðu átt von á, sérstaklega í ljósi hótana þeirra. Milinkevitsj hefur kallað eftir áframhaldandi götumótmælafundum, og þykir því líkegt að framtíð Hvíta-Rússlands muni ráðast á næstu dögum, en tugþúsundir Hvít-Rússa virðast ósáttir við stjórn Lúkasjenkós, þó fáir hafi hingað til haft næga trú á stjórnarandstöðinni til að sýna mótstöðu sína.

**Stuðningur**
Samt sem áður nýtur Lúkasjenkó mikils stuðnings heima fyrir og kalla margir Hvít-Rússar hann „batka“ eða föður, segja hann vera bjargvætt þjóðarinnar og þakka honum fyrir að hafa komið stöðugleika á í landinu eftir fall Sovétríkjanna árið 1991. Lúkasjenkó, sem er 51 árs gamall fyrrverandi samyrkjubústjóri sem hefur sérstaklega mikinn áhuga á íshokkí, var kosinn forseti árið 1994 og þó landið hafi einangrast mikið síðan, hefur efnahagurinn farið batnandi og laun fólks hækkað.

Ríkisstjórnin er þó harðlega gagnrýnd á alþjóðavísu fyrir að undiroka bæði fjölmiðla og stjórnarandstæðinga, en fyrir fjórum árum síðan hurfu fjórir stjórnarandstæðingar á dularfullan hátt. Það sem sjálfstæðum fjölmiðlum er ítrekað lokað eða gerðir upptækir, þá berast fáar fréttir til landsmanna aðrar en þær sem talsmenn Lúkasjenkós hafa lagt blessun sína yfir.

Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice, kallaði Lúkasjenkó nýverið „síðasta einræðisherra Evrópu,“ en Lúkasjenkó sjálfur hlær að slíkum nafngiftum og segist vanur illu umtali. Hann hefur löngum ásakað vestræn ríki um að reyna að víkja sér úr sæti.



FRÉTTASKÝRING
**SIGRÚN MARÍA KRISTINSD.**
smk@frettabladid.is

### VELGENGNI INNAN HVÍTA-RÚSSLANDS

Alexander Lúkasjenkó hlaut meirihlutasigur í forsetakosningum í Hvíta-Rússlandi á sunnudag, og mun því sitja þriðja kjörtímabil sitt. Þó landið sé langt frá því að vera efnað, er mikill hagvöxtur innan þess og hafa laun farið stighækkandi undanfarin ár.




**Þjóðin:** 10.300.483 (skv. áætlun í júlí 2005). Flestir eru af slavneskum uppruna og kristinnar trúar. Um 7 milljónir manna hafa kosningarétt, og samkvæmt opinberum tölum tóku 92,6 prósent þeirra þátt í kosningunum á sunnudag.
**Lífslíkur:** 68,7 ár.
**Atvinnuleysi:** 2 % (skv. áætlun 2004).
Landafræði: . Það nær yfir 207.000 ferkílómetra og er því tvisvar sinnum stærra en Ísland.
**Efnahagur:** Hagkerfið er mikið til miðstýrt, og er um 75 prósent ríkisrekið.

Heimildir: CIA World Factbook; Alþjóðabankinn; ESRI; AP.

### KOSNINGAÚRSLIT Í HVÍTA-RÚSSLANDI

Alexander Lúkasjenkó forseti vann yfirburðasigur í forsetakosningum sem fram fóru í Hvíta-Rússlandi á sunnudag. Helsti mótframbjóðandi hans, Alexander Milinkevitsj, sagði kosningarnar vera farsa og kallaði eftir nýjum kosningum.




Þátttaka: 92,6 %
Mynd: AP
Graphic News

# Úrval af húsgögnum á vaxtalausum kjörum

allt að 60% afsláttur



**Spegill** skinn eða leður
verð frá **9.990**kr

Vaxtalaust tilboð!
aðeins **1.500***kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 15.000,-



**Borð** 2640
gegnheil eik
48x48x70

Vaxtalaust tilboð!
aðeins **1.999***kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 19.990,-



**Sófaborð**
70x42x70

**Sófaborð**
135x42x70

Vaxtalaust tilboð!
aðeins **1.499***kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 14.990,-

Vaxtalaust tilboð!
aðeins **2.000***kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 20.000,-



**Borð**
gegnheil eik
53x35x76

Vaxtalaust tilboð!
aðeins **1.999***kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 19.990,-



**Sófaborð**
70x40x70

**Sófaborð**
135x40x70

Vaxtalaust tilboð!
aðeins **1.499***kr
á mán. í 10 mánuði
Verð 14.990,-

## Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri

Fullt verð **168.000**kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 Dany

**99.000**kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 1980

Fullt verð **144.000**kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Hornsófi** 2+h+2 Bycast

**99.000**kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 1852

**99.000**kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 Kansas

Fullt verð **156.000**kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Púðahornsófi** 2+h+2 Paris

Fullt verð **237.600**kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 3002

Fullt verð **168.000**kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðursófasett** 3+1+1 3057

Fullt verð **168.000**kr
Fáanlegt m. vaxtalausum greiðslum í allt að 24. mán.



**Leðurhornsófi** 2+h+2 3130

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Gildir til 27. mars eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
HAFLIÐI HELGASON

Krónan fær vart staðist til langframa.

## Fordómalaus umræða nauðsyn

Gengi krónunnar hefur farið lækkandi að undanförnu, eins og við var að búast. Öllum var ljóst að styrkur krónunnar undir lok síðasta árs var meiri en fengi staðist til lengri tíma. Spurningin um lækkun krónunnar var ekki um það hvort heldur hvenær gjaldmiðillinn myndi hefja vegferð sína til raunhæfara gildis.

Sú ferð er líklega hafin og eins og svo víða í lífinu njóta hinir forsjálu ferðarinnar meðan hinir fá á baukinn. Bankar og stór fjárfestingarfélög með mikil umsvif erlendis gerðu við þessar kringumstæður það sem ábyrgir aðilar þurfa að gera. Þau bjuggu sig undir lækkandi gengi. Næmi bankanna fyrir lækkun krónunnar er því minna en ella hefði orðið.

Eitt af því sem talið er til veikleika íslensku bankanna er áhætta þeirra af innlendum gjaldmiðli. Í hagkerfinu er áhætta af því að vera með erlendar skuldir á móti innlendum tekjum og eignum. Framhjá henni verður ekki horft þegar heildaráhætta í hagkerfinu er metin. Það er því ákveðin mótsögn fólgin í því að gagnrýna bankana í öðru orðinu fyrir veikleika vegna krónunnar og um leið hallmæla þeim fyrir að grípa til skynsamlegra varna.

Innlendir aðilar hafa flestir hverjir reynslu af aðlögun gengis hér innanlands. Það sama verður ekki sagt um marga erlenda aðila sem hófu mikla útgáfu skuldabréfa í krónum þegar gengi hennar var sterkt. Á sama tíma og erlendir aðilar keyptu krónur af fullum krafti voru innlendir aðilar að selja hana og færa áhættu úr krónunni í aðrar myntir. Án þess má vænta að krónan hefði ofrisið enn meir en raunin er. Erlendir fjárfestar virðast hafa einblínt á vaxtamun milli Íslands og Evrópu, en um leið vanmetið gjaldeyrisáhættuna. Lækkun gengisins er því áminning til þeirra um að hádegisverðurinn er aldrei ókeypis. Af framansögðu blasir við að erlendir fjárfestar hafa án þess að gera sér fyllilega grein fyrir því tekið að sér hluta gengisáhættunnar fyrir innlenda aðila.

Krónan er örmynt og á alþjóðlegan mælikvarða þarf smáaura til að hreyfa gengi hennar. Vandséð er að slík örmynt fái staðist til framtíðar. Sífellt fleiri bætast í hóp þeirra sem horfast í augu við þá staðreynd að til lengri tíma litið er ólíklegt að við munum búa við sjálfstæða mynt. Alþjóðavæðing viðskiptaheimsins mun færa okkur nær hagsveiflu Evrópuþjóða og þar með draga úr vægi þess að hafa eigin gjaldmiðil. Hugmynd viðskiptaráðherra um að skoða möguleika á að taka upp evru, án Evrópusambandsaðildar, ætti ekki að kasta frá sér án gaumgæfilegrar skoðunar. Myntin er helsta hindrun fjárfestingar erlendra aðila hérlendis, hvort heldur er í íslenskum fyrirtækjum á markaði eða í því að keppa við innlend fyrirtæki á markaði.

Hitt hefur brunnið við að í umræðum um gjaldmiðilinn hafi verið horft til þess að núverandi þensla í hagkerfinu væri viðráðanlegri ef við byggjum við evru. Það er ekki rétt. Þvert á móti væri fyrirsjáanleg enn erfiðari glíma vegna þenslu ef evran væri í gildi. Evran myndi gera mun strangari kröfur til hagstjórnar og samninga á vinnumarkaði. Refsing fyrir slaka hagstjórn og illa ígrundaða kjarasamninga væri ekki í veikingu gjaldmiðils, heldur gjaldþrotum og atvinnuleysi.

Evran mun ekki leysa okkur undan því að takast á við efnahagsveruleikann af skynsemi, enda ætti enginn að óska sér slíks. Fyrr en okkur grunar munum við þurfa að taka afstöðu til stöðu okkar í heiminum og hagsmuna okkar til framtíðar. Evrópa stendur okkur næst og því hlýtur umræða um evru að fléttast inn í framtíðarsýn okkar. Slík umræða er nauðsynleg og löngu tímabær.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Haffærnisskírteinið

Magnús Þór Hafsteinsson, þingmaður Frjálslyndra, er alinn upp við sjávarsíðuna, fiskifræðingur að mennt og sækir líkingar sínar til hafsins á vefsíðu sinni: „Rosalega er hún eitthvað ógæfuleg sú sjóferð sem Björn Ingi Hrafnsson hefur nú lagt út á með skútuskriflinu sem Framsóknarflokkurinn ætlar að nota til atkvæðaveiða í borgarstjórnarkosningunum í vor. Um borð logar allt í slagsmálum þar sem sú sem ætti að vera 1. stýrimaður (les: Anna Kristinsdóttir), hefur ákveðið að ganga plankann



og láta restina af liðinu um að sigla fleyinu gegnum brimgarðinn framundan. Framsóknarflokkurinn í Reykjavík er í miklum vandræðum. Þar reynir Össur að kryfja með sínum krítísku kratagleraugum öll framboðin í borginni, nema náttúrulega framboð Samfylkingarinnar. Og svo auðvitað framboð Framsóknar undir forystu Björns Inga Hrafnssonar. Dálæti Össurar á því hefur lengi verið fremur augljóst," segir Magnús Þór og telur það leyndan draum Össurar að halda borginni með liðsinni Framsóknarflokksins.

### Fljótt skipast veður í lofti

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, tók því fegins hendi um helgina þegar oddvitar ríkisstjórnarinnar kváðust vilja lyfta undir eitt horn með Suðurnesjamönnum þegar við blasir að útvega þarf 500 Íslendingum vinnu með brotthvarfi Bandaríkjahers. Ákveðið var að setja á fót sjö manna starfshóp, þar af yrðu fjórir skipaðir af hálfu stjórnvalda. Árni lagði sjálfur fram tillögur um viðbrögð við áfallinu en hann ber ekki vitanlega ekki ábyrgð á varnarmálum þjóðarinnar. Hann þakkar því einungis stuðning ríkisstjórnarinnar í þeim þrengingum sem við blasa í atvinnumálum. - Fyrir aðeins tveimur vikum sendi hann ríkisstjórninni tóninn og þótti iðnaðarráðherra mismuna atvinnusvæðum er hún kom heim frá New York með vilyrði um nýtt álver á Húsavík: „Það er umhugsunarefni hvernig stjórnvöld velja úr atvinnusvæði og atvinnufyrirtæki. Iðnaðarráðherra hefur ekki farið fyrir okkur til útlanda til þess að undirrita viljayfirlýsingu við stóran álframleiðanda..." Svo mælti Árni í Fréttablaðinu 3. mars.

johannh@frettabladid.is

## Með lýðheilsu að leiðarljósi

UMRÆÐAN
SKÓGRÆKT



INGA RÓSA SIGURÐARDÓTTIR

Það er komið vor. Einhverjum finnst þessi fullyrðing sjálfsagt óþarflega bjartsýn en ég trúi samt að vorið sé komið. Vissulega er útlit fyrir kuldakast í þessari viku og kannski hefur það brostið á þegar þessi orð birtast á prenti og svo eiga eftir að koma hrafnagusa og páskahret og hvað þau nú heita, þessi hret og kuldaköst sem þjóðin hefur lært að búa sig undir og lifa við.

Vorið verður kannski langt og kannski kalt en það er komið. Þetta má merkja af ýmsum þáttum í kringum okkur, þar á meðal á mannlífinu sem skiptir um gír og drífur sig út að ganga, hlaupa eða taka til í görðunum. Það kemur líka alveg sérstök lykt í loftið, lykt af vaknandi gróðri og mold, og þessi lykt hefur verið mjög greinileg síðustu daga. Fyrst og fremst merkjum við þó vorkomuna af gróðrinum. Sumar tegundir láta reyndar stutta hlýindakafla síðla vetrar plata sig en aðrar eru lífsreyndar hér á landi og vita hvenær þeim er óhætt að vakna af vetrardvalanum. Lerkið hefur fengið á sig græna slikju og með sama áframhaldi verður hægt að baka rabarbaraköku um páskana. Jafnvel birkið er farið að bruma og því hefur löngum verið haldið fram að það láti nú ekki plata sig.

Lýðheilsa er vinsælt orð um þessar mundir. Með lýðheilsu er átt við almennt heilsufar almennings. Og margt bendir til að útivist á grónum svæðum eða í óræktaðri náttúru hafi bein áhrif á lýðheilsu. Með öðrum orðum skiptir það máli fyrir andlega og líkamlega heilsu okkar að við höfum aðgang að gróðri og náttúru. Þess vegna er ákaflega mikilvægt fyrir íbúa þéttbýlis, hvar sem er í heiminum, að hugsað sé fyrir slíkum svæðum. Heiðmörk er eitt stærsta og sjálfsagt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarbúa en hana heimsækja að lágmarki 300 - 500 þúsund manns á ári hverju samkvæmt könnunum. Göngustígar liggja víða um höfuðborgarsvæðið og almennt hefur verið hugað þokkalega að þessum þörfum okkar fyrir útivist og hreyfingu utandyra. Garðar hafa dafnað vel í hlýindum undanfarinna ára og sjá má umtalsverðan mun á gróðri, ekki síst trjágróðri. Þá er allvíða að finna fallega trjálundi sem almenningur hefur aðgang að og nýtur daglega. Þar má t.d. nefna sérlega fallegan skóg í Öskjuhlíð sem daglega dregur til sín fjölda fólks og verður vonandi ekki fórnað, skógræktina í Elliðaárdal og fleiri svæði. Einn þessara skógarlunda, lundurinn í Fossvogi, hefur yfir sér sérstaka töfra, kannski vegna þess að þar náttar sig ævinlega mikill fjöldi smáfugla. Það er engu líkt að vera staddur í þar þegar fuglarnir hópa sig þangað síðdegis með vængjaslætti og klið og örugglega á við ýmiskonar lækningameðferðir. Því miður hefur þeim lundi verið lokað fyrir almennri umferð eftir að Reykjavíkurborg tók við umsjón hans en Skógræktarfélag Reykjavíkur hafði aðsetur í Fossvogi um árabil. Á þeim tíma var lundurinn fjölsóttur en nú virðist almenningi meinað að ganga þar um.

*Og margt bendir til að útivist á grónum svæðum eða í óræktaðri náttúru hafi bein áhrif á lýðheilsu. Með öðrum orðum skiptir það máli fyrir andlega og líkamlega heilsu okkar að við höfum aðgang að gróðri og náttúru.*

Það er ótrúlega stutt síðan skógræktarmenn þóttu haldnir fyrirhyggjulausri bjartsýni. Íslenskar húsmæður plöntuðu litlum trjáplöntum í skjóli við húsin sín með þeim afleiðingum að víða sér ekki út um glugga á tveggja til þriggja hæða húsum í dag. En trúin á trjáræktina var ekki meiri en svo að skjólið var talið nauðsynlegt og fáir sáu fram á að tré næðu einhverri hæð sem talandi væri um. Síðar töluðu menn um skógrækt til nytja og vissulega hafa tré verið nýtt í ýmsum tilgangi hér á landi þótt enn sé óraunhæft að hugsa t.d. um pappírsframleiðslu úr íslenskum skógum. En hugmyndafræði skógræktarmanna og ekki síður þeirra sem njóta útivistar í íslenskum skógum er að breytast. Nú tala menn um útivistarskóga. Það er nýtt hugtak og ákaflega skemmtilegt. Útivistarskógur er sem sagt ræktaður og skipulagður með þarfir almennings til útivistar í huga og þar komum við aftur að lýðheilsunni.

Við erum með öðrum orðum að komast að þeirri niðurstöðu að til að auðvelda okkur að viðhalda og bæta heilsu þurfum við að hafa aðgang að skógum og trjálundum. Skógar framtíðarinnar verða því væntanlega skipulagðir með fjölbreyttum trjágróðri, hugað að lágróðri og runnum, ekki síður en háum og beinvöxnum trjám sem henta til viðarframleiðslu og hugsað verður fyrir göngustígum og afþreyingu ýmiskonar svo sem fræðsluskiltum og fleiru. Að þessu verkefni er t.d. verið að vinna í Heiðmörk, þar sem stöðugt er unnið að viðhaldi og fjölgun göngustíga og unnið er að merkingu og uppsetningu nýrra fræðsluskilta. Útivist almennings og þar með lýðheilsa er leiðarljósið í viðhaldi og umönnun skógarins. Vonandi verður hægt að standa myndarlega að þessu verkefni. Áhugi og metnaður er til staðar.


Vilt þú ná hámarks árangri?
Námskeið í sölutækni



**HH Ráðgjöf** býður nú uppá námskeið í sölutækni sem hentar afar vel fyrir alla sölumenn, nýliða og þá sem reyndari eru.

Um er að ræða heildstætt námskeið sem nýtist öllum sem selja vöru eða þjónustu til verslana, fyrirtækja eða stofnana.

Á námskeiðinu er farið yfir meginlögmál árangursríkrar sölumennsku s.s.

- Markvissa útrás
- Hvernig halda á áhrifaríkar kynningar
- Viðbrögð við mótbárum
- Hvernig halda skal núverandi viðskiptavinum
- Öflun nýrra viðskiptavina
- Samningatækni
- Leiðir til að hámarka framlegð

„Mjög gott námskeið sem nýttist mér vel, var skemmtilegt og opnaði augu mín fyrir mörgum hlutum."
Guðni Vilberg Baldursson, sölumaður, Vatnsvirkinn hf

„Mjög gott upprifjunarnámskeið fyrir reyndari sölumenn, vel skipulagt þar sem farið er vel yfir aðalatriðin"
Þorsteinn Halldórsson, viðskiptastjóri, Tæknival

**Námskeiðið tekur 4 klst.**

**Í boði eru opin námskeið en einnig er hægt að sérpanta námskeið fyrir hópa**

HH RÁÐGJÖF

Nánari upplýsingar og skráning: • Sími 561 6365: • tölvupóstur hhr@hhr.is: • www.hhr.is



MARKAÐURINN
Mest lesna viðskiptablaðið
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup október 2005.



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## HORFUM Á OFFITU ÚR RANGRI ÁTT

Augu fólks hafa lokast fyrir þeim samfélagslegu breytingum sem gætu hjálpað feitu fólki til heilbrigðari lífsstíls.

HEILSA 4

## STELPUR MEÐ SÍTT OG STRÁKAR MEÐ STUTT

Léttir lokkar verða vinsælir í hári fermingarstúlknanna í vor ef marka má fagfólk í greininni.

FERMING 8





## ALLT HITT

**[HEILSA BRÚÐKAUP FERMINGAR]**

**ADHD** samtökin standa fyrir sjálfsstyrkingarnámskeiðum fyrir fullorðna með athyglisbrest með eða án ofvirkni. Námskeiðið sem nú verður haldið er fyrir karlmenn með ADHD og verður það haldið 28. mars milli 17 og 19. Nánari upplýsingar fást á skrifstofu ADHD samtakanna.

**Lovedesign.is** er frábær heimasíða fyrir brúðhjón. Þar inni má hanna sína eigin giftingarhringa í þar til gerðu hönnunarforriti. Hægt er að skoða áferðir og demanta í verslun Gunna Magg í Hafnarfirði og þegar hringarnir hafa verið hannaðir sér verslunin um að setja pöntunina af stað.



**Tilefni.is** er góð heimasíða fyrir stórveisluhaldara að skoða. Þar inni má finna gagnlegar upplýsingar fyrir þá sem ætla að skipuleggja og framkvæma sína eigin fermingarveislu.

**Á ferming.is** er hægt að fá margar góðar hugmyndir að fermingargjöfum fyrir afa, ömmur, frænkur og frændur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 21. mars, 80. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.25 | 13.35 | 19.46 |
| Akureyri | 7.09 | 13.20 | 19.32 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími
550 5000

Auglýsingasími Allt
550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Viktor langar mest í trommusett í fermingargjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

# Trommur eða PSP

***Viktor Jóhannsson fermist 9. apríl næstkomandi og hlakkar orðið mikið til.***

Viktor mun fermast í Kópavogskirkju um morguninn hjá séra Ægi Fr. Sigurgeirssyni og er búið að undirbúa heljarinnar veislu. Fjölskyldan hefur öll lagst á eitt til að hafa veisluna sem eftirminnilegasta en hún sér að mestu leyti um allt sem viðkemur henni. „Við ætlum að hafa veisluna heima hjá pabba og bjóðum þar upp á mat. Systir fósturmömmu minnar mun sjá um að undirbúa og elda allan matinn.“

Viktor er búinn að velja og kaupa fermingarfötin, en það eru jakkaföt frá Gallerí 17 og segir hann að flestir kaupi sér föt fyrir daginn þar. Frændi hans tekur fermingarmyndirnar af honum, sem er gott dæmi um hversu mikinn þátt fjölskylda Viktors tekur í fermingardeginum með honum.

Aðspurður segist Viktor langa mest í trommusett í fermingargjöf þar sem hann er búinn að læra á trommur í rúman mánuð og á aðeins eftir þrjá tíma af tveggja mánaða námskeiði. „Annars gæti ég líka alveg hugsað mér að fá PSP-tölvu. Mér finnst mjög gaman í tölvuleikjum og á Playstation 2. En mér finnst samt skemmtilegra að spila á trommurnar.“

Þegar Viktor er spurður hvað honum hlakki mest til við daginn er hann ekki lengi að svara. „Ég hlakka mest til að fá gjafirnar.“ Er það líklega svo með flest fermingarbörn. Viktor segist þó búast við að verða mjög ánægður með allar þær gjafir sem hann mun fá. ■


## Námskeið / fyrirlestrar í Yggdrasil á næstunni

Yggdrasill

**22. mars Breytingaskeiðið**
Hvernig getur hómópatían hjálpað.
Anna Birna Ragnarsdóttir hómópati

**28. mars Einfalda leiðin**
Hvernig bæta má mataræðið á einfaldan hátt
Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti og einkaþjálfari

**29. mars Fæðuóþol**
Greining fæðuóþols og sjúkdóma frá sjónarhóli náttúrulækninga.
Matthildur Þorláksdóttir Heilpraktiker

**5.apríl Einfalda leiðin**
Hvernig bæta má mataræðið á einfaldan hátt
Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti og einkaþjálfari

Námskeiðin eru í verslun Yggdrasils, Skólavörðustíg 16 og eru kl. 20 – 22. Verð kr. 1.500.
**Allar nánari upplýsingar og skráning í versluninni eða í síma 562-4082.**





**Hlýir og góðir** sokkar eru nauðsynlegir á gönguferðum. Minni líkur eru á kulda og vosbúð með meðfylgjandi kvefi ef fætur eru þurrir og heitir.




Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

*Næstu námskeið hjá Maður lifandi*
**21. mars Matarfíkn? Nýjar rannsóknir varðandi matarfíkn.**
kl 18:00 - 19:30 Hallgrímur Magnússon
**22. - 23. mars 10 grunnreglur**. (eitt kvöld)
kl. 19:00-23:00 Þorbjörg Hafsteinsdóttir
**28. mars Að koma fram af öryggi.**
kl 18:00 - 19:30 Edda Björgvinsdóttir
**04. apríl 10 grunnreglur.**
kl. 19:00-23:00 Þorbjörg Hafsteinsdóttir
**11. apríl Sætuefnið Aspartam - Er Diet kók betra en venjulegt kók?**
kl 18:00 19:30 Haraldur Magnússon

Flott í vetur
Ný tæki - Betra verð!
VERÐ-LÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.- kr.
SLENDERTONE FLEX 12.900.- kr.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

STÆRSTA HEILSUVÖRUVERSLUN Á LANDSBYGGÐINNI
Póstsendum um land allt
Heilsuhornið
Glerártorg Akureyri S: 462-1889
heilsuhorn@simnet.is
www.simnet.is/heilsuhorn

Epli á dag
kemur línunum í lag
*AppleSlim Xtra stuðlar að heilbrigðri meltingu, örvar niðurbrot fitubirgða, dregur úr vökvasöfnun og sykurlöngun.*
*Náttúruleg innihaldsefni:*
*Eplaedikskraftur, vítamín og steinefni ásamt öflugum sindurvörum.*
**AppleSlim Xtra**
**árangursrík leið til að grennast**
**Fæst í apótekum**

SÓMABAKKAR
PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING*
*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.
SÓMI
Nánari upplýsingar á somi.is


# Tekið á rót spennunnar

***Með Alexandertækni er tekið á ómeðvituðum spennumynstrum líkamans. Sverrir Guðjónsson kennir þessa tækni en segir fólk oft leita hjálpar ansi seint.***

„Alexandertækni er endurskoðun á spennumynstri líkama og huga," segir Sverrir Guðjónsson, tónlistarmaður og kennari í Alexandertækni. „Ekki er um æfingakerfi að ræða heldur mjög nána samvinnu milli kennara og nemanda þar sem farið er í rót spennunnar og hún dregin fram í dagsljósið. Viðkomandi gerir hana þannig meðvitaða og getur þar af leiðandi tekist á við eigið spennumynstur í hinu daglega lífi."

Þessi vinna tekur tíma enda hangir margt á spýtunni. „Líkaminn hefur minni þar sem geymd eru ýmiss konar spennumynstur. Margt af því verður að krónískri spennu sem við erum alltaf að fást við, jafnvel þó við hreyfum okkur mikið og höldum okkur í formi. Þessi spenna liggur í leyni því við erum svo vön hegðun okkar, hugsun og því mynstri sem við höfum komið okkur upp á lífsleiðinni. Ýmsir hlutir hafa áhrif á þetta, svo sem uppeldi, umhverfi, skóli, þau áföll sem við lendum í og eins hvernig við tökumst á við lífið. Það tekur dálítinn tíma að vinda ofan af því sem er að þvælast fyrir. Ég lít oft á þetta sem hindranir eða bremsur sem við þurfum að komast í gegnum og kennarinn hjálpar og leiðir manneskjunni áfram og kemur henni aftur og aftur inn á réttu brautina."

Sverrir tekur dæmi um þau áhrif sem Alexandertækni getur haft. „Ég hef unnið mikið með dönsurum og um daginn vorum við að vinna að dansverki úti í London. Einn af yngri dönsurunum hafði fest sig í baki og það leit út fyrir að aflýsa þyrfti sýningunni. Ég setti dýnu upp á eldhúsborð og vann með dansarann í um fimmtíu mínútur. Það endaði með því að hann sofnaði og þegar hann vaknaði aftur var hann orðinn nokkuð góður. Hann kláraði sýninguna mjög vel en daginn eftir var þetta að leita í sama farið aftur. Þetta er gott dæmi um það hvað hægt er að gera ótrúlega hluti með fólk en síðan þarf það sjálft að vinna áfram."



Sverrir Guðjónsson sérhæfir sig í Alexander-tækni og raddvinnu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kennarar í Alexandertækni hafa lokið þriggja ára námi í viðurkenndum skóla. „Þetta er mjög faglegt nám og skólarnir leggja ríka áherslu á verklegu vinnuna. Maður tekst á við eigið spennumynstur til að byrja með og byggir síðan upp hæfileikann til að nema þá spennu sem er hjá öðrum."

Fólk sem er undir miklu álagi, meðal annars þeir sem stunda sviðsvinnu, hafa nýtt sér Alexandertæknina. Enn fremur bjóða margir listaháskólar upp á þessa kennslu og líta á hana sem fyrirbyggjandi starf. Sverrir fór sjálfur út í Alexandertækni til að hjálpa sér með söngnámið. „Ég hef sérhæft mig í Alexandertækni og raddvinnu en spenna getur hlaupið í röddina og fólk á oft í hreinustu vandræðum með hana."

Sverrir býður upp á einkakennslu í Alexandertækni. „Fólk mætti hugsa fyrr um að takast á við þetta spennuvandamál svo það verði ekki að síðasta úrræði," segir Sverrir að lokum.

*mariathora@frettabladid.is*

# Fróðleikur um líffæragjafir

***Landlæknisembættið er búið að gefa út nýjan bækling um líffæragjafir.***

Bæklingurinn heitir Líffæragjafir - taktu afstöðu til líffæragjafar. Þar er útskýrt á greinargóðan hátt hvað það þýðir að vera líffæragjafi auk þess sem spurningum í sambandi við líffæragjafir og líffæraígræðslur er svarað, eins og um hvaða líffæri eru nýtileg, hvenær og hvernig hægt er að staðfesta dauðastundina, þörfina fyrir líffæragjafir hér á landi og árangur líffæragjafa svo eitthvað sé nefnt.

Fyrst var byrjað að dreifa bæklingi um þessi efni árið 1995 og var hann endurprentaður 2001 og 2003. Í þetta skipti var allur bæklingurinn endurskoðaður og fékk útlitið einnig smá andlitslyftingu.

Mikilvægt er að kynna sér þessi mál til að taka upplýsta ákvörðun um hvort gefa eigi líffæri eftir dauða eða ekki. Það getur líka létt á aðstandendum við dauðann því þá þurfa þeir ekki að ákveða hvort gefa eigi líffæri eður ei. Í bæklingnum er hægt að fylla út eyðublað um hvort fólk vilji gefa líffæri sín eða ekki.



Alls þurfa tíu Íslendingar að meðaltali á líffæragjöf að halda á ári hverju.

Bæklingurinn er gefinn út með stuðningi Landspítala - háskólasjúkrahúss, Tryggingastofnun ríkisins og Sambands íslenskra tryggingafélaga. Hægt er að nálgast hann í lyfjaverslunum, heilsugæslustöðvum og á vef Landlæknisembættisins www.landlaeknir.is

## Heilbrigð sál

BORGHILDUR SVERRISDÓTTIR
EINKAÞJÁLFARI OG B.A. Í SÁLFRÆÐI



# Ekkert mál að draga úr sykurneyslu

Neysla sykurs hefur aukist gríðarlega undanfarin ár og áratugi. Börn og unglingar drekka mikið magn af sykurgosi og úrvalið af matvælum með viðbættum sykri hefur margfaldast á stuttum tíma. Á móti hefur sykurlausum gosdrykkjum og matvælum fjölgað, ásamt fjölbreyttum lífrænum heilsuvörum. Valið er því svo sannarlega fyrir hendi og það er okkar. Sykur er ekki hættuleg vara, en hann getur haft slæm áhrif á líkamsstarfssemi okkar ef við borðum of mikið af honum. Almennt er gott að miða við að sykurmagnið sem við neytum farið ekki yfir 10% af heildarneyslu dagsins.

**Nokkrar auðveldar leiðir til að draga úr sykurneyslu.**

- Ekki bæta sykri við morgunkornið, kaffi, te eða annað. Ef þú ert vön/vanur þessu, prófaðu að bæta ekki sykri við neitt slíkt í 10 daga. Ef það reynist þér um megn, notaðu þá gervistrásætu eins og Xylitol eða Splenda. Athugaðu þó að gervistrásæta getur, líkt og hvítur sykur, ýtt undir löngun í sykur.
- Ekki falla fyrir orðinu „heilsusykur“ sem oft er notað um hrásykur og brúnan sykur. Hitaeiningarnar eru allar til staðar og þetta hefur allt svipuð áhrif á líkamann.
- Dragðu úr neyslu á unnum matvælum (unnum kolvetnum), eins og brauði, pasta og kexi. Flest slík matvæli eru full af hveiti og öðrum óæskilegum einföldum kolvetnum sem eru lengi að skila sér úr líkamanum eða eru léleg orka.
- Passaðu þig á „fitulausu“ snakki, kexi, sósum og öðrum unnum matvælum. Þótt matur sé fitulaus þýðir það ekki að þú getir ekki fitnað af honum. Mjög mörg matvæli sem sögð eru fitulaus eru full af sykri. Skoðið innihaldslýsinguna og ef sykur er talin upp framarlega í lýsingunni er mikið af honum í vörunni.
- Innihaldslýsing vöru er leiðabókin þín. Vendu þig á að lesa hana, skoðaðu sykurmagn (hjá kolvetnum – carbohydrates) og fitumagn. Sykurmagnið skal alltaf vera lágt, en ef fitumagnið er hátt skoðaðu þá um hvers konar fitu er að ræða, mettaða eða ómettaða. Ef varan inniheldur mikið af fræjum, hnetum eða góðum olíum er um ómettaða/góða fitu að ræða. Hún er góð fyrir kólesteról líkamans og við upptöku fituleysanlegu vítamínanna A, D, E og K. Þetta eru oft svokallaðar lífsnauðsynlegar fitur (essential fats) sem vil viljum neyta, í litlu magni þó.
- Drekktu frekar sykurlaust gos í stað goss með sykri. Bara svo þú vitir það að það eru 55 g af sykri í einni 1/2 l gosflösku eða tveimur og hálfu glasi. Það eru um 18 sykurmolar! Úrvalið er orðið mjög mikið af sykurlausum gosdrykkjum í öllum bragðtegundum, svo það eru engar afsakanir lengur. Ég mæli auðvitað helst með sódavatni ef þú vilt fá þér gosdrykk, þar sem það inniheldur fæst aukaefni. En munið þó að vatnið er langbest!

*Farðu vel með þig - og betur án sykurs!*
*Kveðja, Borghildur*



Mýs sem fengu eplasafa stóðu sig betur í þrautum.

# Epli góð fyrir heilann

***Eplasafi spornar við hrörnun heilans.***

Glas af eplasafa er ekki bara gott heldur líka hollt og þá ekki síst fyrir heilann. Þetta er niðurstaða rannsóknar sem gerð var við Háskólann í Massachusetts. Epli innihalda andoxunarefni sem vernda heilann gegn hrörnun og eyðileggingu á frumum. Þessar frumur hrörna hjá eldra fólki og valda meðal annars minnistapi. Tilraunin var framkvæmd á músum. Niðurstaðan var sú að mýs sem fengu eplasafa stóðu sig betur í þrautum sem lagðar voru fyrir þær og heili þeirra skemmdist síður.



Listin getur hjálpað fólki að greiða úr tilfinningum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Listin læknar

***Listræn meðferð á sjúklingum reynist afar gagnleg samkvæmt nýjustu rannsóknum. Sjúklingar eru látnir tjá tilfinningar sínar og líðan með því að teikna, mála eða móta.***

Listræn meðferð felst í því að sjúklingar tjá sig ekki aðeins með orðum, heldur einnig með teikningum, málverkum eða skúlptúrum. Aðferðin hentar sérstaklega þeim sjúklingum sem eiga erfitt með að koma tilfinningum sínum í orð, svo sem börnum, Alzheimer-sjúklingum, og fólki sem fengið hefur heilablóðfall. Rannsóknir sem hafa verið gerðar á þessari tegund sjúkdómsmeðferðar hafa þó flestar miðast við krabbameinssjúklinga. Í rannsókn sem unnin var af Heilbrigðisstofnun Bandaríkjanna voru krabbameinssjúklingar látnir gangast undir átta vikna hópmeðferð þar sem listrænni meðferð og hugleiðslu var blandað saman. Sjúklingarnir sögðust finna mikinn mun á sér, vera minna stressaðir og kvíðnir auk þess sem meðferðin dró verulega úr þunglyndi. Sjúklingarnir sögðu meðferðina hafa bætt lífsgæði þeirra og aukið lífsgleðina.

Önnur rannsókn af svipuðu tagi skilaði sömu niðurstöðum, en erfitt var að segja til um hvort listræna meðferðin eða hugleiðslan gerði meira gagn. Menn voru þó á eitt sáttir að hugleiðslan og listræna meðferðin studdu hvor aðra, og sem slík reyndist meðferðin afar gagnleg. Þriðja rannsóknin sem unnin var á Northwestern Memorial-sjúkrahúsinu sýndi að klukkutími á dag í listrænni meðferði drægi verulega úr krabbameinstengdum einkennum, eins og verkjum, kvíða, þreytu, þunglyndi, lystarleysi og mæði. Eina einkennið sem ekki dró úr var ógleði.









bailine
NÝTT á Íslandi
Bailine vaxtarmótunarmeðferð
Eru línurnar vandamál?
Við bjóðum þér upp á ÓKEYPIS PRUFUTÍMA í tölvustýrðu þjálfunartæki á meðan þú liggur og slakar á í notalegu umhverfi.
Viltu grenna þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið.
Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.
Fyrir konur 18 ára og eldri.
Vegmúli 2 108 Reykjavík sími 568 0510 www.bailine.is

SJÓNARHÓLL
Gleraugnaverslun
Reykavíkurvegur 22
220 Hafnarfirði
565-5970
2 fyrir 1
Gott úrval umgjarða
1.000,-
frá morgni til hádegis
ALLA VIRKA DAGA
Full búð af nýjum umgjörðum
Fallegar umgjarðir
Þar sem gæðagleraugu kosta minna
www.sjonarholl.is

Xylitol
Sætt & sykurlaust
NÁTTÚRULEGT 100% SÆTUEFNI
► Jafn sætt og sykur en með 40% minna af kaloríum
► Hækkar ekki blóðsykur og er því kjörið fyrir sykursjúka og þá sem hugsa um heilsuna
► Hindrar bakteríuvöxt í tönnum og stuðlar því að góðri tannheilsu
XyloSweet sætuefni með Xylitol fæst í öllum helstu heilsubúðum
frekari upplýsingar um Xylitol er á www.simnet.is/xylitol

Fyrsta flokks íslenskur harðfiskur
GULLFISKUR
HOLLUSTA Í HVERJUM BITA
NÁTTÚRULEG ORKA 80% PRÓTÍN
FÆST Í BÓNUS

# Horfum á offitu úr rangri átt

*Í grein eftir þrjá bandaríska sérfræðinga sem birtist í Californian Journal of Health árið 2005 er bent á að viðhorf samfélagsins til offitu og orsaka hennar séu frá mjög brengluðu sjónarhorni.*


Margir sem þjást af offitu þurfa að þola fordóma frá öðrum sem og sjálfum sér.

Eins og umfjöllunin um offitu og einstaklingana sem þjást af henni er í dag mætti halda að það sé hverjum og einum einstaklingi að kenna að hann þjáist af offitu. Því hafa augu okkar lokast fyrir þeim samfélagslegu breytingum sem gætu hjálpað fólki til heilbrigðari lífsstíls. Samfélagslegri afstöðu gagnvart þyngd er hægt að skipta í fimm hluta og hafa þeir hver um sig umtalsverð áhrif á meðhöndlun og forvarnir gegn offitu.

Í fyrsta lagi er aðaláherslan lögð á þyngdina en ekki að borða heilsusamlega. Þetta leiðir af sér að einstaklingar leita frekar í vinsæla megrunarkúra sem lofa skyndiárangri í stað þess að nærast og léttast á heilbrigðan máta. Hefur þetta í för með sér að fólk missir móðinn þegar skyndilausnin virkar ekki eða gefur ekki langvarandi árangur.

Í öðru lagi einblínir fólk á þyngdina og hefur það mikil áhrif á geðheilsuna. Offitusjúklingar þurfa að berjast við þá fordóma að í ófullkomnum líkama sé ófullkomin manneskja. Vegna þessara fordóma eru miklar líkur á að offitusjúklingar þjáist af miklu þunglyndi og jafnvel sjálfsmorðshugleiðingum.

Í þriðja lagi geta brenglaðar hugmyndir samfélagsins um rétta þyngd leitt til átröskunar. Þegar unnið er á offitu er markmiðið að ná heilsusamlegri þyngd. Því miður er þó skilgreining samfélagsins á eðlilegri þyngd allt öðruvísi en skilgreining heilsustofnana. Eru hugmyndir samfélagsins byggðar á óraunverulegum fyrirmyndum úr afþreyingariðnaðinum.

Í fjórða lagi getur offitustimpillinn haft áhrif á forvarnir gegn offitu. Þegar of þungt fólk fer til læknis eða ætlar að taka sig á með líkamsrækt upplifir það ráðleggingar og vigtun sem þögla fordóma.

Í fimmta lagi heftir áherslan á offitu að fólk horfi til heilbrigðari lífsstíls. Af margvíslegum ástæðum hafa ekki allir sem þjást af offitu tækifæri til að léttast. Getur þetta veist fólki afar erfitt en samkvæmt rannsóknum er mikilvægara að sættast við sjálfan sig og lifa á heilbrigðan hátt en að léttast.

Samfélagsleg afstaða til þyngdar er sú að ef fólk er þungt eigi það að léttast sem hraðast, að feitt fólk sé ófullkomið, að fólk eigi að vera verulega grannt og að allir eigi að vera grannir. Þetta leiðir af sér meðvitaða og ómeðvitaða fordóma sem jafnvel offitusjúklingarnir sjálfir þjást af.

Hægt er að lesa greinina í heild sinni á www.preventioninstitute.org/documents/oword.pdf

jenny@frettabladid.is

# Ósamhverf brjóst eru áhættuþáttur

*Konur sem hafa brjóst sem eru ólík að stærð og lögun eru líklegri til að fá brjóstakrabbamein.*

Þær konur sem hafa brjóst sem ekki eru eins að lögun eru líklegri til að fá brjóstakrabbamein samkvæmt nýrri breskri rannsókn. Skoðaðar voru 252 röntgenmyndir hjá konum sem greinst höfðu með krabbamein og svipaður fjöldi röntgenmynda var skoðaður hjá konum sem voru heilbrigðar og myndirnar bornar saman.

Í rannsókninni var meðalstærðin á brjósti um 500 millilítrar. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að líkur þess að fá brjóstakrabbamein jukust um fimmtíu prósent fyrir hverja 100 millilítra sem munaði á brjóstunum. Tekið skal fram að 100 millilítra mismunur er ansi stór.

Rannsakendur leggja einnig áherslu á að brjóstakrabbamein sé háð mörgum öðrum þáttum og ekki óalgengt að brjóst kvenna séu að einhverju leyti ólík að lögun. Hins vegar gætu brjóst sem eru ólík að lögun verið einn þeirra áhættuþátta sem konur ættu að vera vakandi fyrir.

Frétt fengin af www.bbc.co.uk.


Konur þurfa að vera vakandi fyrir öllum áhættuþáttum þegar kemur að því að fyrirbyggja brjóstakrabbamein.


Sjónvarpsgláp er hættuminna en áður var talið.

# Sjónvarpinu ekki að kenna

Sjónvarpinu hefur verið kennt um agavandamál og athyglisbrest barna, og hafa rannsóknir stutt það. Samkvæmt nýrri rannsókn í Bandaríkjunum vilja vísindamenn meina að þetta sé ekki rétt. Í rannsókninni fylgdust foreldrar og kennarar með 5.000 börnum á tveggja ára tímabili og skráðu niðustöðurnar, sem leiddu í ljós að agavandamálið stafaði líklega af öðru en sjónvarpsglápi. Talið er að foreldrar barna með agavandamál og athyglisbrest grípi mjög oft til þess að láta börnin horfa mikið á sjónvarp til þess eins að fá smá hvíld.

Rannsóknin var unnin til þess að sjá hvort mikið sjónvarpsgláp á leikskólaaldri leiddi til athyglisbrests barna á fyrsta ári í grunnskóla.

Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðfitu og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.

vitamin.is
Heitustu vörurnar
Verslun Vitamin.is - Ármúla 32
s. 544 8000 • Opið mán-fös 10-18 & laug 11-15
Verslun Vitamin.is - Gránufélagsgötu 4 (JMJ Húsi)
s. 466 2100.
Opið mán-fös 16-18.30 & laug 11-13.

# Makamissir skárri á efri árum

***Þrátt fyrir að fólk leggist ekki í djúpa og langvinna sorg þegar makinn deyr þýðir það ekki að hjónabandið hafi verið slæmt. Þetta kemur fram í nýlegri bandarískri rannsókn.***

Í bandarískri rannsókn þar sem fylgst var með 1.500 pörum yfir 65 ára aldri voru skoðuð gæði hjónabandsins og áhrifin sem dauði makans hafði á þann sem eftir lifði. Nærri helmingur þátttakenda sem misstu maka sagði að hjónabandið hefði verið gott en að þeir hefðu getað tekist á við missinn án mikillar sorgar.

Áður var talið að þeir sem ekki syrgðu eiginmann eða eiginkonu með miklum mætti hefðu ekki átt gott samband við maka sinn eða væru í afneitun. Félagsfræðingurinn Deborah Carr sem leiddi rannsóknina sagði að 46 prósent ekkja og ekkla teldu að hjónaband sitt hefði verið gott. Þau hefðu trúað því að lífið væri sanngjarnt og sætt sig við að dauðinn væri hluti af lífinu. Þá taldi hún marga eftirlifendur fá talsverða huggun úr minningum um hinn látna.

Niðurstaða Carr var því sú að rannsóknin veitti góð rök fyrir því að konur og karlar sem næðu sér fljótt eftir missi væru ekki tilfinningalega fjarlæg, dofin eða í afneitun, heldur vel aðlagaðir einstaklingar sem brygðust við missi á heilbrigðan hátt.

Rannsóknin leiddi einnig í ljós að fyrir um tíu prósent fólks væri dauði maka léttir. Þetta fólk var yfirleitt þunglynt fyrir missinn en batnaði eftir dauða makans. Þá upplifðu sextán prósent ekkla og ekkja mikla sorg sem entist í meira en átján mánuði.

Líklegt er að niðurstöðurnar hefðu orðið aðrar ef fylgst hefði verið með yngra fólki. Talið er ljóst að eldra fólk geri sér grein fyrir dauðleika sínum. Því sé sorgin í samræmi við þá vitneskju að dauðinn fylgi aldrinum.



Þrátt fyrir að fólk syrgi maka sinn ekki í lengri tíma þarf það ekki að þýða að hjónabandið hafi verið slæmt.



Reykingar hafa áhrif á heilavirkni alkóhólista.

# Dregur úr heilavirkni

***Reykingar alkóhólista sem hættir eru að drekka koma í veg fyrir bata.***

Mikil drykkja alkóhólista getur dregið verulega úr vitsmunum og skilningi hans, og á það ekki aðeins við um þegar hann er drukkinn.

Ofdrykkja í lengri tíma veldur breytingum á heilanum og þar á meðal þeim hluta sem snýr að skilningi og vitsmunum, en verulega dregur úr þeim áhrifum þegar alkóhólistinn hættir alveg að drekka. Reykingar geta á hinn bóginn hægt á bata eftir að alkóhólistinn er orðinn þurr, og jafnvel þýtt að hann jafni sig aldrei. Í nýlegri rannsókn var alkóhólistum sem nýhættir voru að drekka skipt upp í tvo hópa, annars vegar þá sem reyktu og þá sem reyktu ekki. Mikill munur var á hópunum. Reykingahópurinn stóð sig verr í prófum sem tengdust skilningi og voru með mun verra minni. Auk þess sem heilavirkni þeirra var mun minni en hjá þeim sem reyktu ekki.

## málefni fatlaðra }

### Opið málþing

Landssamtökin Þroskahjálp og Öryrkjabandalag Íslands halda opið málþing á Grand Hótel Reykjavík í dag milli klukkan tíu og tólf. Á fundinum verður fjallað um persónulega liðveislu og einstaklingsbundna þjónustu.

Aðalfyrirlesari er Evald Krog, formaður heildarsamtaka fólks í Danmörku með vöðvarýrnunarsjúkdóma og einn þekktasti baráttumaður Dana í málefnum fatlaðs fólks. Á fundinum mun Evald kynna fyrirkomulag persónulegrar liðveislu og einstaklingsbundinnar þjónustu í Danmörku og lýsa reynslunni af því.

Að loknum fyrirlestri Evalds verður efnt til pallborðsumræðna. Þátttakendur eru auk hans þau Gerður Árnadóttir, formaður Þroskahjálpar, Sigursteinn Másson, formaður ÖBÍ, og Þór Þórarinsson frá félagsmálaráðuneytinu.







**Svefnpokar** eru fyrirtaks fermingargjöf, sem fermingarbarnið getur átt um árabil í útilegur innanlands sem utan.










# Stelpur með sítt og strákar stutt

***Léttir lokkar verða vinsælir í hári fermingarstúlknanna í vor ef marka má fagfólk í greininni.***

Sýning á greiðslum fermingarbarna var haldin í síðustu viku þar sem Silla á Hárbeitt í Hafnarfirði, Rán á Feimu í Ásholti og Robbi á Carter gáfu öðru hárgreiðslufólki góðar hugmyndir. Halldór Jónsson, sem flytur inn vörur frá Wella og Sebastian, stóð að sýningunni og Debenhams lánaði fatnað.

Enn er algengt að stúlkur safni hári fyrir ferminguna og því hefur hárgreiðslufólkið úr heilmiklu að moða þegar farið er að greiða. Áherslan er á mjúka liði og lokka þetta árið í hári fermingarstúlknanna en miðað við það sem fram kom á sýningunni hafa strákarnir hárið heldur styttra nú en síðustu ár.

Mikla fyrirhyggju þarf að viðhafa þegar fermingargreiðslur eru annars vegar. Oft byrjar fólk að panta þær í október til nóvember, fljótlega eftir að ljóst er hver fermingardagurinn verður. Hárgreiðslufólkið fær yfirleitt barnið til sín í viðtal nokkrum dögum fyrir ferminguna til að leggja línurnar fyrir daginn. Oft mætir það svo snemma morguns á sjálfan hátíðisdaginn til að allt sé búið í tæka tíð. Reikna má með að greiðsla taki um klukkutíma.

Myndirnar voru allar teknar á fyrrnefndri sýningu og tala sínu máli.





















Mugison gerir grín að eigin útlitsdýrkun og aurasýki þegar hann rifjar upp fermingardaginn.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Eins og stunginn grís

***Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, sér fermingardaginn sinn í spaugilegu ljósi nú sextán árum síðar.***

„Ég vildi auðvitað líta sem best út í partíinu," segir Mugison, sem fermdist í Breiðholtinu á sínum tíma og rifjar upp áhyggjur sem hann hafði af bólum sem voru farnar að láta á sér kræla í andlitinu á honum. „Það endaði með því að tveimur til þremur dögum fyrir ferminguna lánaði mamma mér fyrir húðhreinsun hjá einhverri kreistikerlingu. Hún hamaðist á andlitinu á mér í einn og hálfan tíma til að ná hverjum einasta fílapensli og svo fór ég í ljós á eftir. Það hafði ég aldrei gert áður. Ég ætlaði að verða rosa flottur en varð svo bara eins og stunginn grís og steiktur að auki."

Ekki segir Mugison samt eigið útlit hafa eyðilagt fyrir honum daginn en fleiri hlutir eru honum minnisstæðir. „Maður beið náttúrlega eftir því að allir færu úr veislunni til þess að geta farið að telja peningana og svo þegar það var búið hringdi ég í vini mína til að tékka á hvað þeir hefðu fengið mikið," segir hann og hlær. Spurður hvort hann hafi verði ánægður með afrakstur dagsins svarar hann. „Ég var ánægður með minn hlut þegar ég var búinn að telja því ég fékk fjörutíu þúsund kall. En svo hringdi ég í Árna vin minn og ég held að hann hafi fengið um 200 þúsund. Þá varð ég svolítið svekktur."

*gun@frettabladid.is*

ráð }

## Undirbúningur fermingar

FERMINGARUNDIRBÚNINGURINN ER SKEMMTILEGT VERKEFNI, SÉRSTAKLEGA EF ALLIR HJÁLPAST AÐ.

**Gott er að gera gestalista** í tíma og að sjálfsögðu þarf fermingarbarnið að vera með í ráðum. Sjálfsagt er að bjóða nokkrum vinum þess í veisluna, það er að segja þeim sem ekki eru sjálfir að fermast þann daginn.

**Boðskort** Viðeigandi er að útbúa boðskort með mynd af fermingarbarninu. Kannski getur það gert slíkt kort sjálft í tölvunni. Skynsamlegt er að mælast til þess að boðsgestir láti vita hvort þeir komi eða ekki, þá er auðveldara að reikna út hversu mikið þarf af veitingum.

ráð }

## Undirbúningur fermingar

**Minnislisti** Gott er að gera minnislista yfir þá hluti sem þarf að kaupa og huga að fyrir stóra daginn. Þá er hægt að krossa við hvert verkefni þegar því er lokið.

**Servíettur og kerti** Ef merkja á kerti og servíettur þarf að hugsa fyrir því í tíma en takið fermingarbarnið endilega með þegar farið er að velja því flest vilja vera með í ráðum um skreytingar í sinni eigin veislu.

**Skemmtiatriði** Upplagt er að lífga upp á veisluna með heimatilbúnum skemmtiatriðum. Kannski er fermingarbarnið, systkini, frændsystkini eða vinir í tónlistarnámi og til í að taka lagið en það getur þurft að undirbúa með smá fyrirvara.

**Fjöldasöngur** Það losar um spennu og eykur samkennd í gestahópnum ef hann tekur lagið saman. Upplagt er að útbúa hefti með nokkrum fjölrituðum textum til að dreifa um salarkynnin.










AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

**Brúðarvendir** geta verið af ýmsum toga, einfaldir eða íburðarmiklir. Engar reglur segja til um hvernig brúðarvendir eiga að vera. Veldu hann því í samræmi við brúðkaupsfötin og þinn smekk.






*Rýmingarsala - Frábær verð*

- *Brúðarkjólar*
- *Smókingar og kjólföt*
- *Hátíðarbúningar herra*

**Brúðarbær**
brúðakjóla- og fataleiga
Hjallabrekku 37, Kópavogi
Sími 554-0993

vísir VEF TV

NFS Í BEINNI
Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega
sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS




FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga


# Hátísku brúðarkjólar á tískuviku í Ungverjalandi

***Glæsilegir brúðarkjólar skreyttu opnunarhátíð fyrstu tískuviku Ungverjalands.***

Brúðarkjólar geta verið hreinustu meistaraverk. Þeir mega vera íburðarmiklir, með tjulli og bróderingum. Pilsið má vera tveir metrar í þvermál, því stærra því betra. Líklega er það með skemmtilegri verkum sem hönnuður tekst á við að hanna brúðarkjól. Ímyndunaraflið er leyst úr læðingi en þó skal kjóllinn ætíð vera virðulegur.

Ungverski tískuhönnuðurinn Tamas Naray hefur haft það í huga þegar hann hannaði brúðarkjólalínu sína „Mariage de Lux“. Kjólarnir voru sýndir af glæsilegum sýningarstúlkum á tískuviku sem haldin var í Búdapest í Ungverjalandi á dögunum en þetta er í fyrsta sinn sem eiginleg tískuvika er skipulögð þar í landi. Myndirnar sem fylgja eru allar úr smiðju Tamas Naray.



Ævintýralegur kjóll með rauðum borða. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Bleikur draumur.



Hver segir að brúðarkjóll þurfi að vera hvítur? Þessi gullni litur er ekki síður glæsilegur.



Hvítt og hefðbundið.

## Brúðkaupshátíð sígauna

VÍÐA UM HEIM HAFA ÞRÓAST MISMUNANDI HEFÐIR ÞEGAR KEMUR AÐ MAKAVALI OG BRÚÐKAUPUM.

Í Búlgaríu býr ættflokkur sígauna sem kallast blikksmiðir. Um sex hundruð þúsund manns tilheyra ættflokknum.

Blikksmiðirnir héldu á dögunum árlega brúðkaupshátíð í bænum Stara Zagora um 200 kílómetra austur af höfuðborginni Sofia. Mikill fjöldi fólks safnast þá saman en ógiftir ungir menn velja brúðir sínar á hátíðinni. Samkvæmt hefð ættflokksins verður tilvonandi brúðgumi að borga foreldrum brúðarinnar heimanmund. Hæsta upphæð sem krafist var í ár var um 1.500 hundruð dollarar fyrir fjórtán ára stúlku, en það eru um tíu mánaða meðallaun sígauna.



Sígaunadrengur kemur við brúði sína á brúðkaupshátíð blikksmiðaættflokksins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

[ ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is ]

# allt - sem þig vantar

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–22

TIL BIRTINGAR NÆSTA DAG ÞARF AÐ PANTA FYRIR KL. 14.30

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS 8–18
LAUGARDAG OG SUNNUDAG 11–16


notaðir bílar
Ingvar Helgason


OH588 Nissan Micra Vísia nýskr. 02/04, bsk., ek. 11 þús. km. Verð 1.070.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


PO694 Nissan X-Trail sport nýskr. 04/03, ssk., ek. 77 þús. km. Verð 1.830.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


MY947 Cadillac Srx nýskr. 11/03, ssk., ek. 29 þús. km. Verð 4.380.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


SS096 Subaru Impreza Wrx nýskr. 03/03, bsk., ek. 25 þús. km. Verð 1.950.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


YB108 Subaru Forester nýskr. 01/04, ssk., ek. 22 þús. km. Verð 2.030.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


VT578 Opel Meriva nýskr. 03/05, ssk., ek. 8 þús. km. Verð 1.620.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


JK556 Nissan Almera Acenta nýskr. 02/03, ssk., ek. 28 þús. km. Verð 1.180.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


AX914 Opel Vectra Elegance diesel nýskr. 07/05, ssk., ek. 19 þús. km. Verð 2.540.000. Tilboð 2.330.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


NN600 Subaru Impreza GX nýskr. 01/06, bsk., ek. 1 þús. km. Verð 1.970.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


SJ473 Peugeot 407 nýskr. 03/05, bsk., ek. 7 þús. km. Verð 2.090.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


YL513 Nissan Almera Acenta nýskr. 12/04, ssk., ek. 21 þús. km. Verð 1.550.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


UF850 Subaru Legacy Wagon nýskr. 02/05, ssk., ek. 22 þús. km. Verð 2.280.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


BX945 Mitsubishi L200 nýskr. 08/05, bsk., ek. 13 þús. km. Verð 2.280.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


YF133 Toyota Land Cruiser VX nýskr. 05/02, ssk, ek. 84 þús. km. Verð 2.980.000. Tilboð 2.740.000. 100% lánamöguleikar. Hafið samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.


Í fyrra ákvað maðurinn þó að sleppa gamlárskvöldi á klakanum og fara í stað þess með fjölskylduna á sólarströnd, því það kæmi út á það sama peningalega séð. Flugeldarnir sem aldrei kostuðu neitt voru sem sagt virði utanlandsferðar fyrir heila fjölskyldu þegar allt kom til alls.

Þessi saga gerir það að verkum að þegar mér er sagt að hlutirnir „kosti ekki neitt“ finnst mér eitthvað vafasamt í gangi. Það breyttist reyndar örlítið á honum svipurinn þegar ég sagði honum að ég væri búin að finna lausn. Hann gæti farið í allar þær veiðiferðir sem hann lysti, en ég myndi sjá um að skemmta sjálfri mér í sumar. Ég ætlaði að verða mér úti um „veiðifélaga“ sem nennti að fara með mér í sund um helgar, klóra mér á bakinu og kannski í helgarferðir til Parísar. Þetta framtak mitt vakti litla lukku og því bíð ég bara róleg með hvernig sumarið þróast. Ég hef að minnsta kosti góða hugmynd í bakhöndinni!

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Overli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Pú og pa

Eftir SÖB




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



# Dyrnar
## að þínum draumum



**RS21KCSM**
Lakkað Stál.
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og Klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**229.990,-**

### Skápar til innbyggingar
### Rústfrítt stál og ál

SAMSUNG



**RS21KLSR** - Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**299.990,-**



**RS21KLAL** - Ál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**329.990,-**

### Stál, kámfríir

SAMSUNG

**RS21DASM**
Lakkað Stál
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**189.990,-**



SAMSUNG
**kæli- og frystiskápar**

SAMSUNG

### Hvítir kæliskápar



**RS21NASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og LCD stjórnborð.
**139.900,-**



**RS21DASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**159.900,-**



**RS21FASV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn.
**169.900,-**



**RS21KCSV** Hvítt
Kælir og frystir 176 x 91x 72 cm tvö kælikerfi og klakavél og kælt vatn. Sér kælihólf í skápnum til að afþýða eða hraðkæla.
**199.990,-**

imago

### Einfaldir kæliskápar

SAMSUNG



**RL36EBSW** Hvítur
182 cm á hæð kælir og frystir
**69.990.-**



**RL39EBSM** Stál lakkaður
192 cm á hæð kælir og frystir
**89.990.-**



**RL39WBSW** Hvítur
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn
**89.990.-**



**RL39WBMS** Stál lakkað
192 cm á hæð kælir og frystir og með vatns tank fyrir kalt vatn.
**99.990.-**

### Umboðsmenn:
**Suðurland:** Árvirkinn Selfossi og Eyjaradio Vestmannaeyjum.
**Vesturland:** Model Akranesi.
**Vestfirðir:** Þristur Ísafirði.
**Norðurland:** Bókaverslun Þórarins Stefánssonar Húsavík, Kaupfélag Skagfirðinga Sauðárkróki, SR Byggingavörur Siglufirði, Krákur Blönduósi og Verslunin Urð Raufarhöfn.
**Austurland:** Verslunin Vík Egilsstöðum, Reyðarfirði og Neskaupstað, HS Raf Eskifirði, Beint í Mark Vopnafirði

RADIONAUST
Furuvöllum 5 • Sími 461 5000



ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530 2900
LÁGMÚLA 8 Sími 530 2800

Ný Ormsson verslun í Keflavík | Hafnargötu 25 | Sími 421 1535

**! Kl. 20**
*Á bókmenntakvöldi Dante-félagsins í Iðnó ræða Thor Vilhjálmsson og Halldór Guðmundsson um kynni Halldórs Laxness af Ítalíu en þau hófust árið 1925 er hann vann að Vefaranum mikla frá Kasmír. Allir velkomnir.*

# menning
menning@frettabladid.is

## Virkjanamál

Fræðsludeild Þjóðleikhússins stendur fyrir Réttarhöldum í kvöld kl. 20.30 sem að þessu sinni munu snúast um leikritið Virkjunina eftir Elfriede Jelinek. Þetta umdeilda verk fjallar öðrum þræði um virkjanaframkvæmdir og mannvirkjaáráttu mannsins. Þetta eru fjórðu Réttarhöldin sem haldin eru á vegum Fræðsludeildarinnar og er yfirskrift kvöldins „Sköpun eða eyðilegging?". Frummælendur verða Jóhannes Geir Sigurgeirsson, stjórnarformaður Landsvirkjunar sem nefnir erindi sitt „Maður og náttúra - annað hvort eða?", Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur sem fjallar um hugleiðingar leikskáldsins Elfriede Jelinek um nútímamanninn og Árni Finnsson, formaður náttúruverndarsamtaka Íslands, talar um íslensku virkjunina í víðu samhengi.
Aðeins örfáar sýningar eru eftir á verkinu sem leikstýrt er af Þórhildi Þorleifsdóttur en leikgerðina gerði María Kristjánsdóttir. Réttarhöldin fara fram í Dómsalnum í gamla Hæstaréttarhúsinu við Lindargötu 3, aðgangur er ókeypis og öllum opinn meðan húsrúm leyfir.


SIGRÍÐUR ÞORGEIRSDÓTTIR, HEIMSPEKINGUR

### > Ekki missa af...

Menningarvöku í Fella- og Hólakirkju annað kvöld kl 20.00. Sálumessa eftir Mozart, upplestur á ljóðum og passíusálmum og myndlist í bland. Allir velkomnir.

Listadögum barna og ungmenna í Garðabæ, fjölbreytt dagskrá alla vikuna þar sem allar skólastofnanir bæjarins taka þátt. Myndlistar- og danssýningar, tónleikar um allan bæ.

Kertaljósatónleikum Harðar Torfa í Borgarleikhúsinu 6. apríl nk. Vissara að tryggja sér miða í tíma.







# Útrás verður innrás

**Mannfræðingurinn Ólöf Gerður Sigfúsdóttir heldur erindi í hádegisfundaröð Sagnfræðingafélags Íslands í Þjóðminjasafninu þar sem hún fjallar um útrás íslenskra listamanna í samhengi við íslenska sjálfsmyndasköpun og menningarpólitík.**


**ÓLÖF GERÐUR SIGFÚSDÓTTIR MANNFRÆÐINGUR** Ræðir um sjálfsmyndasköpun og menningarpólitík í samhengi við íslenska listsköpun FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þegar rætt er um útrás nú til dags er alltaf einhver útgangspunktur, það er sennilega sá farangur sem útrásarfólkið tekur með sér, heimalandið eða uppruninn," segir Ólöf Gerður og vísar til þess að orðræðan um íslenska útrás kallast á við hugmyndir fólks um ímyndir og sjálfsmyndir. Íslenskir listamenn hafa sumpart rutt brautina fyrir frekari útrás Íslendinga erlendis en sú jákvæða athygli sem þeir hafa notið í gegnum tíðina hefur verið nýtt á margvíslegan hátt, til dæmis í markaðssetningu ferðamannaiðnaðarins hérlendis.

Útgangspunkturinn í erindi Ólafar Gerðar snýr að speglunaráhrifum þessarar útrásar á sjálfsmynd Íslendinga. „Ég hef búið erlendis og þegar ég heyri af þessari útrás eða hún kemur til mín, þá upplifi ég hana að hluta til eins og innrás því ég fæ nýjar hugmyndir um hvað það er að vera Íslendingur," útskýrir Ólöf Gerður og bætir við að um leið verði „hennar eigin útrás" að innrás í eigin sjálfsmynd.

### Listin og þjóðernið

Í erindinu mun Ólöf Gerður taka út ákveðnar hliðar á íslenskri listsköpun sem þó er vitaskuld mjög margræð og fjölbreytt. Ólöf Gerður áréttar að íslenskir listamenn séu alls ekki bara að fást við eitthvað íslenskt en bendir á að rauður þráður í gegnum íslenska listsköpun og umfjöllun hennar erlendis séu vísanir til náttúrunnar, víðáttunnar og smæðarinnar. „Það hefur verið mikið fjallað um útrás íslenskra listamanna í fjölmiðlum, en oftast er ekki mikið fjallað um listina sjálfa eða innihald hennar heldur er fréttin sú að einhver Íslendingur er erlendis eða hefur notið athygli þar," segir Ólöf Gerður og tekur dæmi af myndlistarmanninum Ólafi Elíassyni. „Í fjölmiðlum hér á landi var rætt um rómaða sýningu Íslendings en verkið var ekki rætt efnislega en þess var getið að í tilteknu erlendu blaði kæmi hvergi fram að Ólafur Elíasson væri Íslendingur."

### Landið og nærveran

Þessi endur skilgreining og þýðing þjóðernis fyrir íslenska listsköpun kemur inn á rannsókn sem Ólöf Gerður er að gera á tengslum listsköpunar og umræðu um list hér á landi í samhengi við listsköpun annarra fyrrum nýlenduþjóða. „Það hefur verið rætt um stöðuga nærveru Íslands í listsköpun hérlendis en ég velti fyrir mér hvort það er eitthvað líkt með þessari sterku nærveru landsins, sögunnar og hefðarinnar og listsköpunar svokölluðu fyrrum nýlenduþjóða, epnískra og óvestrænna lista og ég hyggst bera það saman við nýlenduumræðuna og hugmyndina um hið frumstæða og frumlega."

Hún bendir ennfremur á að umræðan um frumleika íslenskrar listar beri keim af orðræðunni um asíska og grænlenska list og tekur dæmi af vísunum til frumkraftsins, sem forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson, hefur til að mynda talað um að varðveist hafi hérlendis og skýrir að hluta til frumleika íslenskrar listar.

Rannsóknin er á byrjunarstigi en Ólöf Gerður kveðst setja fram ákveðnar hugmyndir og rannsóknarspurningar og vonast eftir líflegum umræðum um efnið. Erindi sitt flytur Ólöf Gerður í Þjóðminjasafninu í dag kl. 12.10 og eru allir velkomnir.

kristrun@frettabladid.is

# Ilmandi skáldskapur

Forleggjarar hjá Bjarti fengu jólafiðring um helgina þegar fyrsta handritið barst í hús og tilkynntu á heimasíðu sinni um væntanlega skáldsögu frá rithöfundinum Steinari Braga. Höfundurinn hefur dvalist erlendis um hríð og gátu útgefendurnir þess að umslagið bæri með sér framandi þef, „austrænan reykelsisilm eða einhverja skrýtna líkamslykt" sem verður forvitnilegt að kynna sér hvernig skilar sér í lokaútgáfu bókarinnar. Steinar Bragi hefur getið sér gott orð fyrir skáldsögur sínar þrjár - Turninn, Áhyggjudúkkur og Sólskinsfólkið. Þá hefur hann einnig gefið út ljóðabækur og máski er von á einhverri áleitinni exótík frá höfundinum sem er þekktur fyrir martraðarkenndar en sannferðugar samtímalýsingar í verkum sínum. ■


STEINAR BRAGI, RITHÖFUNDUR

# Vilt þú betri vexti til að klára dæmið?

TILBOÐS VEXTIR!

# 13,6%*

**Dæmi um greiðslubyrði**

| Fjöldi ára | 200.000 kr. | 400.000 kr. | 600.000 kr. | 800.000 kr. | 1.000.000 kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 19.101 | 37.454 | 55.807 | 74.161 | 92.514 |
| 2 | 10.385 | 20.143 | 29.901 | 39.658 | 49.416 |
| 3 | 7.480 | 14.372 | 21.265 | 28.158 | 35.050 |
| 4 | 6.027 | 11.487 | 16.947 | 22.407 | 27.868 |
| 5 | 5.155 | 9.756 | 14.357 | 18.957 | 23.558 |
| 6 | 4.574 | 8.602 | 12.629 | 16.657 | 20.685 |
| 7 | 4.159 | 7.790 | 11.396 | 15.014 | 18.633 |
| 8 | 3.848 | 7.159 | 10.471 | 13.782 | 17.093 |

**Forsendur:** 1% lántökugjald - 1,5% stimpilgjald - 13,6% vextir - Kostnaður lánaður

Sæktu um lán...

**www.s24.is**

S24 ...og þú hagnast

**533 2424 – Sætún 1**

*Miðað við vaxtatöflu S24 01.02.2006, sjálfvirka skuldfærslu af reikningi hjá S24.
M.v. að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem S24 setur varðandi lánveitingar.
Tilboð þetta gildir til 31.05.2006.

ÓPERUSTÚDÍÓ
NÓTT Í FENEYJUM
EFTIR JOHANN STRAUSS
Nótt í Feneyjum

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**
**Frumsýning fim. 29. mars kl. 20**
2. sýn. fös. 31 mars kl. 20 – UPPSELT – 3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20
4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20 – 5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20
6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - SÍÐASTA SÝNING

www.opera.is | opera@opera.is | **Sími: 511 4200**

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

GLITNIR
ÍSLENSKA ÓPERAN

BORGARLEIKHÚSIÐ

| Stóra svið | Nýja svið / Litla svið |
|---|---|
| **RONJA RÆNINGJADÓTTIR** | **BELGÍSKA KONGÓ** |
| Lau 25/3 kl. 14 UPPS. Su 26/3 kl. 14 UPPS. | Fi 23/3 kl. 20 UPPS. Fi 6/4 kl. 20 |
| Lau 1/4 kl. 14 UPPS. Su 2/4 kl. 14 UPPS. | Fö 7/4 kl. 20 Lau 6/5 kl. 20 |
| Lau 8/4 kl. 14 UPPS. Su 9/4 kl. 14 | Su 7/5 kl. 20 Su 14/5 kl. 20 |
| Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30 | **ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR** |
| Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14 | Fö 24/3 kl. 20 UPPS. Lau 25/3 kl. 20 UPPS. |
| Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 20 | Fi 30/3 kl. 20 Fö 31/3 kl. 20 100. SÝNING |
| **CARMEN** | Lau 1/4 kl. 20 |
| Lau 25/3 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING! | ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK |
| **TALAÐU VIÐ MIG -ÍD-** | **HUNGUR** |
| Su 26/3 kl. 20 Blá kort Fö 31/3 kl. 20 | Fi 23/3 kl. 20 Fö 24/3 kl. 20 |
| SÍÐUSTU SÝNINGAR! | SÍÐUSTU SÝNINGAR |
| **WOYZECK** | **NAGLINN** |
| Fi 23/3 kl. 20 Á LEIÐ TIL LONDON | Lau 25/3 kl. 20 |
| **KALLI Á ÞAKINU** | SÝNINGAR HEFJAST AÐ NÝJU Í ENDA APRÍL |
| Fi 13/4 kl. 14 skírdagur Lau 15/4 kl. 14 | **GLÆPUR GEGN DISKÓINU** |
| Má 17/4 kl. 14 annar í páskum | Su 26/3 kl. 20 |
| Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti | **FORÐIST OKKUR** |
| Lau 22/4 kl. 14 | Lau 1/4 kl. 20 Su 2/4 kl. 20 |
| **FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP** | Fi 6/4 kl. 20 UPPS. Fö 7/4 kl. 20 |
| Su 30/4 kl. 20 UPPS. Má 1/5 kl. 20 UPPS. | Lau 8/4 kl. 20 Su 9/4 kl. 20 |
| Þri 2/5 kl. 20 UPPS. Mi 3/5 kl. 20 UPPS. | Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20 |
| Su 7/5 kl. 20 UPPS. Má 8/5 kl. 20 UPPS. | Lau 22/4 kl. 20 Su 23/4 kl. 20 |
| Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS. | **KERTALJÓSATÓNLEIKAR** HARÐAR TORFA |
| Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30 | FIMMTUDAGINN 6/4 Kl. 20 |
| Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 | |
| Fö 26/5 kl. 22:30 Su 28/5 kl. 20 | |
| Fi 1/6 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20 | |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
ÁTTA KONUR
**Frumsýning fös. 31/3 uppselt**, 2. sýn. lau. 1/4 örfá sæti laus, 3. sýn. sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus
TÚSKILDINGSÓPERAN
Sun. 26/3 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning.**
VIRKJUNIN
Lau. 25/3. **Allra síðasta sýning.**

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00
ELDHÚS EFTIR MÁLI
Mið. 22/3 **uppselt**, fim. 23/3 **uppselt**, **aukasýning fös. 24/3** nokkur sæti laus, lau. 25/3 **kl. 17:00 uppselt**, sun. 26/3 **uppselt**, fim. 30/3 **uppselt**, fös. 31/3 **uppselt**, lau. 1/4 **uppselt**, sun. 2/4 nokkur sæti laus, fim. 6/4, fös. 7/4, lau. 8/4.

KASSINN KL. 20:00
PÉTUR GAUTUR
Í kvöld þri. 21/3 **uppselt**, mið. 22/3 **uppselt**, fös. 24/3 **uppselt**, lau. 25/3 **uppselt**, mið. 29/3 **uppselt**, lau. 1/4 **kl. 16:30 uppselt**, sun. 2/4 **kl. 17:00 uppselt**, **aukasýning þri. 4/4,** mið. 5/4 **uppselt**, fim. 6/4 **uppselt**, fös. 7/4 **uppselt**, lau. 8/4 **uppselt**, sun. 9/4 **uppselt**, fös. 21/4 **uppselt**, lau. 22/4 **uppselt**, sun. 23/4 **uppselt**, mið. 26/4 **uppselt**, fim. 27/4 **uppselt**, fös. 28/4 **uppselt**, lau. 29/4 **uppselt**. **Aukasýningar í maí: Lau. 6/5, sun. 7/5.**

DÓMSALURINN
**Í kvöld þri. 21/3 kl. 20:30** "Sköpun eða eyðileggin?"
**Réttarhöld** í tengslum við **Virkjunina**. Aðgangur ókeypis og öllum opinn.
**Fim. 23/3** og **lau. 25/3 kl. 21:00 Hindarleikur** - Danshöfundasmiðja Íslenska dansflokksins og dansbrautar leiklistardeildar LHÍ í samvinnu við Þjóðleikhúsið.
Nánari upplýsingar á heimasíðu Íslenska dansflokksins **www.id.is**

LEIKHÚSKJALLARINN
**Jassklúbburinn Múlinn - Bræðingssveit Jóa Ás og Erik Qvick.**
Mið. 22/3 kl. 21:00.
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

# Hláturtíð í Borgarleikhúsinu



**LEIKARAR BORGARLEIKHÚSSINS ÆFA NÝJAN FARSA** Landslið grínista færir á svið farsann Viltu finna milljón í leikstjórn Þórs Tulinius. FRÉTTABLAÐIÐ/

Þessa dagana er landslið íslenskra grínista að hefja æfingar á leikritinu Viltu finna milljón? eftir Ray Cooney. Leikskáldið ætti Íslendingum að vera að góðu kunnugt því Cooney er höfundur leikritanna Tveir tvöfaldir sem sýnt var við gífurlegar vinsældir í Þjóðleikhúsinu og farsans Með vífið í lúkunum sem fór á fjalir Borgarleikhússins við ekki minni fögnuð. Leikstjórinn Þór Tulinius, sem einnig leikstýrði hinu síðarnefnda, endurtekur nú leikinn og setur upp Viltu finna milljón? í tengslum við mikla hláturhátíð sem haldin verður í Borgarleikhúsinu í vor.

„Þetta er alveg sprenghlægilegt verk," segir Þór. „Hvað myndir þú gera ef þú fyndir tösku með 400 milljónum og vissir að enginn gæti farið til lögreglunnar?" Búið er að heimfæra söguna af heppna skattstofustarfsmanninum en þýðandi er Gísli Rúnar Jónsson. „Þetta er alveg ótrúlegt, það er bara eins og þetta sé sönn saga," segir Þór.

Sá heppni býr ásamt konu sinni á Barónsstígnum og leika Eggert Þorleifsson og Helga Braga Jónsdóttir hjónin. „Þetta er vanur maður sem sér að féð er illa fengið en hann ákveður að þetta sé hans tækifæri eftir að hafa þrælað hjá skattinum í 30 ár og fer beint í að panta flug – aðra leið," segir Þór en árettar að málið sé vitaskuld ekki svo einfalt og heilmiklar flækjur og taugaveiklun fylgi í kjölfarið. Meðal annarra leikenda eru Þórhallur Sigurðsson (Laddi), Bergur Þór Ingólfsson og Marta Nordal.

Hláturhátíð Borgarleikhússins hefst 28. apríl en þar verður kímnigáfa landans tekin til skoðunar sem og birtingarmyndir grínsins í ýmsum miðlum. Helstu skemmtikraftar hússins munu bjóða upp á líflega dagskrá, Sigmund og Hugleikur Dagsson sýna skopmyndir, boðið verður upp á hláturnámskeið í umsjón Ástu Valdimarsdóttur og saga íslenskra útvarpsgrínþátta verður rakinn í tali og tónum.

Í tengslum við hátíðina koma gestir frá Akureyri og sýna leikritið Fullkomið brúðkaup sem slegið hefur í gegn hjá Leikfélagi Akureyrar, leikritið Forðist okkur eftir Hugleik Dagsson fer aftur á svið líkt og sýning Guðmundar Ólafssonar, Tenórinn, sem sýnd var við góðan orðstír í Iðnó á síðasta ári. Einnig verður boðið upp á klæðskiptingakvöld með Pörupiltum og dragdrottningum, uppistand og önnur skemmtilegheit sem létt geta lund fólks og geð langt fram á sumar.

**- khh**

IÐNÓ
*Leikfélagið Snúður og Snælda* sýnir leikritið
**GLÆPIR OG GÓÐVERK**
**Byggð á verki Antons Delmer, "Don't utter a note"**
**Leikstjóri: Bjarni Ingvarsson**
**leikgerð: Sigrún Valbergsdóttir**

**Sýningar í IÐNÓ**
**12. sýning mið. 22. mars** kl. 14.00
**13. sýning mið. 26. mars** kl. 14.00
**14. sýning sun. 29. mars** kl. 14.00
Sýningar eru miðvikudaga og sunnudaga kl. 14.00
**Ath. sýningum fer fækkandi**
**Miðapantanir í Iðnó s. 562 9700 og við innganginn www.midi.is Miðaverð kr. 1.200**

HIMNARÍKI
SÍÐUSTU SÝNINGAR Á HIMNARÍKI
Lau. 25. mars. kl. 20
Fös. 31. mars. kl. 20
*Síðasta sýning.*

**VIÐTALIÐ**
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur
fös. 24. mars kl. 20
sun. 26. mars kl. 20

HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

# Lífið eftir Skaftárelda

Skaftáreldar 1783 og atburðir tengdir þeim verða rifjaðir upp á Kirkjubæjarklaustri um páskana á árlegri dagskrá sem nefnist Sigur lífsins. Dagskráin er dagana 13. til 16. apríl og samanstendur meðal annars af sögugöngum, útivist á söguslóðum og helgihaldi. Sérstaklega verður fjallað um lífsbaráttu íbúanna undir einstakri handleiðslu séra Jóns Steingrímssonar, sem fékk viðurnefnið eldklerkurinn.

Dagskráin hefst á skírdagskvöld með messu í Minningarkapellu séra Jóns, en á föstudaginn langa heldur Hjalti Hugason, prófessor í guðfræði við Háskóla Íslands, erindi í Minningarkapellunni sem nefnist: Jón Steingrímsson og þróun sjálfsmyndar á Íslandi. Af öðrum dagskrárliðum má nefna að Gunnar Þór Jónsson les kafla úr Sögum frá Skaftáreldi og Jón Helgason lóðsar gesti um sögusvið Skaftárelda.

Dagskránni lýkur með göngu á páskadagsmorgun frá Kirkjubæjarklaustri að hátíðarmessu á Prestsbakka. Hún er haldin er á vegum Kirkjubæjarstofu, í samvinnu við Guðfræðideild Háskólans og sóknarnefnd Prestsbakkasóknar.



**MINNINGARKAPELLA SÉRA JÓNS** Fjallað verður um lífsbaráttu íbúanna eftir Skaftárelda. FRÉTTABLAÐIÐ/ NJÖRÐUR HELGASON

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS
18 19 20 **21** 22 23 24
**Þriðjudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 20.30 **Kammersveit Reykjavíkur** og glerhörpuleikarinn **Thomas Bloch** leika í **Þorlákshafnarkirkju**.

### FYRIRLESTRAR

☐ 12.00 **Rachael Johnstone** heldur fyrirlestur á vegum **Lögfræðitorgs** Háskólans á Akureyri um eftirlitsstofnanir tengdar mannréttindasáttmálum og samábyrgð stjórnvalda. Fyrirlesturinn heldur Johnstone í stofu L201, á Sólborg við Norðurslóð.

☐ 12.10 **Ólöf Gerður Sigfúsdóttir** mannfræðingur heldur erindi í hádegisfundaröð **Sagnfræðingafélags Íslands** í Þjóðminjasafninu. Fjallað verður um útrás íslenskra listamanna í samhengi við íslenska sjálfsmyndarsköpun og menningarpólitík.

☐ 20.30 Réttarhöld Fræðsludeildar Þjóðleikhússins í tengslum við leikritið **Virkjunin** eftir **Elfriede Jelinek** í Dómsalnum, gamla Hæstaréttarhúsinu við Lindargötu 3. Frummælendur **Jóhannes Geir Sigurgeirsson** og **Sigríður Þorgeirsdóttir**.

### SAMKOMUR

☐ 20.00 Málefnakvöld í **Stúdentakjallaranum** þar sem rætt verður um kosti og galla virkjana. Gestir verða meðal annars **Kolbrún Halldórsdóttir**, **Þorsteinn Hilmarsson** og **Ragnhildur Sigurðardóttir**.

☐ 20.00 **Thor Vilhjálmsson** og **Halldór Guðmundsson** ræða um kynni **Halldórs Laxness** af Ítalíu á bókmenntakvöldi Dante-félagsins í **Iðnó**. Allir velkomnir.

### UPPÁKOMUR

☐ 17.00 **Stóra upplestrarkeppnin** í Garðabæ fer fram í sal Tónlistarskólans í Garðabæ og marka upphaf **Listadaganna** í bænum.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

# Öðruvísi en Gaggó Vest

**Brynjólfsmessa heitir nýtt tónverk eftir Gunnar Þórðarson sem verður frumflutt um næstu helgi. Messan er helguð minningu Brynjólfs biskups Sveinssonar, en í fyrra voru liðin 400 ár frá fæðingu hans.**



**GUNNAR ÞÓRÐARSON** Hefur samið ótal dægurlög en vildi ögra sjálfum sér með því að semja klassísk tónverk. FRÉTTABLAÐIÐ/ PJETUR

Brynjólfsmessa er latnesk messa fyrir einsöngvara, kór, barnakór og hljómsveit. Gunnar samdi verkið sumarið 2005, en þetta er hans annað tónverk. „Ég samdi messu fyrir Víðistaðakirkju árið 2000 í tilefni þúsund ára afmælis kristni á Íslandi og mig langaði til að semja aðra,“ segir Gunnar.
Messan er samin við messutexta Skálholtsskirkju – messuliðina Kyrie, Gloria, Credo, Sanctus, Benedictus og Agnus Dei – en inniheldur einnig latneskan texta eftir Brynjólf biskup, sem sat í Skálholti frá 1539 til 1674.

Gunnar er einn afkastamesti dægurlagahöfundur landsins, en kveðst hafa byrjað að stúdera klassíska tónlist fyrir tíu til fimmtán árum. „Ég hef samið svo mörg dægurlög og vildi fara að ögra sjálfum mér með einhverju nýju, þannig að þetta var kannski rökrétt framhald.“ Gunnar segir það vissulega frábrugðið poppsmíðunum að semja klassíska tónlist. „Þetta er að minnsta kosti öðruvísi en Gaggó Vest,“ segir hann og hlær.

Messan verður flutt þrisvar, fyrst í Keflavíkurkirkju laugardaginn 25. mars, í Skálholtskirkju sunnudaginn 26. mars og í Grafarvogskirkju miðvikudaginn 29. mars. Að flutningi verksins koma rúmlega hundrað manns úr kórum Keflavíkur-, Skálholts- og Grafarvogskirkna, auk barnakóra kirknanna og einsöngvara úr fremstu röð, þeirra Sigrúnar Hjálmtýsdóttur sópran og Jóhanns Friðgeirs Valdimarssonar tenor. Kammersveitin Jón Leifs Cammerata annast undirleik en verkinu verður stjórnað af organista hverrar heimakirkju fyrir sig, þeim Hákoni Leifssyni í Keflavík, Hilmari Erni Agnarssyni í Skálholti og Herði Bragasyni í Grafarvogi.

Að sögn Gunnars er verið að kanna möguleika á að taka flutninginn upp og gefa út. Spurður hvort hann sé með fleiri verk í pípunum vill hann hins vegar sem minnst gefa upp. „Ég er alltaf að semja og á sjálfsagt eftir að láta meira að mér kveða í klassíkinni. En tölum um það þegar þar að kemur.“

bergsteinn@frettabladid.is


SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Yfir 150.000 gestir daglega.

Stórmarkaður í stofunni heima.

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá















fjörið ... **Fólk** folk@frettabladid.is

# Góður árangur Iðnskólans

Hópur nemenda við Iðnskólann í Reykjavík vann á dögunum þriðju verðlaun fyrir hönnun á sýningarbás Iðnskólans á sýningunni Verk og vit sem var haldin í Laugardalshöll.

Nemendurnir voru í samkeppni við stórfyrirtæki í byggingariðnaði, innflutningi og þjónustu sem sem hafa úr hópi atvinnuhönnuða að velja og er því um óvenju góðan árangur að ræða.

Haldin var samkeppni innan hönnunarbrautar Iðnskólans í Reykjavík um kynningarbás fyrir skólann og var tillaga Laufeyjar Björgu Sigurðardóttur valin. Nemendur af öðrum námsbrautum skólans komu síðan inn í undirbúning, smíði og gerð kynningarefnis eftir því sem verkinu fleygði fram. „Þetta voru flottir básar hjá hinum þannig að það var mjög skemmtilegt að vinna þessi verðlaun,“ segir Laufey. „Það var áfangi í skólanum með samkeppni sem þema. Við tókum nokkur þátt og sendum nafnlausa tillögu. Þar var mín valin og svo unnum við allur hópurinn sem hafði sent inn tilllögur að þessari hugmynd minni. Síðan fengum við ljósmyndara- og margmiðlunardeildina og smiði, málara og rafvirkja til að hjálpa okkur,“ segir Laufey, sem stefnir á framhaldsnám í arkitektúr á Norðurlöndunum.

Hátt á annað hundrað nemendur stunda nám á hönnunarbraut og eru flestir að undirbúa sig fyrir frekara nám í arkitektúr, vöruhönnun, grafískri hönnun og í öðrum hönnunargreinum á háskólastigi. Starfrækt eru tvö kjörsvið hönnunar á listnámsbraut, þ.e. almenn hönnun og auk þess keramikhönnun í samvinnu við Myndlistaskólann í Reykjavík.



**HÖNNUNARHÓPURINN** Frá vinstri: Pétur Blöndal, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Elsa Giljan Kristjánsdóttir, Baldur Gíslason skólameistari og Laufey Björg Sigurðardóttir.

## Hvað fékkstu í fermingargjöf?

Vilborg Dagbjartsdóttir skáld:

### Hanskar og slæða

Ég fermdist í Neskaupstað 14. maí 1944. Ég fékk ýmislegt smálegt, hanska, slæðu og fleira slíkt og var ánægð með mitt þótt ég fengi ekki stóra hluti enda voru gjafirnar aðalatriðið.



Ég var líka í fallegum fermingarkjól og hafði fengið fallega rauða kápu sem ég var mjög ánægð með. Ég var að heiman þegar ég var fermd og það var ekki haldin fyrir mig fermingarveisla, en ég var ánægð því ég leit fyrst og fremst á þetta sem atburð í mínu lífi sem skipti máli. Mér þótti afar vænt um séra Guðmund Helgason sem fermdi mig og var mjög dugleg að læra það sem hann setti fyrir og suma sálmana kann ég enn í dag.

Hermann Gunnarsson sjónvarpsmaður:

### Úr frá mömmu og pabba

Það er alveg á mörkunum að ég muni svo langt aftur, ég þyrfti helst að fara upp á Þjóðminjasafn. Upp úr stóð úrið sem ég fékk frá pabba og mömmu og var af tegund sem þótti fjarskalega fín.



Á þessum tíma var líka mikil tíska að gefa bakpoka og svefnpoka og ég held að ég hafi fengið fjögur stykki af hvoru. Þetta þóttu kjörgripir en ég notaði þá reyndar aldrei. Ég var þó himinlifandi með daginn og gjafirnar. Ég var reyndar dálítið óheppinn því nokkrum árum seinna fermdist systir mín og þá var komið í tísku að gefa peninga. Ég rétt missti af því.

Margrét Kristín Sigurðardóttir tónlistarkona:

### Rautt torfæruhjól

Ég fékk eldrautt torfæruhjól með löngu sæti. Ég var enn í því að hjóla í torfærum þótt ég væri komin á fermingaaldur og kunni ekki alveg að meta skartgripi enn þá. Ég man að gjöfin gladdi mig heilmikið, því það var verið að byggja í hverfinu hjá mér svo það var nóg af drullupollum og torfærum til að hjóla í og ég var dugleg að nýta mér þær. Ég fékk reyndar skartgripi og raðaði þeim fallega í skríni sem ég fékk líka.



Arnmundur Ernst Björnsson nemi:

### Kossa- og tantrabækur

Ég fékk ábyggilega þúsund bækur og er ekki búinn að lesa helminginn af þeim ennþá. Þetta voru nokkrir doðrantar, þar á meðal Íslandsklukkan eftir Halldór Laxness og hún hefur komið sér mjög vel. Ég fékk líka bók um hvernig á að kyssa og tvær tantrabækur. Vinafólk mömmu fannst ég víst orðinn nógu gamall til að læra um slíkt. Ég fékk ekki mikið af græjum en notaði peningana sem mér voru gefnir til að kaupa tölvu og annað eins. Að gefa pening klikkar ekki.



# MÝRIN RÚLLAR AF STAÐ

**Morð er framið í Norðurmýrinni. Allt tiltækt lögreglulið er kallað á vettvang en enginn þorir að snerta neitt fyrr en Erlendur rannsóknarlögreglumaður hefur skoðað aðstæður. *Freyr Gígja Gunnarsson* brá sér á staðinn og fylgdist með.**

„Þetta er dæmigert Mýrarveður,“ heyrist einn starfsmaður segja en úr fjarska er sagt „cut“ og „gó“. Kvikmyndatökuvélin rúllar, hljóðmaðurinn er með hljóðnemann á lofti, tökur á Mýrinni eftir samnefndri skáldsögu Arnald Indriðason eru hafnar. Kvikmyndatökulið frá Blue Eyes hefur hertekið Norðurmýrina en Baltasar Kormákur er þar að ýta úr vör sinni fjórðu mynd, Mýrinni.

Margir bíða spenntir eftir að sjá útkomuna en samnefnd bók Arnaldar Indriðasonar hefur notið mikilla vinsælda frá því að hún kom út árið 2000. Þrátt fyrir kulda og nokkur snjókorn er vart annað að sjá en að allir viðstaddir séu glaðir. Veðurguðirnir virðast ætla vera kvikmyndagerðarfólkinu hliðhollir að þessu sinni, eitthvað sem getur ráðið úrslitum um hvernig til tekst.

Að sögn Baltasars er áætlað að tökum ljúki um miðjan apríl en myndin fer um víða völl, frá Reykjavík til Grindavíkur og Sandgerðis. Hann segir fyrsta tökudaginn hafa gengið án mikilla hnökra, allt taki sinn tíma enda verið að smyrja tökuvélina. Hann hafði lítinn tíma til að tala, leikarar og tökulið biðu eftir næstu skipun.

Alvöru reykvískir lögreglumenn standa álengdar og einn þeirra hefur á orði að það hljóti að vera erfitt að taka upp lögreglumynd með jafnmörgum atvinnumönnum sem áhorfendur. Annar horfir á fyrstu tökuna og hvíslar að félaga sínum að þetta atriði verði örugglega tekið upp nokkrum sinnum.

Ingvar E. Sigurðsson er þó hvergi að sjá en hann fær það vandasama verk að koma Erlendi til skila á hvíta tjaldið. „Er að setja sig inn í hlutverkið,“ segir heimildarmaður blaðsins. Við nánari eftirgrennslan kemur í ljós að leikarinn situr inni í sægrænum Volvo og fer vandlega yfir línurnar sínar. „Erlendur er eins og allir vita frekar ómannblendinn sem vill lítið við blaðamenn tala,“ segir einn starfsmaður myndarinnar og þar við situr. Björn Hlynur skartar á hinn bóginn skærbláum rannsóknarhönskum í hlutverki Sigurðar Óla og reynir að fá hugsanlegt vitni til að ræða við sig. Valdimar Örn Flyngering flýr hins vegar af hólmi sem flugmaður og vill sem minnst af morðinu vita. Vonbrigðin leyna sér ekki í andliti lögreglumannsins. „Cut!“ öskrar leikstjórinn og tökuvélin er hreinsuð. Farið er yfir það sem er vel gert og hvað þarf að bæta. Síðan er hafist handa á nýjan leik.

Lögreglumaðurinn skarpi hefur sennilega rétt fyrir sér, sama hversu marga hringi er gengið um svæðið, alltaf dettur blaðamaður niður á sama atriðið. Þolinmæði er dyggð stendur einhvers staðar skrifað og það á vel við um gerð kvikmyndar.



**LEIÐBEININGAR GEFNAR** Valdimar Örn Flyngering leikur nágranna hins myrta og hér gefur leikstjórinn Baltasar honum leiðbeiningar fyrir framhaldið. FRÉTTABLAÐIÐ / HEIÐA



**STUTT Í GRÍNIÐ** Þrátt fyrir flestir hafi sennilega bölvað kuldakastinu voru aðstandendur Mýrarinnar hæstánægðir. „Draumaveður,“ sagði einn starfsmaður.



**HVENÆR KEMUR AÐ MÉR?** Reykvískir lögreglumenn eru kvikmyndagerðarfólkinu innan handar enda er hugsað út í öll smáatriði.



**SIGURÐUR ÓLI KEMUR TIL SKJALANNA** Björn Hlynur Haraldsson tók sig vel út með skærgræna hanska í hlutverk Sigurðar Óla sem reynir að tali af hugsanlegu vitni.



**ALLTAF SAMA ATRIÐIÐ** Lögreglumennirnir fylgdust grannt með öllu því sem fram fór en þeir höfðu á orði að erfitt væri að gera lögreglumynd undir vökulu auga atvinnumanna.



**FEST Á FILMU** Einhverjum kann að hafa brugðið í brún þegar þá bar að garði í Norðurmýrinni en við fyrstu sýn var eins og alvarlegur glæpur hefði verið framinn.



**MYNDAVÉLIN HREINSUÐ** Eftir hverja töku er nauðsynlegt að fjarlæga öll óhreinindi. Mönnum gefst þá líka smá tími til að anda og velta málunum aðeins fyrir sér.



**EITTHVAÐ NÝTT?** Á milli takna gefst tækifæri til að ræða aðeins málin.



**NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR** Hér sjást allar nauðsynlegar upplýsingar um atriðið sem tekið var upp í gær.



**BEÐIÐ EFTIR KALLINU** Bið spilar töluvert hlutverk í kvikmyndagerð og hér er beðið eftir að kallið kemur frá leikstjóranum.




FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

PANTAÐU Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS

Fíton/SÍA F015872




**SMÁRABÍÓ** SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 |
| BIG SÝND Í Í LÚXUS | kl. 3.40, 5.45, 8 og 10.15 B.I. 14 ÁRA |
| RENT | kl. 8 og 10.45 B.I. 14 ÁRA |
| YOURS MINE AND OURS | kl. 4 og 6 |
| PINK PANTHER | kl. 3.45, 5.50, 8 og 10.10 |
| NANNY MCPHEE | kl. 3.40 og 5.50 |
| WALK THE LINE | kl. 8 og 10.45 B.I. 12 ÁRA |

**REGNBOGINN** SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| RENT | kl. 5.20 B.I. 14 ÁRA |
| CAPOTE | kl. 5.30 og 8 B.I. 16 ÁRA |
| BROKEBACK MOUNTAIN | kl. 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| CONTANT GARDENER | kl. 10.20 B.I. 16 ÁRA |

**Borgarbíó** SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| PINK PANTHER | kl. 8 |
| BIG MOMMA'S HOUSE 2 | kl. 6, 8 og 10 |
| YOURS, MINE & OURS | kl. 6 |
| RENT | kl. 10 B.I. 14 ÁRA |

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

Dolby SDDS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað






**BÚSETI**

**AÐALFUNDUR BÚSETA HSF**

Aðalfundur Búseta hsf. Reykjavík verður haldinn 11.apríl kl. 18:00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Breytingartillögur má nálgast á skrifstof og á heimasíðu félagsins www.buseti.is

Skeifan 19, 108 Reykjavík, Sími 5205788



Ford F-250 - Einn verklegasti bíll landsins !

Fluttur inn nýr af umboði.
Crew Cab - skráður 6 manna ( ath. ekki skráður sem vörubíll ! )
7,3 l Power stroke diesel, turbo og intercooler, K&N loftsía.
Superchip tölvukubbur - opið púst, ARB loftlæsingar að framan og aftan,
Kastaragrind og 6 LightForce kastarar, Spil og tjakkfestingar framan og aftan, 46" Baja Claw dekk - negld og microskorin - óslitin, 18" stálfelgur með Bead lock (frá Magga felgu ),
38,8" Parnelli Jones dekk - rúmlega hálfslitin, 150 l aukaolíutankur með dælu milli tanka,
CB talstöð - VHF talstöð - NMT sími, Garmin gps C182, 2 stk Quick-Air loftdælur samtengdar með þrýstirofa og 10 l loftkútur Slanga með hraðtengjum
og loftþrýstimæli til að pumpa í dekk , o.fl o.fl.

**Tilboð óskast**

Bílabúð Benna
Notaðir Bílar - Bíldshöfða 10
587-1000 - Bílasalan Skeifan




**HJÁLMAR** Reggísveitin vinsæla verður á Akureyri um næstu helgi.

# Hjálmar á Akureyri

Reggísveitin Hjálmar heldur tónleika á Græna Hattinum á Akureyri laugardaginn 25. mars. Þetta eru einu opinberu tónleikar Hjálma á Íslandi þangað til í sumar en sveitin ætlar að leika á tónleikum víðsvegar um Evrópu í sumar.

Hjálmar sóttu Græna Hattinn heim síðasta sumar og var stemmingin á þeim tónleikum mjög góð.

Aðgangseyrir á tónleikana er 2.000 kr. og er forsala hafin á midi.is og í Skífu- og BT-verslunum um allt land. Húsið opnar kl. 21 á laugardaginn og Hjálmar stíga á stokk um klukkustund síðar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Leikkonan **Angelina Jolie** mun leika í framhaldsmyndinni Sin City 2 eftir að hún hefur eignast barnið sem hún ber undir belti. Að sögn Rosario Dawson, sem lék í fyrri myndinni, hefur tökum verið frestað af þessum sökum. Myndin verður byggð á teiknimyndasögum Franks Millers, A Dame to Kill for og Lost, Lonely and Lethal.



Leikarinn **Macaulay Culkin** segist hafa orðið að bera vitni í réttahöldunum yfir Michael Jackson til að verja heiður sinn. Culkin, sem sló í gegn í Home Alone-myndunum, vildi ekki koma nálægt málinu til að byrja með en fann sig knúinn til þess eftir að hann var nefndur sem dæmi um dreng sem hefði orðið fyrir kynferðislegri misnotkun af hendi Jacksons.



Sjónvarpsstöðin Fox hefur ákveðið að framleiða tvær nýjar þáttaraðir af **Simpsons-fjölskyldunni**. Þar með hefur verið tryggt að þættirnir muni ná 400 þátta markinu. Um þessar mundir er sautjánda þáttaröðin af þessum vinsælu teiknimyndum sýnd í bandarísku sjónvarpi.



Leikarinn **Russell Crowe** hefur fest kaup á meirihlutanum í ruðningsliðinu Rabbitohs frá Sydney í Ástralíu. Crowe hefur alla tíð verið mikill ruðningsaðdáandi og ákvað því að láta drauminn rætast og eignast sitt eigið lið.






# Þriðja plata Fagens

Tónlistarmaðurinn Donald Fagen, annar af leiðtogum sveitarinnar Steely Dan, hefur gefið út sólóplötuna Morph the Cat.

Þetta er þriðja sólóplata Fagens. Sú fyrsta, The Nightfly, kom út 1981 og sú næsta á eftir, Kamakiriad, kom út 1993.

Á plötunni blandar Fagen saman djass, sálartónlist og annars konar stefnum. Umfjöllunarefnið er ástin, dauðinn og heimavarnir.

„Ég er farinn að eldast dálítið og er farinn að hugsa meira um dauðann,“ segir Fagen. „Móðir mín lést 2003 og það var mikið áfall fyrir mig. Þegar foreldrar manns deyja hefur það að sjálfsögðu rosaleg áhrif á mann. Þessi plata fjallar því að miklu leyti um dauðann þótt það hljómi ekki mjög upplífgandi,“ segir Fagen.



**DONALD FAGEN** Annar af leiðtogum Steely Dan hefur gefið út sína þriðju sólóplötu.




# Farandverkamenn?

**[TÓNLIST]**

UMFJÖLLUN

Loksins ratar plata í spilarann minn sem hljómar ekki eins og neitt annað sem er í gangi í dag. Það virðist gerast sjaldnar og sjaldnar þessa dagana. Ég hef því ástæðu til að anda örlítið léttar en vanalega.

Þegar maður þekkir sögu þessarar sveitar þá útskýrir það ágætlega hvers vegna hvert lag kemur úr allt annarri átt en það sem á undan var. Til að byrja með eru liðsmenn ellefu talsins. Svo margir að það er nær ómögulegt að ná þeim öllum í myndatöku á sama tíma. Þetta er því í rauninni ekki hljómsveit í sama skilningi og flestir nota orðið í, heldur bara stór vinahópur frá Kanada sem er á launum við það að halda partíinu gangandi á milli landa og hljóðvera. Hmm... hljómar eins og gott starf, hvar finn ég umsóknareyðublað?

Þessi nýja plata hljómsveitarinnar, sú þriðja í röðinni og heitir nafni hennar, hljómar allt öðruvísi en fyrri plötur sveitarinnar enda hljóma lögin stundum sjálf eins og að þau séu með annarri hljómsveit. Ein ástæða þess er að auk tugsins sem mótar sveitina og semur lögin þá koma margir gestir við sögu, Fólk úr öðrum sveitum á borð við Stars og Do Make Say Think.

Það svífur þó keimlíkur andi yfir þessari plötu frá upphafi til enda. Hún rennur í gegn eins og lækur, með hljóðversbrellum sem eru jafnvel ekki fyrir neðan virðingu hörðustu aðdáenda My Bloody Valentine. Þannig séð er tónlist Broken Social Scene í þetta skiptið svolítið skyld speisuðu rokki á borð við Spiritualized eða Spacemen 3. Mikið um að vera, mikið af fljótandi endurvarpi og elífu fjöri.

Þetta er plata sem hljómar stundum eins og risastórt partí í vöruskemmu þar sem hver gestur er með sitt hljóðfæri. Í þessu partíi er eitthvað fyrir alla, stelpulag flutt af stelpum fyrir stelpupartíin og svo endar platan á ruddalegu sveittu strákalagi fyrir eldhússpjall strákanna. Flest hin lögin sveima einhversstaðar þarna á milli, og þá dansa allir saman. Ég verð svo að taka ofan fyrir upptökustjóranum David Newfeild fyrir að ná að halda svona vel utan um þetta og ná að móta svona heilsteypt verk úr jafn mikilli vitleysu. Hann hefur líklegast verið edrú gæinn sem tók til eftir að allir hinir höfðu lognast út af.

Birgir Örn Steinarsson



**BROKEN SOCIAL SCENE:**

BROKEN SOCIAL SCENE

**Niðurstaða:** Farandpartíið frá Toronto í Kanada kristallast í æðislegri þriðju breiðskífu. Broken Social Scene hefur aldrei hljómað svona vel eða heilsteypt.

# Nektardans fyrir Hayek

Hjartaknúsarinn Colin Farrell dansaði ballettdans nakinn fyrir framan mótleikkonu sína Salma Hayek fyrir tökur á nektaratriði í kvikmyndinni Ask the Dust.

Með athæfinu vildi Farrell létta andrúmsloftið áður en tökur á atriðinu hófust. Salma segist hafa falið sig fyrir Farrell því hún vissi hvaða orð hann hefði á sér. „Ég kom loksins út úr búningsherberginu og þar var Colin allsnakinn og hoppaði í léttum ballettdansi. Ég fór að hlæja og náði að slaka á," sagði hún.



**COLIN FARRELL** írski leikarinn hjálpaði Sölmu Hayek að slaka á fyrir nektaratriði.
FRÉTTABLAÐIÐ/REUTERS





## Nýir Mercedes Benz eftirársbílar

| | lager | innfluttur í dag | OKKAR VERÐ | mismunur |
|---|---|---|---|---|
| C 200 Coupe | 1 stk. | 4.190.000 | 2.990.000 | 1.200.000 |
| C 200 KOMPR. | 3 stk. | 4.890.000 | 3.690.000 | 1.200.000 |
| C 240 | 3 stk. | 5.450.000 | 4.190.000 | 1.260.000 |
| C 240 Wagon | 1 stk. | 5.190.000 | 4.190.000 | 1.000.000 |
| C 320 | 2 stk. | 6.150.000 | 4.490.000 | 1.660.000 |

birt með fyrirvara á prentvillum

MASTER

Glæsibæ / Álfheimum 74 / 104 Reykjavík / sími 540-2200 / www.masterbill.is



## Aðstoð við skattframtalsgerð

Aðstoð við skattframtalsgerð fyrir félaga í aðildarfélögum **Samiðnar, Rafiðnaðarsambands Íslands, MATVÍS** og **félaga í Félagi bókagerðarmanna** verður í dag, þriðjudaginn 21. mars, kl. 16:00-19:00 í húsakynnum Virðingar hf.

Virðing VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Borgartúni 30, 3. hæð 105 Reykjavík Sími 520-9800



## Rétt skal vera rétt

Sagt var frá því í Fréttablaðinu í gær að Þórður Birgisson, framherji HK, hefði fótbrotnað í æfingaleik liðsins gegn Val um helgina eftir að hafa lent í návígi við Baldur Aðalsteinsson. Hið rétta er að Baldur var hvergi nálægt þegar óhappið átti sér stað.

**sport**

sport@frettabladid.is

**FIMLEIKAKAPPINN RÚNAR ALEXANDERSSON:** HAFNAÐI AÐEINS Í 6. SÆTI Á ÍSLANDSMÓTINU Í FJÖLÞRAUT

# *Týpískur dagur þar sem ekkert gekk upp*

Íslandsmótið í fimleikum var haldið með pompi og prakt um helgina þar sem þau Viktor Kristmannsson og Sif Pálsdóttir urðu Íslandsmeistarar í fjölþraut. Úrslitin í karlaflokki komu nokkuð á óvart þar sem búist var við sigri Rúnars Alexanderssonar, sem tók þátt á sínu fyrsta Íslandsmóti í tvö ár. Rúnar átti hins vegar afleitan dag þegar keppt var í fjölþrautinni, nánast ekkert gekk upp og hann hafnaði aðeins í 6. sæti.

„Þetta var bara svona týpískur dagur þar sem ekkert gengur upp. Ég get ekki sagt nákvæmlega hvað klikkaði. Þetta var einfaldlega ekki minn dagur," sagði Rúnar þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær, skömmu áður hann hélt til síns heima í Riga í Lettlandi. Rúnar sýndi sitt rétta andlit á síðari deginum þegar keppt var í einstökum áhöldum og sigraði örugglega í þeim áhöldum sem hann leggur mesta áherslu á, bogahest, hringi og tvíslá. „Ég var ánægður með mína frammistöðu á seinni deginum en auðvitað er ég ekki sáttur með helgina í heild sinni," sagði keppnismaðurinn Rúnar, sem er óðum að ná sér eftir að hafa farið í stóra aðgerð á öxl vegna meiðsla sem höfðu lengi plagað hann.

„Ég er allur að koma til. Ég er orðinn heill og nú er ég að vinna í því að koma mér í almennilegt keppnisform," segir Rúnar, sem



hefur nú búið í Riga í bráðum fimm ár og hefur lifibrauð sitt af því að stunda fimleika. „Mér líður mjög vel þar og er að æfa með fimleikamönnum sem eru í fremstu röð. Ég stefni á HM og EM í haust og allur minn undirbúningur miðast að því að toppa á ÓL í Peking," segir Rúnar, sem samhliða æfingum hefur verið að læra til íþróttakennarans og klárar það nám í vor. „Ég stefni á að komast á ÓL en eftir þá fer maður að kenna öðrum fimleika og reyna að miðla reynslunni sem maður hefur fengið á keppnisferlinum."

## > Bjarni orðinn atvinnumaður

Unglingalandsliðsmaðurinn Bjarni Þór Viðarsson er formlega orðinn atvinnumaður hjá Everton eftir að hafa skrifað undir samning þess efnis um helgina. Samkvæmt upplýsingum frá Everton var það aðeins í raun formsatriði að ganga frá samningnum, en þegar Bjarni Þór gekk í raðir félagsins frá FH fyrir tveimur árum síðan var gengið frá því að hann yrði á svokölluðum unglingasamningi fram að 18 ára aldri. Bjarni varð 18 ára þann 5. mars sl. og tók því ekki langan tíma að ganga frá atvinnumannasamningnum.





**PETER GRAVESEN** Lenti í slagsmálum við samherja á æfingu og var látinn fara.

Peter Gravesen:

## Fór frá Herfölge vegna agabrots

**FÓTBOLTI** Peter Gravesen, danski leikmaðurinn sem gekk í raðir Fylkis í Landsbankadeildinni fyrir helgi, varð falur eftir að hafa verið uppvís að agabroti hjá Herfölge, danska liðinu sem hann var áður á mála hjá. Eftir því sem fram kemur á heimasíðu stuðningsmanna Herfölge vill enginn stjórnarmanna félagsins segja í hverju agabrotið felist og að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hafi ekki tekist að finna út hvað Gravesen hafi gert af sér.

Heimildir Fréttablaðsins herma að Gravesen hafi átt í deilum við einn samherja sinna og hafi lent í handalögmálum við hann á æfingu fyrir skemmstu. Úr varð að Gravesen var látinn fara frá félaginu og að því er fram kemur á stuðningsmannasíðu Herfölge voru bæði leikmaðurinn og félagið sátt með þá niðurstöðu. Það lítur því út fyrir að Peter sé með engu síðra skap en bróðir sinn Thomas Gravesen hjá Real Madrid. - vig

# Nýja stjarnan í danska boltanum

**Hörður Sveinsson hjá Silkeborg hefur fengið mikla athygli í dönskum fjölmiðlum eftir magnaða byrjun hans hjá þarlendu úrvalsdeildarliði. Hörður mun að öllum líkindum verða keyptur til félagsins.**

**FÓTBOLTI** Keflvíkingnum Herði Sveinssyni er lýst sem nýjustu stjörnunni í Danmörku um þessar mundir en draumabyrjun hans hjá Silkeborg hefur vakið mikla athygli þar í landi.

Midtjyllands Avis, stærsta dagblaðið í nágrenni Silkeborg, talar um Hörð sem gull af framherja sem hafi staðið sig framar vonum. Haft er eftir Kent Madsen, stjórnarformanni Silkeborg, að „gullið" sé jafnframt tryggt og gengið hafi verið frá öllum samningum við Keflavík og Hörð. Því gætu toppfélögin í Danmörku ekki fengið hann til sín en nokkrir fjölmiðlar ytra halda því fram að þau hafi þegar rennt hýru auga til „íslenska víkingsins," eins og hann er nefndur á meðal stuðningsmanna Silkeborg.

Samið hefur verið um kaupverð á Herði en Rúnar Arnarson, formaður knattspyrnudeildar Keflavíkur, sagði við Fréttablaðið í gær að gengið hefði verið frá því áður en Hörður fór út. Hörður staðfesti jafnframt að hann hefði þegar samþykkt þriggja ára langan samning sem Silkeborg bauð honum.

„Það vissi enginn neitt um hann áður en hann kom til Danmerkur. Allir í Silkeborg og í Danmörku eru furðu lostnir yfir þessum frábæra leikmanni sem datt nánast



**NÝJASTA STJARNAN Í DANMÖRKU** Hörður Sveinsson sést hér vera í þann mund að átta sig á því að hann hefði komið liði sínu Silkeborg yfir gegn meisturum Bröndby í dönsku úrvalsdeildinni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/JAKOB STIGSSEN

hérna inn til okkar," sagði Peter Sørensen, blaðamaður á Midtjyllands Avis, við Fréttablaðið í gær.

„Hann er nýja stjarnan hérna í Danmörku og hefur fengið mjög mikla athygli. Það eru allir að tala um hann og hversu góður hann er auk þess sem það hafa birst stórar greinar í öllum stóru dagblöðunum í Danmörku," sagði Sørensen.

Viggo Jensen, þjálfari liðsins, er ánægður með bæði Hörð og Bjarna. „Hörður hefur komið með ferska vinda inn í liðið og gripið fyrisagnirnar þar sem hann hefur verið að skora. Við vorum með Hörð á æfingum í eina viku áður en við ákváðum að fá hann. Við sáum að hann hefur yfir miklum hæfileikum á að búa en auðvitað var ekki hægt að sjá fyrir þessa velgengni," sagði Jensen við Fréttablaðið í gær.

„Hörður er klókur framherji og ég er viss um að hann kemur að lokum til okkar, að sjálfsögðu viljum við semja við hann. Samningurinn er á borðinu og við væntum þess að gengið verði frá þessu fljótlega," sagði Jensen.

„Mér hefur verið tekið frábærlega hér. Þetta er lítill en fínn klúbbur og mér líður vel hérna. Það er gaman að lesa nafnið sitt í blöðunum hérna. Ég er búinn að stimpla mig ágætlega inn en nú er það undir mér komið að fylgja þessu eftir," sagði Hörður í gær en spennandi verður að fylgjast með framgangi Keflvíkingsins sem verður 23 ára gamall á föstudaginn.

hjalti@frettabladid.is




Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka, spáir í leik KR og Snæfells í kvöld:

# Í svona leik skiptir viljinn öllu máli

**KÖRFUBOLTI** „Þegar komið er í svona oddaleik er þetta bara spurning um vilja – hvort liðið langar meira að komast áfram. Einhver smávægileg meiðsli eða þreyta gleymist þegar í svona leiki er komið." Þetta segir Ágúst Björgvinsson, þjálfari karla- og kvennaliðs Hauka, spurður um stórleik kvöldsins í körfuboltanum – oddaleik KR og Snæfells í 8-liða úrslitum Iceland-Express deildar karla.



**ÁGÚST BJÖRGVINSSON**

Baráttan hefur verið gríðarleg í þeim tveimur leikjum sem búnir eru í þessu einvígi KR-inga og Snæfellinga og hafa liðin unnið hvor sinn útileikinn. Í þeim báðum hafa úrslitin ekki ráðist fyrr en á síðustu mínútu og telur Ágúst að það sama verði uppi á teningnum í DHL-höllinni í kvöld.

„Ég er eiginlega viss um að þetta ræðst ekki fyrr en í blálokin. Þessi leikur verða eins og þeir tveir fyrri, mikil átök og gríðarleg spenna," segir Ágúst sem viðurkennir þó að Snæfellingar hafi heillað hann meira í þeim leikjum sem búnir eru.

„Mér finnst þetta vera miklu meira lið hjá Snæfell. Það er einhvern veginn ekki sami neistinn og samstaða hjá KR. Þetta sást greinilega í fyrsta leiknum og eftir hann bjóst ég við því að Snæfell myndi taka þetta í tveimur leikjum. En KR-ingar sýndu að það er ýmislegt í þá spunnið með því að vinna í Hólminum. Þetta er liðið sem hafnaði í 3. sæti og gerir sér vonir um að verða Íslandsmeistari. Það má að sjálfsögðu ekki afskrifa KR," segir Ágúst, en hann hefur þó vissar efasemdir um ágæti Melvins Scott, bandaríska leikmannsins hjá KR.



**MELVIN SCOTT** Ágúst Björgvinsson er ekki sérlega hrifinn af þessum bandaríska bakverði KR og telur hann vera eigingjarnan leikmann sem eigi það til að spila samherja sína hreinlega út úr leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Persónulega er ég ekkert sérlega hrifinn af honum. Hann gerir voðalega mikið fyrir sjálfan sig og ekki nógu mikið fyrir liðið. Hann tekur ótímabær skot og á það til að til að spila samherja sína hreinlega út úr leikjunum," útskýrir Ágúst. Hann telur einnig að það forskot sem KR hafi með heimaleikjaréttinum verði í lágmarki.

„Heimavöllurinn skiptir auðvitað máli en ég held jafnframt að það verði jafnmargir áhorfendur úr Hólminum og úr Vesturbænum."

*En hverjir fara áfram?*

„Ég spáði Snæfell 2-1 sigri fyrir einvígið og ég verð að standa við það. Mér finnst Snæfell heilsteyptara lið og ég held að þeir muni klára þetta."

- vig

## ÚR SPORTINU

ÍBV og sænska liðið Örebro eru í samningaviðræðum um kaupverðið á enska miðjumanninum Ian Jeffs. Kappinn var til reynslu í Svíþjóð á dögunum og ku vera áhugasamur um að ganga til liðs við þennan fornfræga klúbb sem spilar í 2. deildinni þar í landi. Líklegt er að liðin náði samkomulagi í vikunni en þó gæti svo farið að ÍBV haldi í Jeffs sem er einn allra besti leikmaður liðsins.

Fylkir ætlar ekki að semja við miðjumanninn Tariq Khalil frá Wales sem var til reynslu hjá liðinu um helgina. Khalil þótti ekki standa sig nægilega vel á æfingunum en hann leikur með Cardiff í heimalandi sínu og hefur staðið sig vel með varaliði félagsins.

Íslandsmeistarar FH munu líklega bjóða danska varnarmanninum Peter Madzen samning. Þar með gætu þeir rænt honum fyrir framan nefið á Keflvíkingum sem fengu hann til sín á reynslu í febrúar og buðu honum svo samning. Madzen er miðvörður og stóð sig prýðilega á æfingum hjá FH en þeir verða án fyrirliða síns Auðuns Helgasonar í sumar vegna meiðsla.



Jalieski Garcia, leikmaður Göppingen og íslenska landsliðsins, er enn og aftur tábrotinn. Alls er óvíst hversu lengi Garcia verður frá en ólíklegt verður að teljast að hann geti verið með íslenska landsliðinu í æfingabúðum í Þýskalandi um páskana.

Valsstúlkur fá að vita það í dag hverjir andstæðingar þeirra verða í undanúrslitum EHF-bikarkeppninnar í handbolta. Tvö lið frá Rúmeníu eru í pottinum og eitt frá Frakklandi sem er væntanlega vænlegri kosturinn sé tekið mið af kostnaði við ferðalög.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MARS

19 20 20 **21** 22 23 24

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- 19.50 **KR** og **Snæfell** mætast í oddaleik í úrslitakeppni Iceland-Express deildar karla í körfubolta.

### SJÓNVARP

- 18.30 **Gillette sportpakkinn** á Sýn.
- 19.35 **Enska bikarkeppnin** á Sýn. Bein útsending frá leik **Liverpool** og **Birmingham.**
- 19.50 **Körfubolti** á Sýn Extra. Bein útsending frá oddaleik **KR** og **Snæfells.** Sýndur á Sýn kl 21.40.

Iceland Express deildin
Úrslitakeppni
KR - Snæfell
DHL – Höllin
20. mars kl. 20:00
DHL

Jakob Jóhann Sveinsson náði frábærum árangri á Meistaramótinu um helgina:

# Áætlunin gekk fullkomlega upp

**SUND** Jakob Jóhann Sveinsson úr Ægi átti góða helgi á Meistaramóti Íslands í sundi um helgina. Jakob bætti sitt eigið met í 100 metra bringusundi um 5 hundraðshluta úr sekúndu en hann synti á tímanum 1.02.27. Fyrir afrekið fékk hann tvo bikara, Guðmundsbikarinn og Pálsbikarinn fyrir besta árangur karlmanns í mótinu sem og besta árangur mótsins.

„Mér gekk bara nokkuð vel og er þokkalega sáttur við árangurinn. Ég er sérstaklega mjög sáttur með 100 metra bringusundið,“ sagði Jakob Jóhann með hógværðina uppmálaða í samtali við Fréttablaðið í gær.



**JAKOB JÓHANN SVEINSSON** Er þegar farið að hlakka til Evrópumótsins í sundi í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Ég er búinn að æfa eins og venjulega en hvíldi ekki eins mikið fyrir þetta mót og maður gerir öllu jafna fyrir svona stór mót. Það gat gerst að ég yrði þreyttur en sem betur fer þá gerðist það ekki og áætlun mín gekk því fullkomlega upp þar sem ég var í góðu formi,“ sagði Jakob sem hann er á leiðinni til Hollands um páskana.

„Sundlandsliðið fer til Amsterdam um páskana þar sem ég ætla að einbeita mér að 200 metrunum, ég gerði það ekki um helgina en ég vona að ég nái góðum tímum þar. Svo er ég farinn að verða verulega spenntur fyrir Evrópumótinu í sumar og er bjartsýnn á góðan árangur þar eftir gott gengi undanfarið. Það er því kominn fiðringur í mann,“ sagði Jakob Jóhann að lokum. - hþh

Brynjar Björn Gunnarsson:

# Höfum haldið einbeitingunni

**FÓTBOLTI** Brynjar Björn Gunnarsson, leikmaður Reading, segir að einbeiting hafi skilað liðinu á þann stall sem það er komið á. Reading er með 91 stig þegar átta umferðir eru eftir en félagið hefur sextán stiga forystu á Sheffield United sem er í öðru sæti og tuttugu stig eru í Leeds í þriðja sætinu.

„Við höfum þurft að hafa einbeitinguna í fullkomnu lagi allt tímabilið, sér í lagi þegar allir töluðu um að við værum komnir upp. Við náðum að einbeita okkur að einum leik í einu,“ sagði Brynjar en liðið getur gulltryggt úrvalsdeildarsætið um helgina þegar liðið leikur gegn Leicester. - hþh



Íbúðalánasjóður styrkir háskólanema

Í tilefni afmælisins Húsnæðislán í 50 ár veitir stjórn **Íbúðalánasjóðs** námsmönnum í háskólanámi styrki til rannsókna á sviði húsnæðismála.

Styrkirnir nema **2.500.000 kr.** árlega og verða veittir í þrjú ár, fyrsta styrkveitingin er á þessu ári.

**Umsóknarfrestur er til 30. apríl 2006.**

Val á umsóknum grundvallast á því að rannsóknirnar nýtist starfssemi **Íbúðalánasjóðs** á hverjum tíma.

Nánari upplýsingar á **www.ils.is**

FABRIKAN

www.ils.is | Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími: 569 6900 - 800 6969 | Fax: 569 6800

Íbúðalánasjóður

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„It only took me one night to realize if brains were dynamite you couldn't blow your nose.“**

**Svar:** Debbie Dunham úr kvikmyndinni American Graffiti frá árinu 1973.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON VIÐURKENNIR VANDA SINN

# *Bjarga gáfulegar samræður sjónvarpsglápinu?*

Ég heiti Freyr og ég er sjónvarpsfíkill. Hef glímt við þetta vandamál frá því að ég man eftir mér. Á mínum yngri árum mundi ég sjónvarpsdagskrána utan að og gat horft á hvað sem er: Santa Barbara, Með Afa eða þrjú-myndina á Stöð 2. Allt til að svala þessari óseðjandi fíkn.

Ég áttaði mig fyrst á þessu vandamáli þegar ég las grein í dagblaði um bandarísk hjón sem voru með sjónvarp í hverju horni. Gat vel hugsað mér slíkan lúxus. Þau voru með sjónvarp í forstofunni, í eldhúsinu og meira að segja á klósetinu. Í fyrstu hljómaði þetta eins og lúxus en það breyttist æði fljótt þegar bróðir minn greindi mér frá því að við sjónvarpsgláp notuðum við heilann minna en í svefni. Áhyggjurnar hvolfdust yfir mig og margar vafasamar spurningar kviknuðu í heilanum. Gat verið að ég væri smátt og smátt að drepa heilann með einhverju innantómu þvaðri frá imbakassanum?

Ég hef því reynt að halda toppstykkinu við með því að ræða við kærustuna mína um hin og þessi vandamál sem birtast á skjánum. Haldið að „gáfulegar“ samræður yfir sjónvarpinu ættu að duga til að halda heilabúinu við. Mundi nefnilega eftir atriði úr kvikmyndinni When Harry Met Sally þegar Billy Crystal hélt því fram við Meg Ryan að Ilsa Lund hefði gert mistök með því að velja Victor Lazlo í stað Rick Blaine á meðan þau horfðu á Casablanca.

Við ákváðum að nýta tækifærið til fulls þegar Sex and the City birtist á skjánum. Tókum upp símann og ræddum um vandamál Carrie, Samantha, Miröndu og Charlotte. Þátturinn öðlaðist vissulega nýtt skemmtanagildi en um leið og sjónvarpið varð svart áttaði ég mig á því að þetta var blekkingin ein. Ég vissi ekkert hvað ég hafði verið að horfa á og var í raun slétt sama hvort þær stöllur lentu á sjens. Bróðir minn hafði haft rétt fyrir sér enn og aftur: Heilinn er í hvíld við sjónvarpsgláp.



**CARRIE BRADSHAW** Þrátt fyrir heiðarlega tilraun til að gera sjónvarpsgláp að einhverri vitsmunalegri athöfn var það blekkingin ein.



▶ 20.30 *Gaman*

GILMORE GIRLS



▶ 20.50 *Spenna*

LAS VEGAS



▶ 22.15 *Spenna*

SUPERNATURAL



▶ 20.00 *Lífstíll*

HOW CLEAN IS YOUR HOUSE



▶ 19.35 *Fótbolti*

BIRMINGHAM – LIVERPOOL

## SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Fræknir ferðalangar (28:52) **18.25** Draumaduft (3:13)

**18.30 Gló magnaða (43:52)** (Kim Possible)
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
▶ **20.30 Mæðgurnar (3:22)** (Gilmore Girls V)Bandarísk þáttaröð um einstæða móður sem rekur gistihús í smábæ í Connecticut-fylki og dóttur hennar á unglingsaldri.
**21.15 Græna herbergið (4:6)** Þáttaröð þar sem Jónas Ingimundarson píanóleikari og Sigrún Hjálmtýsdóttir söngkona fjalla um tónlist og leika tóndæmi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Tvíeykið (2:8)** (Dalziel & Pascoe IV)Syrpa úr breskri þáttaröð um rannsóknarlögreglumenn sem fá til úrlausnar æsispennandi sakamál.

**23.15** Króníkan (18:20) **0.15** Kastljós **1.25** Dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Martha **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.10** Secrets of New York's Luxury Homes **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** Home Improvement **13.30** Veggfóður **14.15** LAX **15.00** Amazing Race 5 **16.00** Töframaðurinn **16.20** He Man **16.45** Shin Chan **17.10** Töfrastígvélin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** The Simpsons 15

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Strákarnir**
**20.05 Fear Factor (31:31)** (Mörk óttans 5)
▶ **20.50 Las Vegas 3 (4:22)** (Whatever Happened To Seymour Magoon?)Monica fjárfestir í lóð og hyggst byggja þar golfvöll. En babb kemur í bátinn þegar þar finnast líkamsleifar glæpaforingjans Seymour „Blue Jaw“Magoons sem réði ríkjum þar um slóðir á 5. áratug síðustu aldar. Bönnuð börnum.
**21.35 Prison Break (8:22)** Bönnuð börnum.
**22.20 My Life in Film (5:6)** Eftir endalaust strögl þá fær Art loksins tækifæri til að sanna sig.
**22.50 Twenty Four (8:24)** (24 )

**23.35** Mon Pere, ma mere, mes freres et mes soeurs **1.05** Nip/Tuck **1.50** We Were Soldirers (Str. b. börnum) **4.05** Kiss of Death (Str. b. börnum) **5.40** Fréttir og Ísland í dag **6.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ísland í dag**
**19.30 My Name is Earl (e)** (White Lie Christmas)
**20.00 Friends (20:24)**
**20.30 Idol extra 2005/2006** Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjörnuleitina.
▶ **21.00 American Dad (4:16)** (Rough Trade)
**21.30 Reunion (10:13)** (1995)
**22.15 Supernatural (6:22)** (Skin)Zach, vinur Sam, er sakaður um morð. Þegar Sam hittir Rebekku, systur Zach,segir Rebekka Sam að Zach hafi verið með sér þegar morðið var framið.Bönnuð börnum.

**23.00** Laguna Beach (14:17) **23.25** Extra Time – Footballers' Wive **23.50** Sirkus RVK (e) **0.20** Friends (20:24) **0.45** Idol extra 2005/2006 (e)

## SKJÁREINN

**7.00** 6 til sjö (e) **8.00** Dr. Phil (e) **8.45** Innlit / útlit (e)

**15.45** Sigtið (e) **16.15** The O.C. (e) **17.05** Dr. Phil **18.00** 6 til sjö

**19.00 Cheers**
**19.25 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 All of Us (e)**
▶ **20.00 How Clean is Your House** Bresku kjarnakonurnar Aggie MacKenzie og Kim Woodburn eru komnar vestur um haf og ætla að reyna að taka til í skítugustu húsunum í Bandaríkjunum.
**20.30 Heil og sæl**
**21.00 Innlit / útlit**
**22.00 Close to Home** Annabeth rannsakar dauða ungrar konu og þegar grunsamleg mynd af manni hinnar látnu og hinni grunuðu finnst fer Annabeth að hallast að því að hér sé um meira en slys að ræða.
**22.50 Sex and the City – 4. þáttaröð**

**23.20** Jay Leno **0.05** Survivor: Panama (e) **1.00** Cheers (e) **1.25** Fasteignasjónvarpið (e) **1.35** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 Gillette World Cup 2006** (Gillette World Cup 2006)
**19.05 Preview Show 2006**
▶ **19.35 Enska bikarkeppnin** (Birmingham – Liverpool) Bein útsending frá leik Birmingham og Liverpool í 8 liða úrslitum í enska bikarnum. Liðin hafa mæst 8 sinnum í enska bikarnum og hefur Rauði herinn umtalsvert betra vinningshlutfall eða rúmlega 60%. Hins vegar hefur Liverpool ekki unnið Birmingham í tvö ár í ensku deildinni.
**21.40 Iceland Expressdeildin** KR - Snæfell, þriðji leikur liðanna í 8-liða úrslitum.
**23.20 Destination Germany** (Spain + Costa Rica)
**23.50 UEFA Champions League**

**00.20 Ensku mörkin 00.45** Enska bikarkeppnin (Birmingham – Liverpool)

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Runaway Jury (Bönnuð börnum) **8.05** My House in Umbria **10.00** Innocence **12.00** The Five Senses **14.00** My House in Umbria **16.00** Innocence **18.00** The Five Senses **20.00 Runaway Jury** Ekkja stefnir byssumframleiðenda og krefst bóta. Lögfræðingarnir leggja sig alla fram en mega sín lítils því í kviðdómnum situr gjörspilltur maður. Bönnuð börnum. **22.05 White Oleander** Þroskasaga ungrar stúlku . Bönnuð börnum. **0.00** Love Liza (B. börnum) **2.00** Inside Out **4.00** White Oleander (B. börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** E! News Special **14.00** The E! True Hollywood Story **16.00** 50 Cutest Child Stars: All Grown Up **18.00** Rich Kids: Cattle Drive **19.00** E! News **19.30** Gastineau Girls **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Most Shocking Moments in Entertainment **22.00** The Soup **22.30** Wild On Tara **23.00** Party @ the Palms **23.30** Party @ the Palms **0.00** E! News **0.30** Gastineau Girls **1.00** The Soup **1.30** Wild On Tara **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**7.00** Að leikslokum (e) **8.00** Að leikslokum (e) **14.00** Man. City – Wigan frá 18.03 **16.00** Bolton – Sunderland frá 18.03 **18.00** Þrumuskot (e)

**19.00 Að leikslokum (e)**
**20.00 WBA – Man. Utd. frá 18.03**
**22.00 Arsenal – Charlton frá 18.03** Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.

**0.00** Þrumuskot (e) **1.00** Dagskrárlok



# VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Birmingham-Liverpool **Sýn**, kl. 19.45

## *Átta liða úrslit í enska bikarnum á Sýn*

*Mun fyrirliði Liverpool, Steven Gerrard, leiða lið sitt til sigurs í kvöld?*



Einungis átta lið eru eftir í elstu og virtustu bikarkeppni í heimi, ensku bikarkeppninni í knattspyrnu. Átta liða úrslitin hófust einmitt í gær og nú í kvöld mætir eitt sigurstranglegasta liðið til leiks, Liverpool, sem lagði sjálft Manchester United í 16 liða úrslitum. Mótherjar Liverpool að þessu sinni eru Birmingham, lið sem berst nú í bökkum í úrvalsdeildinni, sitjandi í þriðja neðsta sæti. Gengi liðanna hefur því verið æði misjafnt í vetur. En þrátt fyrir það, þá eiga þau það eitt sameiginlegt að bikarkeppnin býður upp á þeirra eina möguleika til að ná sér í bikar á þessu leiktímabili. Liðin hafa einnig átt ólíku gengi að fagna í bikarkeppninni. Á meðan Liverpool hefur sex sinnum orðið bikarmeistari og tólf sinnum komist alla leið í úrslit þá hefur Birmingham aldrei orðið bikarmeistari og aðeins tvisvar sinnum náð að komast í úrslitin.

## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | 3 | 5 | | 8 | | |
| | | 8 | | | | | | |
| | | | | | | 4 | 3 | 9 |
| | 4 | | | | 1 | | 6 | 7 |
| | | | | 2 | | | | |
| 2 | 8 | | 4 | | | | 9 | |
| 8 | 7 | 9 | | | | | | |
| | | | | | | 3 | | |
| | | 3 | | 6 | 7 | | 2 | |

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 9 | 5 | 6 | 7 | 3 | 1 | 2 | 8 |
| 1 | 7 | 3 | 8 | 4 | 2 | 6 | 9 | 5 |
| 6 | 8 | 2 | 1 | 9 | 5 | 4 | 3 | 7 |
| 2 | 1 | 4 | 3 | 8 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 9 | 6 | 7 | 5 | 2 | 4 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 3 | 8 | 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 4 |
| 3 | 5 | 1 | 4 | 6 | 7 | 9 | 8 | 2 |
| 7 | 2 | 6 | 9 | 3 | 8 | 5 | 4 | 1 |
| 8 | 4 | 9 | 2 | 5 | 1 | 3 | 7 | 6 |



▶ **7.00** *Fréttir*

ÍSLAND Í BÍTIÐ

## NFS

▶ **7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi

**18.00** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður
**19.45** **Brot úr dagskrá**
**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Íhverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006)Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
**22.30** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjáSigurðar G. Tómassonar.

**23.15** Kvöldfréttir/Íslandi í dag/íþróttir/veður **0.15** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.15** Fréttavaktin eftir hádegi **6.15** Hrafnaþing/Miklabraut

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **7.05** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.45** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Hugsað heim. **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Kvöldtónar **20.45** Kjarval, menningarsagan og samtíminn **21.25** Er ofbeldi fyndið? **22.15** Lestur Passíusálma **22.21** Til allra átta

**0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunútvarp Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Síðdegisútvarpið

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Ungmennafélagið **20.30** Konsert **22.00** Fréttir **22.10** Rokkland

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík síðdegis. **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 90,9 TALSTÖÐIN**
**FM 99,4 ÚTVARP SAGA**
**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying






## HRÓSIÐ

*...fær leikkonan Guðrún Ásmundsdóttir fyrir að leiðast þessi kalda peningahyggja en hún er komin út í pólitíkina og skipar þriðja sæti á lista Frjálslynda flokksins.*

## AÐ MÍNU SKAPI ÞORSTEINN LÁR RAGNARSSON ATHAFNAMAÐUR OG TÍVOLÍKÓNGUR Á SIRKUS

# *Nýtt líf, hiphop, fræðibækur og Reykjanesbær*

**TÓNLIST**
Ég aðhyllist mestmegnis hiphop og held mikið upp á Jay-Z sem hefur verið lengi í þessum leik en er alltaf jafn ferskur. Þá finnst mér The Roots afar góð grúbba, en hún sker sig úr fyrir að spila hiphop meira „live" en annars tíðkast.

**BÓK**
Ég gef mér sjaldan tíma til skáldsagnalesturs, en langi mig að upplifa skáldskap í afþreyingu vel ég frekar sjónvarpið. Hins vegar leita ég fróðleiks í öllu því sem ég tek mér fyrir hendur og les mikið í hverskyns fræðibókum, hvort sem það er um jarðfræði, mafíuna eða annað.

**BÚÐ**
Adidas Concept Store í New York, því þar fær maður skó sem maður veit að annar hver maður í hverfinu er ekki í nákvæmlega eins. Ég kaupi mér helst ekki föt né skófatnað á Íslandi, bæði vegna verðlags og lélegs vöruúrvals.

**BÍÓMYND**
Eftirlætið mitt er Nýtt líf með Eggerti Þorleifssyni, sem er einn besti leikari mannkynssögunnar, og ekki er þá Karl Ágúst Úlfsson síðri. Ég bíð enn framhaldsmyndar sem gerist á okkar tímum þar sem þeir félagar eru orðnir viðskiptabraskarar; um þeirra útrásarævintýri. Svo er Godfather-serían í uppáhaldi, en eftir að „24" byrjaði í sjónvarpinu hef ég séð að ekki er hægt að gera betri kvikmyndir.

**BORG**
Við Rottweiler-hundarnir fórum til Berlínar til að spila um árið og kynntumst borginni nokkuð vel með hjálp Gus Gushópsins, Páls Óskars, Egils Sæbjörnssonar og fleiri. Það er erfitt að lýsa áhrifunum, en þarna var góður fílingur í sögufrægri stórborg og ótrúlega gaman að vera.

**VERKEFNI**
Mitt hjartfólgnasta verkefni er að koma Reykjanesbæ almennilega á kortið sem ákjósanlegri stað fyrir ferðamenn. Þá erum við Lúðvík Páll Lúðvíksson saman með þáttinn Tívolí á Sirkus þar sem við útrýmum þeirri grunnhyggni sem ríkt hefur í íslenskri dagskrárgerð. Markmið okkar er að vinna til næstu Eddu-verðlauna.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LÁRÉTT**
**2** eldhúsáhald **6** vafi **8** á kind **9** loka **11** verkfæri **12** algjörlega **14** fótþurka **16** samtök **17** þrá **18** dýrahljóð **20** tveir eins **21** tröll.

**LÓÐRÉTT**
**1** hylja **3** tveir eins **4** föruneyti **5** einkar **7** þreifiangi **10** síðan **13** skammstöfun **15** ilma **16** for **19** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2** ausa, **6** ef, **8** ull, **9** lás, **11** al, **12** alveg, **14** motta, **16** aa, **17** von, **18** urt, **20** gg, **21** risa. **LÓÐRÉTT:** **1** fela, **3** uu, **4** slagtog, **5** all, **7** fálmari, **10** svo, **13** etv, **15** anga, **16** aur, **19** rs.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á síðu 8

1. Hlíðarfjall.
2. Helguvík.
3. AZ Alkmaar.

**Fréttablaðið er smáauglýsingablaðið**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

## FJÖLNIR ÞORGEIRSSON: OPNAR NÝJA VEFSÍÐU

# Fæddist með hestadellu

Fjölni Þorgeirssyni er margt til lista lagt eins og alþjóð veit. Hann hefur verið bílasali, mikill þolfimimaður, snókermeistari, þáttastjórnandi og bóndi svo eitthvað sé nefnt. Á tímabili var hann einn frægasti kærasti í heimi, en það var áður en hann fann hina einu sönnu ást. Eftir að hafa verið svo áberandi í íslensku þjóðlífi var eins og jörðin hefði gleypt hann en athafnamaðurinn hefur síður en svo setið með tvær hendur tómar. Hann hefur sinnt hestamennsku af miklum krafti og hefur nú opnað nýjan vef fyrir hestamenn undir nafninu hestafrettir.is.

Fjölnir var staddur fyrir austan fjall, nánar tiltekið á Seti nálægt Hellu, þegar Fréttablaðið hafði uppá honum. „Þetta er eitthvað sem hefur aldrei verið gert áður því þarna geta menn séð allt um ætt stóðhestsins og séð ganginn á honum í mjög góðum gæðum á vefnum," svarar Fjölnir þegar hann er inntur eftir kostum vefsins. „Við ætlum okkur að verða brautryðjendur á þessum vettvangi enda hafa hestamenn lítið getað fræðst um hestana á vefnum hingað til," bætir hann við og væntanlega var kominn tími til að þarfasti þjónninn tók vefinn í sína þjónustu. Eiginkona Fjölnis, Mailinn Solér, hefur tekið að sér að þýða innihaldið yfir á ensku og norsku þannig að erlendir áhugamenn um íslenska hestinn geta einnig notfært sér vefinn.

Fjölnir heldur vart vatni yfir hestamennskunni sem átt hefur hug hans ansi lengi. „Ég var í sveit á Njúpi í Fljótshlíð frá sex til sextán ára aldurs og komst þar í kynni við hestamennskuna," útskýrir hann en síðan tóku aðrar íþróttir við sem Fjölnir náði betri tökum á að eigin mati. „Þegar ég komst síðan aftur í kynni við hestana var ekki aftur snúið," bætir hann við. „Þetta er því væntanlega eitthvað sem ég hef fæðst með," segir hann.





**FJÖLNIR OG MAILINN** Sjá um nýjan vef sem hefur að geyma fjölbreyttar upplýsingar um íslenska hestinn þar sem meðal annars má sjá lifandi myndir af gangi stóðhesta.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Íslenski hesturinn er mjög vinsæll á Norðurlöndunum og í Þýskalandi en hefur einnig verið að hastla sér völl í Bandaríkjunum að undanförnu. "Sú markaðssetning krefst meiri tíma en þeir eru í síauknu mæli að falla fyrir íslenska hestinum," segir Fjölnir sem hefur sínar skýringar á þessum vinsældum og segir þær nátengdar því umhverfi sem hesturinn er alinn uppí. „Íslenska viðhorfið er að við séum langbest, hvar sem okkur ber niður og ætli hesturinn hafi ekki tileinkað sér það," segir Fjölnir og hlær.

**freyrgigja@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ekki er eftir litlu að slægjast á Músíktilraunum sem hófust í gærkvöldi, því fyrr um daginn gengu Tónabær, Hitt húsið og Icelandair frá samstarfssamningi sem felur meðal annars í sér tvo stóra vinninga fyrir sigurhljómsveit Músíktilrauna 2006 en eins og margir muna vann **Jakobínarína** í fyrra með miklum glæsibrag. Í fyrsta lagi fá sigurvegararnir góðan stað til að spila á Iceland Airwaves í haust en einnig verður þeim boðið til Manchester á Englandi, þar sem þeir fara á tónleika og skoða hljóðver. Þáttakandur í Músíktilraunum eru oftar en ekki af yngri kynslóðinni og verður séð til þess að þeir fari út í fylgd með fullorðnum, því gert er ráð fyrir að tveir starfsmenn Tónabæjar og Hins hússins og tveir foreldrar verði með í för.



Úrslit réðust í Íslandsmeistarakeppni Nýhils í ömurlegri ljóðlist á föstudag og voru kunngjörð samdægurs með pomp og prakt í Kastljósi. Keppnin var hörð, um 200 ljóð send inn í keppnina og þóttu hvert öðru verra. Eyrún Edda Hjörleifsdóttir bar þó sigur úr býtum fyrir ljóðið Nafnlaust, hvar hún orti meðal annars um „kakódýrið [sem] brokkar valhoppandi gegnum nóttina." Annað og þriðja sæti hrepptu Örn Úlfar Sævarsson og Skúli Þórðarsson. Þótt ljóð þeirra allra séu sannarlega ömurleg þótti dómnefndinni reyndar annað ljóð sínu lélegra - leirburður um bráðnað sandkorn í sólinni eftir skáld sem orti undir dulnefninu Tandri Árdal. Allt leit út fyrir að Tandri stæði með pálmann í höndunum þar til í ljós kom að maðurinn bakvið dulnefnið var Viðar Þorsteinsson, einn af forsprökkum Nýhils hópsins. Þótti **Eiríki Erni Norðdahl**, formanni dómnefndar, ótækt að Viðar hreppti hnossið og féll það því Eyrúnu Eddu í skaut. Í verðlaun voru bækur frá Nýhil og getur Viðar því víst huggað sig við að hann hefur lesið þær allar. **-bs**






# Hestavandræði Stardust

Kvikmyndatökulið fyrir myndina Stardust sem leikstýrt er af Matthew Vaughn er væntanlegt hingað til lands um næstu helgi og verður það að störfum í tvo daga á suðaustur horninu í grennd við Höfn. Engar stórstjörnur er væntanlegar hingað vegna komunnar og er þetta nokkuð minna umfang en búist hafði verið við. Ætlunin er að taka upp í vetrarhörkunum en ákvörðun um frekari tökur hér á landi hefur ekki verið tekin. Stardust er ævintýramynd sem gerist á óræðum tíma á óræðum stað og því hentaði landið mjög vel fyrir hana.

Að sögn Helgu Margrétar Reykdal hjá True North fyrirtækinu, sem hefur veg og vanda af komu kvikmyndatökuliðsins hingað til lands, eru þetta viss vonbrigði. „Aðstandendur myndarinnar vildu mjög gjarnan taka upp mestan hluta af vetrartökunum hér á landi," útskýrir hún en það er íslenski hesturinn sem kemur í veg fyrir það. „Það má ekki flytja hesta hingað til landsins vegna þess að íslenski hesturinn hefur verið einangraður öldum saman og er mjög viðkvæmur fyrir utanaðkomandi sjúkdómum," segir hún og nefnir sem dæmi að einu sinni hafi það verið reynt með þeim afleiðingum að hross sýktust.

Helga Margrét vildi þó ekki útiloka að frekara framhald gæti orðið enda ætluðu aðstandendur myndarinnar að skoða hug sinn eftir að tökum hér lyki. Aðspurð hvort ekki væri hægt að nýta okkar ástkæru hross sagði hún svo ekki vera. „Við eigum því miður ekki neinar „kvikmyndastjörnur" af því kyni," útskýrði hún og taldi frekar ólíklegt að hægt væri að klippa þá inní heildarmyndina. **-fgg**



**HELGA MARGRÉT** Aðstandendur myndarinnar Stardust eru væntanlegir hingað til lands um næstu helgi en ákvörðun um frekari tökur verður tekin síðar.






Valhúsgögn heldur upp á **45 ára afmæli** um þessar mundir. Af því tilefni gefum við þér **kr. 45.000.- afmælisafslátt** af þessu vandaða og afar þægilega sófasetti með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa

Verð áður kr. 144.000.-

**Verð nú aðeins kr. 99.000.-**



Valhúsgögn heldur upp á **45 ára afmæli** um þessar mundir. Af því tilefni gefum við þér **kr. 45.000.- afmælisafslátt** af þessum vandaða og afar þægilega 5 sæta hornsófa. með slitsterku áklæði sem auðvelt er að þrífa

Verð áður kr. 144.000.-

**Verð nú aðeins kr. 99.000.-**

**www.valhusgogn.is**

Röltu um verslunina okkar í rólegheitum á netinu með nýja 360° sýningarkerfinu okkar - Þetta verður þú að prófa!

**Fagmennska í 45 ár**

Valhúsgögn

Ármúla 8 - 108 Reykjavík

**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

**Opið kl. 10-18 - Laugard. 11-16**

KORTER.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



LAGERSALA SENU
TÓNLIST · TÖLVULEIKIR · DVD

OPIÐ 11-19 ALLA DAGA!
FRÁ 199,-
LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28
(GAMLA WORLD CLASS HÚSINU)
...GERÐU BESTU KAUPIN ▶
sena




BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR

## *Fardagar*

Jæja, nú væri til dæmis hægt að skrifa um ástarsambandið á Miðnesheiði sem er að ljúka með niðurlægingu og skömm. Gestgjafar hanga með fýlusvip í fatahenginu en hjá dátum eru fardagar í aðsigi. Svo væri líka hægt að spekúlera í því hvort tveir vinir hafi gert sér dagamun um helgina í tilefni af því að þrjú ár eru liðin frá innrás í Írak með einlægum stuðningi fóstbræðranna. Hjá hersveitum í Írak eru fardagar ekki í sjónmáli. Þá gæti maður líka spáð í Baugssýknunina sem varð til þess að til er orðin grúppan Geislabaugur. Þó væri ef til vill frekar við hæfi að huga að olíugreifunum og velta fyrir sér þeirra högum og ferðalögum. Svo mætti hafa nagandi bakþanka yfir síauknu náttúruleysi yfirvalda og virkjanafári sem ekki sér fyrir endann á.

**EINS VÆRI** hægt að vera hugsi yfir minnkandi bóklestri og hlýnun andrúmslofts. Svo væri líka tilvalið að gefa gaum að lygilega flinkum krökkum sem vikulega standa eins og atvinnumenn frammi fyrir alþjóð og keppa um titilinn Ædol- poppstjarna ársins. Þau fá landsmenn til að dæsa og slá sér á lær yfir einstökum hæfileikum og óbilandi stáltaugum frónskra ungmenna. Annars gæti maður líka velt fyrir sér birkikvistinum úti í garði sem er í tilvistarkreppu og heldur að það sé komið vor. Svo væri líka hægt að huga að heilsufarinu – minna sig á fjörefnin, stafgöngur, teygjuæfingar, tannþræði og armbeygjur á eldhúsgólfinu.

**ÞAÐ MÆTTI** líka rifja upp eina litla sögu af meðalaglasi með hvítu dufti í sem úthverfabússa fann í jeppa spúsa síns á dögunum. Eftir mikla eftirgrennslan þar sem öll fjölskyldan lá undir grun um harða eiturlyfjaneyslu kom þó í ljós að glasið átti gömul amma. Í því var ekki sterkara efni en kalk úr kúskel-remedía sem ku vera prýðileg fyrir tennur og bein.

**EN ÉG** ætla ekki að skrifa um þetta. Hjá mér eru komnir fardagar og við hæfi að nota tækifærið og þakka þeim sem ég hef átt stefnumót við á baksíðunni á þriðjudagsmorgnum. Ég þakka lesturinn, bréf og blómvendi, tölvupóstinn allan og ótal ánægjuleg símtöl og samtöl í kjölfar bakþanka sem staðið hafa samfleytt í fimm ár. En, sem sagt „nu er det slut," eins og kallinn sagði.


www.volkswagen.is




**Nýr Passat býðst með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.**

**Verð frá 2.150.000 kr.**

Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlalæsivörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), loftkælingu og loftræstingu (AC), rafræna handbremsu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLL ÁRSINS 2006 BÍLABLAÐAMANNA

**Bandalag íslenskra bílablaðamanna valdi Volkswagen Passat bíl ársins í flokki stærri fjölskyldu- og lúxusbíla.**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is




4,35% VEXTIR

**FRJÁLS ÍBÚÐALÁN**

Okkar markmið er að veita framúrskarandi þjónustu á sanngjörnum kjörum. Komdu til okkar í **Lágmúla 6**, hringdu í **540 5000** eða sendu okkur póst á **frjalsi@frjalsi.is**. Við viljum að heima sé best!

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN